


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn








# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
2. febrúar 2011
27. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




Í óbyggðum Patagóníu
*Ganga í 42 daga klyfjaðar vistum í allt að 35 gráðu frosti.*
**allt 1**



Sædýrasafnið í París
*Björn Hlynur sýnir með íslenskum leikhópi í París.*
**fólk 30**

Engin kreppa í enska
*Ensk félög eyddu 42 milljörðum íslenskra króna í janúarglugganum.*
**sport 26**



**veðrið í dag**




**STORMUR SYÐST** Stíf NA- eða A-átt í dag en heldur hægari NA-til. Stormur við S-ströndina í nótt. Víða snjókoma eða él. Hiti breytist lítið.
VEÐUR 4

# Íbúðalánasjóð skortir lagaheimild til færa niður lán

**Íbúðalánasjóður getur ekki afgreitt umsóknir um niðurfærslu lána fyrr en Alþingi hefur breytt lögum um sjóðinn. Skuldarar þurfa að bíða í einhverjar vikur eftir lagasetningunni og lokaafgreiðslu sjóðsins.**

**EFNAHAGSMÁL** Íbúðalánasjóði skortir heimild í lögum til að afgreiða umsóknir um niðurfærslu fasteignalána. Velferðarráðherra segir að lagabreyting sé á leiðinni inn í þingið. Ljóst er að skuldarar þurfa að bíða töluvert lengur en vonir stóðu til þegar samkomulag um aðlögun fasteignalána var undirritað um miðjan janúar.

Þeir 33 milljarðar sem stjórnvöld hafa lagt sjóðnum nægir ekki til að mæta þörfum sjóðsins, segir Sigurður Snævarr, ráðgjafi forsætisráðherra í efnahags- og atvinnumálum. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að breyta þurfi lögum um Íbúðalánasjóð svo sjóðurinn hafi heimild til niðurfærslu fasteignalána. „Sú lagabreyting, sem er tillaga mín og ríkisstjórnarinnar, er á leiðinni inn í þingið en það er alveg klárt að staðið verður við samkomulagið eins og það er.“

Um 47. grein laga um húsnæðismál [laga um ÍLS] er að ræða en hana má skilja þannig að einungis megi fella niður þann hluta láns sem þegar er sjóðnum tapaður. „Menn vilja styrkja þetta ákvæði um afskriftir til að framkvæmdin sé örugglega lögleg,“ segir Guðbjartur.

Aðspurður um hvort þetta hefði ekki legið fyrir þegar skrifað var undir samkomulag um aðlögun fasteignalána um miðjan janúar segir Guðbjartur að það hafi verið álitamál hvort lagabreytingu þyrfti eða hvort að heimild til afskrifta væri nægilega skýr.

Sigurði Snævarr segir að stjórnvöld hafi þegar lagt sjóðnum til 33 milljarða króna til að styrkja eiginfjárstöðu hans og mæta afskriftum. „En þeir þurfa meira og það þarf að ganga frá lögum til að hægt sé að setja meira fé inn í sjóðinn.“

Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri ÍLS, vildi lítið tjá sig um málefni sjóðsins þegar eftir því var leitað. Hann segir að verið sé að fullvinna verklagsreglur sem sé flókið. Hann segir ljóst að fyrstu umsóknir um niðurfærslu lána verði ekki afgreiddar fyrr en eftir tvær til þrjár vikur.

Frá því að samkomulagið var undirritað hafa 300 sótt um niðurfærslu lána en Sigurður á von á því að níu þúsund fasteignaeigendur muni sækja um áður en yfir lýkur. **- shá**



**BAULAÐ Á BORGARSTJÓRANN** Tónlistarnemar og aðstandendur þeirra fjölmenntu að Ráðhúsi Reykjavíkur í gær til að mótmæla niðurskurði í tónlistarnámi. Lítil ánægja var með skýringar Jóns Gnarr borgarstjóra á niðurskurðinum og bauluðu fundarmenn á Jón þegar hann ávarpaði hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dómur í Bandaríkjunum:

## Actavis sektað um 20 milljarða

**VIÐSKIPTI** Actavis í Bandaríkjunum var í gær dæmt af dómstóli í Texas til að greiða 170 milljónir dala í sekt, eða jafnvirði tuttugu milljarða íslenskra króna. Fyrirtækið er sektað fyrir að hækka verð á samheitalyfjum til þess að fá meira út úr sjúkratryggingum þar í landi (Medicaid.)

Lyfsali í Flórída kærði málið en samkvæmt Bloomberg fréttaveitunni komst kviðdómur í Austin, höfuðborg Texas, að þeirri niðurstöðu að tvær starfsstöðvar Actavis; Mid-Atlantic LLC and Actavis Elizabeth LLC, hafi gerst brotlegar.

Greg Abbott, saksóknari í Texas, segir í frétt Bloomberg um málið að þeir sem reyni að svíkja fé með þessum hætti, úr vösum skattgreiðenda, verði hundeltir. Sektin sem Actavis þarf að greiða er með þeim hæstu sem lyfjafyrirtæki hafa þurft að greiða vegna sambærilegra mála. **- shá**




Nefnd flokkanna á að leggjast yfir þá kosti sem eru uppi í stjórnarskrármálinu:

## Staðan metin á fjórtán dögum

**STJÓRNMÁL** Nefnd stjórnmálaflokkanna, undir formennsku fulltrúa forsætisráðherra, á að greina stöðuna sem uppi er eftir ógildingu Hæstaréttar á kosningu til stjórnlagaþings og meta hvaða leiðir eru vænlegastar til að endurskoða stjórnarskrána.

Þetta varð niðurstaða fundar forystumanna flokkanna í gær. Á nefndin að skila af sér 15. febrúar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir sinn vilja óbreyttan; halda beri stjórnlagaþing. Kveðst hún telja góðan meirihluta fyrir þeirri leið á Alþingi.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti í gær yfir vilja til að Alþingi hæfist þegar handa við endurskoðun stjórnarskrárinnar, án millileikja. Rætt verði um auðlindaákvæði, þjóðaratkvæðagreiðslur, forsetaembættið, dómstólana og önnur atriði sem þarfnist skýringar og endurskoðunar.

Innt eftir viðbrögðum við yfirlýsingu Bjarna segist Jóhanna hafa reynslu úr fortíðinni af tilraunum flokkanna til að endurskoða stjórnarskrána. Í ljósi hennar þurfi að fela stjórnlagaþingi verkefnið. **- bþs**






## SPURNING DAGSINS



*Þorbjörg, heldurðu að andstaðan við aspirnar eigi sér djúpar rætur?*

„Svipað djúpar og Besti flokkurinn á í pólitík.“

Besti flokkurinn hyggst uppræta aspir í miðborginni og telur stórar rætur trjánna valda skemmdum. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, er ósammála þeirri stefnu.

Sérfræðingar segja að ákvörðun æðsta stjórnvalds landsins um stjórnlagaþingskosningar verði ekki hnekkt:

# Telja útilokað að kæra ákvörðun Hæstaréttar

**STJÓRNSÝSLA** Ákvörðun Hæstaréttar um að ógilda niðurstöðu stjórnlagaþingskosninganna verður ekki borin undir dómstóla. Þetta er samdóma álit lagaprófessoranna Sigurðar Líndal og Róberts Spanó, forseta lagadeildar HÍ, og Magnúsar Thoroddsen, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Að sögn Róberts var niðurstaða Hæstaréttar ekki dómur heldur ákvörðun sem rétturinn tók á grundvelli dómstólalaga og ákvæða laga um stjórnlagaþing. Spurður hvort þetta þýði að hægt sé að bera gildi ákvörðunar Hæstaréttar undir héraðsdóm í almennu einkamáli segir Róbert svo ekki vera. „Lögfræðilega þá er niðurstaða Hæstaréttar í þessu máli endanleg niðurstaða í íslensku réttarkerfi. Samkvæmt einkamálalögum eiga dómstólar vald til að dæma um öll mál sem lög og landsréttur ná til nema þau séu skilin undan lögsögu þeirra, m.a. samkvæmt lögum eða eðli sínu. Þarna ákveður löggjafinn að fela æðsta dómsvaldi þjóðarinnar að kveða upp úr um lögmæti þessara kosninga og þar með er löggjafinn að mæla fyrir um það að úr málinu verði leyst á einu stigi og þá endanlega. Er það m.a. gert til að endanlegar lyktir þrætu um gildi kosninganna fáist sem allra fyrst. Með því er ákvörðun Hæstaréttar eðli sínu samkvæmt skilin undan lögsögu almennra dómstóla. Slíku máli ætti því að vísa frá dómi að mínu áliti“, segir Róbert. Hins vegar sé ekki útilokað að hægt sé að bera ákvörðun Hæstaréttar undir Mannréttindadómstól Evrópu.



RÓBERT R. SPANÓ



SIGURÐUR LÍNDAL

Sigurður er sammála. Ef héraðsdómur tæki málið til meðferðar yrði því þá væntanlega áfrýjað aftur til sérskipaðs Hæstaréttar sem þá dæmdi um niðurstöðu hins eiginlega Hæstaréttar. „Mér finnst það ekki ganga upp. Ég verð eiginlega að skilja þetta svo að þetta sé endanleg ákvörðun.“ **- sh**



**BORGARNES** Lagt er til að selja eignarhlut í Faxaflóahöfnum til að grynnka á skuldum.

Tillaga í Borgarbyggð:

## Höfnin seld upp í skuldir

**SVEITARSTJÓRNIR Fulltrúar Samfylkingarinnar, sem eru í minnihluta í byggðaráði Borgarbyggðar, vilja að 4,84 prósenta eignarhluti sveitarfélagsins í Faxaflóahöfnum verði seldur.**

**„Skuldastaða sveitarfélagsins er með þeim hætti að eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur lagt á það áherslu að unnið verði markvisst að lækkun skulda. Í því skyni leggjum við fulltrúar Samfylkingarinnar í Borgarbyggð fram þá tillögu að sett verði af stað vinna við verðmat á eignarhluta Borgarbyggðar í Faxaflóahöfnum. Í kjölfarið verði hluturinn seldur ef kaupendur finnast og sveitarstjórn telur verðið viðunandi,“ segir í tillögunni en afgreiðslu hennar var frestað. - gar**

Olíutunnan yfir 100 dollara:

## Ekki hærri síðan árið 2008

**VIÐSKIPTI** Heimsmarkaðsverð á olíu er komið yfir 100 dollara á tunnuna í fyrsta skipti síðan á miðju ári 2008.

Brent-olían er í 100 dollurum og 30 sentum og hefur hækkað um 7,7 prósent síðustu tvo daga. Norðursjávarolían er í rúmum 101 dollara á tunnuna. Ástandið í Egyptalandi og ótti við að það geti valdið því að lokað verði fyrir vöruflutninga um Súezskurð veldur hækkununum.Um skurðinn eru fluttar rúmlega tvær milljónir olíutunna á dag.

# Mubarak ætlar sér að sitja til kosninga

**Forseti Egyptalands lofar umbótum á stjórnarskrá. Hann ætlar að sitja fram að kosningum í september en býður sig ekki fram að nýju. Hundruð þúsunda kröfðust í gær afsagnar forsetans í fjölmennustu fjöldamótmælunum til þessa.**

**EGYPTALAND** Hosni Mubarak, forseti Egyptalands, tilkynnti í sjónvarpsávarpi seint í gærkvöldi að hann ætlaði að beita sér fyrir umbótum á stjórnarskrá landsins, og að hann muni stíga til hliðar eftir forsetakosningar í september.

Hundruð þúsunda Egypta flykktust út á götur í borgum landsins og kröfðust afsagnar Mubaraks í gær. Mótmælin voru þau fjölmennustu hingað til, en mótmælt hefur verið síðustu vikuna í landinu.

Talið er ólíklegt að mótmælendur sætti sig við að Mubarak sitji fram að kosningum í september. Þess hefur verið krafist að hann víki í síðasta lagi á föstudag. Mohamed ElBaradei, einn leiðtoga stjórnarandstöðunnar sagði við BBC í gærkvöldi að Mubarak yrði að víkja strax, ekki í september.

Erlendum fréttastofum ber ekki saman um fjölda mótmælenda. Flestir telja að nokkur hundruð þúsunda hafi mótmælt í Kaíró, höfuðborg landsins. Fréttastöðin Al-Jazeera fullyrti að yfir ein milljón manns hafi mótmælt í borginni. Mótmælt var víða í borgum landsins í gær.

Mótmælin í Kaíró fóru friðsamlega fram. Hermenn umkringdu torgið þar sem mótmælendur söfnuðust saman. Þeir leituðu á þeim sem þangað komu til að koma í veg fyrir að fólk bæri vopn, en létu mannfjöldann að öðru leyti að mestu óáreittan. Yfirstjórn hersins hefur heitið því að grípa ekki inn í til að stöðva mótmælin.

Mubarak, sem er 82 ára, hefur verið við völd í Egyptalandi í 30 ár. Hann lagði á það áherslu í ávarpi sínu í gær að á honum hvíldi sú skylda að sjá til þess að stjórnarskipti í landinu verði án átaka.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra lýsti á Alþingi í gær áhyggjum af stöðu mála í Egyptalandi og fordæmdi hörku egypskra stjórnvalda gagnvart mótmælendunum. Í tilkynningu frá ráðuneytinu kemur fram að allt að 300 hafi látist frá því mótmælin hófust.

brjann@frettabladid.is



**MÓTMÆLI** Hundruð þúsunda mótmæltu á Tahrir-torgi í Kaíró í gær. Fólkið krafðist tafarlausrar afsagnar Hosni Mubarak forseta landsins. NORDICPHOTOS/AFP



**ÁVARP** Hosni Mubarak, forseti Egyptalands, reyndi að lægja öldurnar í sjónvarpsávarpi í gærkvöldi. NORDICPHOTOS/AFP

### Ríkisstjórn rekin

Konungur Jórdaníu rak í gær ríkisstjórn landsins á einu bretti og skipaði nýjan forsætisráðherra. Þetta er talið vera svar konungsins við mótmælum í borgum landsins þar sem umbóta er krafist.

Mótmælendur kröfðust aðgerða vegna atvinnuleysis og verðhækkana, og vilja að konungurinn afsali sér réttinum til að velja forsætisráðherra í hendur þjóðarinnar.

Abdullah konungi er sagt mikið í mun að koma í veg fyrir fjöldamótmæli eins og þau sem hröktu stjórnina í Túnis frá völdum og skekja nú stjórnvöld í Egyptalandi.



**VERKFALLSVERÐIR** Starfsmenn í Eyjum búast við átökum eftir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Bræðsluverkfall í Eyjum:

## Verkfallsverðir að gera klárt

**KJARAMÁL** Starfsmenn fiskimjölsverksmiðja í Vestmannaeyjum komu saman í gær til að undirbúa verkfall sem boðað er í næstu viku. Afhent voru vesti og hjálmar þar sem tilgreint er á íslensku, ensku og pólsku að þar sé verkfallsvörður á ferð.

Arnar Hjaltalín, formaður Drífanda, býst fastlega við að til verkfalls komi þótt vonir standi til að atvinnurekendur verði við kröfum stéttarfélaganna. „Við búumst við átökum og viljum því hafa vaðið fyrir neðan okkur.“ Arnar vill ekki segja til um í hverju þau átök felist sem hann vísar til.

Félagsmenn Afls á Austurlandi og Drífanda í Vestmannaeyjum hafa samþykkt að boða til verkfalls 7. febrúar í átta bræðslum í þrjá daga. **- shá**

Hreyfingin vill ekki Icesave:

## Samningur of áhættusamur

**ALÞINGI Hreyfingin telur nýja Icesave-samninginn of áhættusaman til að hægt sé að samþykkja hann. Þetta kemur fram í nefndaráliti Þórs Saari, þingmanns Hreyfingarinnar, sem sæti á í fjárlaganefnd Alþingis.**

**Þór segir í nefndarálitinu að skuldsetning ríkissjóðs og þjóðarbúsins sé nú þegar við þolmörk eða komin yfir þau og því sé of áhættusamt að bæta við skuld vegna Icesave sem geti numið 233 milljörðum króna. - jhh**




Framtakssjóðurinn hafnaði tilboði Triton í erlenda starfsemi Icelandic Group:

# Buðu 47,8 milljarða í Icelandic

**VIÐSKIPTI** Samningaviðræðum Framtakssjóðs Íslands og fjárfestingasjóðsins Triton um kaup þess síðarnefnda á erlendri starfsemi Icelandic Group hefur verið hætt. Triton bauð 300 milljónir evra í Icelandic eftir ítarlega skoðun, jafnvirði 47,8 milljarða króna.

„Það náðist ekki saman um verð, tilboð sem Framtakssjóðnum barst frá Triton var ekki ásættanlegt,“ segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins.

Carl-Evald Bakke-Jacobsen, meðeigandi í Triton, segir viðræðuslitin hafa komið verulega á óvart. „Við buðum verulega háa upphæð í Icelandic, mun hærra en aðrir eru tilbúnir að borga.“

Hann segir Triton hafa viljað nota Icelandic Group sem grunn að fisksölurisa á heimsvísu og ætlunin hafi verið að eyða háum fjárhæðum í að stækka fyrirtækið.



**GAGNRÝNI** Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, segir slit á viðræðum við Triton ekki tengjast gagnrýni annarra áhugasamra kaupenda á söluferlið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðræður Framtakssjóðsins við Triton voru harðlega gagnrýndar af öðrum áhugasömum kaupendum, sem töldu söluferlið fjarri því að vera opið eða gagnsætt. Finnbogi segir að viðræðuslitin tengist ekki þeim gagnrýnisröddum.

Bakke-Jacobsen er ekki sannfærður. Hann segir að þar sem tilboð Triton hafi verið mjög hátt sé erfitt að sjá ákvörðun um viðræðuslit sem annað en viðbrögð við þessari gagnrýni.

Nú stendur til að setja verksmiðjur Icelandic í Bandaríkjunum og framleiðslustarfsemi í Kína í opið söluferli. Ekki stendur til að selja verksmiðjur í Evrópu, sölukerfi Icelandic um heim allan eða vörumerki félagsins.

Bakke-Jacobsen segir það óráð að brjóta fyrirtækið upp. Á þessum markaði þurfi fyrirtækið að vera stór og öflug til að lifa af og skila hagnaði. **- bj**


FRUMSÝNING Í KVÖLD
TACO BELL BÝÐUR ÞÉR FYRSTA ÞÁTTINN Í OPINNI DAGSKRÁ
AÐEINS
2.890 KR.
Á MÁNUÐI
Hringdu núna og tryggðu þér áskrift í síma 595 6000 eða farðu inn á skjareinn.is
NÝTT
WALKING DEAD
NÝTT
THE DEFENDERS
thegoodwife
NÝTT
HAWAII FIVE-O
TopGear
lifeUNEXPECTED
CSI: MIAMI
CSI
NÝTT
HA?
BLUE BLOODS
Á miðvikudagskvöldum kl: 21.00
Frá framleiðendum Sopranos: Þáttaröðin Blue Bloods með Tom Selleck í fylkingarbrjósti, um Reagan-fjölskylduna og lögregluna í New York.
Horfðu á uppáhaldsþáttinn þinn í SkjáFrelsi þegar þér hentar.
TACO BELL
EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP
SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

**GENGIÐ 01.02.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,35 | 115,91 |
| Sterlingspund | 185,88 | 186,78 |
| Evra | 158,37 | 159,25 |
| Dönsk króna | 21,241 | 21,365 |
| Norsk króna | 20,06 | 20,178 |
| Sænsk króna | 17,961 | 18,067 |
| Japanskt jen | 1,4131 | 1,4213 |
| SDR | 180,78 | 181,86 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,248

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**SAMIÐ** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra, Guðrún Pálsdóttir bæjarstjóri og Steini Þorvaldsson, formaður stjórnarnefndar um málefni fatlaðra skrifuðu undir samkomulagið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Húsnæði fatlaðra ábótavant:

## Endurnýjað á kostnað ríkisins

**KÓPAVOGUR** Framkvæmdasjóður fatlaðra mun leggja 27 milljónir króna í endurnýjun á húsnæði fyrir fatlað fólk í Kópavogi. Skrifað var undir samkomulag þess efnis í gær.

Eftir að málefni fatlaðra voru færð frá ríki til sveitarfélaga um áramót kom í ljós að húsnæði við Borgarholtsbraut í Kópavogi var mjög ábótavant. Þar búa fimm fatlaðir einstaklingar, að því er fram kemur í tilkynningu frá Kópavogsbæ. - bj

Uppsagnir á Læknavaktinni:

## Stefnt að því að semja sem fyrst

**HEILBRIGÐISMÁL Öllum starfsmönnum Læknavaktarinnar, 110 manns, var sagt upp störfum í fyrradag en samningur Læknavaktarinnar við heilbrigðisráðuneytið rann út um áramótin. Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinu er stefnt að því að ná samningum sem fyrst.**

**Læknavaktin hefur venjulega samið við ráðuneytið til eins árs í senn. Forsvarsmenn Læknavaktarinnar vildu ekki tjá sig um málið en samkvæmt heimildum setti ráðuneytið fram nokkur skilyrði fyrir endurnýjun á samningum.** - bl

Stjórn Samtaka atvinnulífsins segir verkföll geta valdið gríðarlegu tjóni:

# SA hafnar „ofurkröfum“

**KJARAMÁL** Stjórn Samtaka atvinnulífsins (SA) ályktaði á fundi sínum í gær að ekki sé unnt að mæta „ofurkröfum einstakra hópa“ innan verkalýðshreyfingarinnar. Bætir stjórnin því við að hópar þessir geti valdið samfélaginu „gríðarlegu tjóni“ fylgi þeir kröfum sínum með verkföllum.



**VILHJÁLMUR EGILSSON** Formaður SA segir ekki ganga upp að hækka laun eins hóps í fyrirtæki um tugi prósenta.

Eins og fram hefur komið í fréttum hafa bræðslumenn boðað til verkfalls í mánuðinum, semjist ekki á næstunni.

„Ef menn ætla að hækka laun eins hóps í fyrirtæki um tugi prósenta, hvað verður þá um næsta hóp. Þetta er formúla sem gengur ekki upp,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, í samtali við Fréttablaðið.

Stjórn SA hvetur til þess að aðilar vinnumarkaðarins, ríkisstjórn og Alþingi sameinist um „atvinnuleið“, með þriggja ára samningum þar sem áhersla er lögð á kaupmáttaraukningu, lága verðbólgu og minna atvinnuleysi.

SA ítrekar einnig í ályktun sinni áherslu samtakanna á að sátt náist um fiskveiðikerfið. Sú krafa hefur valdið nokkurri kergju meðal viðsemjenda SA, sem segja samtökin taka kjaraviðræður í gíslingu með þeim kröfum. - þj

# Staða íslenskunnar verði tryggð í lögum

**Staða íslenskrar tungu og íslensks táknmáls verður lögfest, samkvæmt frumvarpi sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur kynnt. Stjórnvöldum ber að tryggja að íslenska verði nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.**

**STJÓRNMÁL** „Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.“ Svo hljóðar fyrsta grein frumvarps til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls sem mennta- og menningarmálaráðherra kynnti á ríkisstjórnarfundi í gær.

Frumvarpið er byggt á tillögu nefndar ráðherra um málið. Því er ætlað að festa í lög stöðu íslenskrar tungu, mæla fyrir um varðveislu hennar, þróun, nothæfi og aðgengi manna. Í því eru einnig fyrirmæli um notkun íslenskunnar innan stjórnkerfis ríkisins, Alþingis, dómstóla og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um að íslenskt táknmál verði viðurkennt að lögum sem fyrsta mál þess hluta heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra og afkomenda þeirra sem reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Ákvæði sem lúta að íslenskri tungu eru á víð og dreif í lögum en ekki gilda um hana sérstök lög. Sú er hins vegar raunin í mörgum ríkjum. Víða í Evrópu er líka mælt fyrir um opinbert tungumál í stjórnarskrá.

Í frumvarpinu segir meðal annars að mál sem notað sé í starfsemi ríkis og sveitarfélaga eða á þeirra vegum skuli vandað, einfalt og skýrt. Í greinargerð segir að sjálfsagt sé að allur almenningur skilji það tungutak sem notað sé í þeim textum sem eigi að vera aðgengilegir öllum, svo sem í lögum og öðrum almennum fyrirmælum. Það eigi ekki aðeins við um ritaðan texta heldur einnig talað mál.

„Hér er einkum haft í huga hvernig orðum er hagað við umræður innan stofnana þjóðfélagsins, svo sem við umræður á Alþingi, við munnlegan málflutning og aðra meðferð mála fyrir dómstólum og innan stjórnvaldsstofnana ríkis og sveitarfélaga. Með orðunum vandað mál er átt við að fylgt skuli viðteknum hefðum og reglum, greinargóðu orðavali, réttum beygingum og eðlilegri orðaskipan,“ segir í greinargerð.

Í frumvarpinu er því slegið föstu að íslenska sé opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi. Fram kemur að íslenska hafi í reynd verið opinbert mál á alþjóðavettvangi en með lagaákvæðinu sé ætlunin að minna á að íslensku beri að nota þegar svo beri undir. Ekki sé tilgangurinn að íslensku verði haldið fram í alþjóðlegum samskiptum umfram það sem verið hafi. bjorn@frettabladid.is



**ÍSLENSKAN VERÐI OPINBERT MÁL** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnti frumvarp um stöðu íslenskunnar og íslensks táknmáls á ríkisstjórnarfundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Krefjast má þess að menn vandi málfar sitt

Í frumvarpinu segjast stjórnvöld ætla að stuðla að því að íslenska sé nothæf og notuð á öllum sviðum samfélagsins. Í því felst að stuðla beri að því að hún sé almennt notuð í samskiptum manna innan afmarkaðra starfshópa en þó einkum við þá sem standa utan við þá. „Sem dæmi má nefna hópa sérfræðinga sem nota gjarnan eigið tungutak sem almenningur skilur ekki og málfar þeirra er ekki alltaf vandað en torvelt kann að vera að fylgja úrbótakröfum eftir. Hins vegar má krefjast þess að menn vandi málfar sitt í samskiptum við þá sem eru utan starfshópsins og þá ekki síst þegar máli er beint til alls almennings.“ *Úr frumvarpinu.*

Breytt náttúruverndarlög:

## Um tvö hundruð umsagnir

**UMHVERFISMÁL** Um 200 umsagnir hafa borist umhverfisráðuneytinu við drög að frumvarpi um breytingar á náttúruverndarlögum, að sögn Guðmundar H. Guðmundssonar, upplýsingafulltrúa umhverfisráðherra.

„Við sendum út þrjátíu bréf þar sem við buðum félögum, samtökum, stofnunum og ráðuneytum að senda umhverfisráðuneytinu umsagnir,“ segir Guðmundur. „Auk þess auglýstum við á heimasíðu ráðuneytisins að frumvarpið væri opið öllum til umsagnar.“ - jss

Áfram rætt um Sólheima:

## Fá greiðslur út mánuðinn

**FÉLAGSMÁL Bráðabirgðasamkomulag hefur náðst um greiðslur frá sveitarfélaginu Árborg til Sólheima í Grímsnesi út febrúar. Enn er rætt um varanlega lausn á deilu um rekstur Sólheima. Reksturinn komst í uppnám þegar málefni fatlaðra voru færð frá ríki til sveitarfélaga um áramót án þess að samið væri við Sólheima.**

**Forsvarsmenn Sólheima hótuðu að leggja niður starfsemina ef ekki semdist fyrir síðustu áramót. Samkomulag náðist hins vegar um að halda rekstrinum áfram á meðan viðræður við Árborg færu fram. Þær viðræður eru enn í gangi.** - bj

Eygló spyr um nefskatt RÚV:

## Hvað er gert við mismuninn?

**ALÞINGI** Eygló Harðardóttir, Framsóknarflokki, hefur lagt fram fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðherra um nefskattinn og Ríkisútvarpið.



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

Hún spyr hve mikið hafi verið greitt í nefskatt frá því að gjaldið var tekið upp og hversu há framlög ríkisins til RÚV hafa verið á sama tíma.

„Hvað er gert við mismuninn af nefskattinum og beinum framlögum úr ríkissjóði til RÚV, ef einhver er?“ spyr hún jafnframt og vill að auki vita hve margir hafi starfað hjá stofnuninni árin 2000 til 2011. - bþs




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**DJÚP LÆGÐ** fer yfir landið í dag og má búast við allhvössum norðaustan- eða austanvindi og úrkomu í flestum landshlutum í dag. Stíf suðvestanátt tekur við á morgun með snjókomu eða éljum sunnan og vestan til en úrkomulítið verður norðaustantil.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 2° |
| Billund | 4° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 9° |
| Mallorca | 12° |
| New York | 4° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 1° |
| París | 8° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# SIGLANDI LÚXUSHÓTEL



Tilhugsunin um fljótandi lúxushótel sem líður á milli áfangastaða er freistandi. Með því að fara í skemmtisiglingu vaknar þú daglega á nýjum og spennandi áfángastað. Fimm sinnum á dag getur þú sest við veislumáltíð og um borð er ótrúlega-margt til skemmtunar! Ferðalag með skemmti-ferðaskipi er ógleymanlegt ævintýri sem allir ættu að upplifa!

## SKEMMTISIGLINGAR ÚRVALS ÚTSÝNAR



### Liberty of the Seas

MIÐJARÐARHAFIÐ OG BARCELONA

**10. - 21 júní 2011**
**Fararstjóri: Kristinn R. Ólafsson**
Barcelona - Toulon - Nice - Flórens - Pisa - Róm - Napoli - Capri - Barcelona

VERÐDÆMI: **339.900**

á mann m.v gistingu í tvíbýli í innri-klefa:



### Freedom of the Seas

AUSTUR-KARÍBAHAF OG FLÓRÍDA

**9. - 17 apríl 2011**
**Fararstjóri: Lára Birgisdóttir**
Port Canaveral - Bahamas - St.Thomas - St.Maarten - Port Canaveral

VERÐDÆMI: **309.900**

á mann m.v gistingu í tvíbýli í ytri-klefa með svölum:



### Splendour of the Seas

ADRÍAHAF, GRÍSKA EYJAHAFIÐ OG TYRKLAND

**5. - 16 september 2011**
**Fararstjóri: Jón Karl Einarsson**
Feneyjar - Kotor - Aþena - Ephesus - Bodrum - Santorini - Mykonos - Split - Feneyjar

VERÐDÆMI: **368.900**

á mann m.v gistingu í tvíbýli í innri-klefa:



### Oasis of the Seas

VESTUR-KARÍBAHAF OG FLÓRÍDA

**11. - 24 nóvember 2011**
**Íslensk fararstjórn**
Orlando - Ft.Lauderdale - Haiti - Jamaica - Mexico - Ft.Lauderdale - Orlando

VERÐDÆMI: **359.900**

á mann m.v gistingu í tvíbýli í innri-klefa með central park view:

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

## KJÖRKASSINN



*Á að banna konum að klæðast búrkum á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 79,2% |
| NEI | 20,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér mikilvægt að stjórnlagaþing fari fram?*

Segðu þína skoðun á visir.is



**FRANK DALGARNO MCGREGOR** Ekkert hefur spurst til hans síðan 26. janúar síðastliðinn.

Leitað að sextugum Skota:

# Hefur ekki sést í meira en viku

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum lýsir eftir Frank Dalgarno McGregor, sextugum skoskum ríkisborgara til heimilis að Norðurgötu í Sandgerði.**

**Frank sást síðast í Sandgerði 26. janúar og hefur ekkert spurst til hans síðan.**

**Frank er gráhærður, tiltölulega lágvaxinn og grannur, um 175 sentimetrar á hæð og um 55 kíló. Ekkert er vitað um klæðaburð hans.**

**Lögreglan á Suðurnesjum biður þá sem verða varir við Frank eða vita hvar hann er niðurkominn vinsamlegast að hafa samband við lögreglu.** - sh

Skal afplána refsingu:

# Brotamaður inn aftur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt karlmann til að afplána 480 daga eftirstöðvar refsingar. Hann er grunaður um að hafa framið brot sem varðað getur allt að sex ára fangelsi.

Maðurinn sem um ræðir var á reynslulausn. Hann er grunaður um innbrot og þjófnað tækja af ljósmyndastofu. Auk þess er hann grunaður um fleiri innbrot og tvær líkamsárásir. Í öðru tilvikinu var karlmaður kýldur í andlitið, en í hinu fékk stúlka hnefahögg í andlitið. Þá var brotamaðurinn tvívegis tekinn með amfetamín á sér. - jss

Neitun seðlabankastjóra við að veita þingnefnd upplýsingar rædd á Alþingi:

# Seðlabanki vísar á dómstóla

**ALÞINGI** Þingmenn vilja breyta lögum til að tryggja að embættismenn geti ekki neitað að veita þingnefndum upplýsingar á þeim forsendum að ekki sé nægilega tryggt að þingmenn haldi trúnað.

Tilefnið er heimsókn Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á fund viðskiptanefndar á föstudag. Hann neitaði að svara spurningum þingmanna um einkavæðingu Sjóvár með vísan í það álit lögfræðings Seðlabankans að viðskiptanefnd væri ekki skylt að virða trúnað við meðferð upplýsinga. Valgerður Bjarnadóttir, Samfylkingu, sagði nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort embættismaður gæti með þessum hætti hunsað spurningar þingmanna.

„Það er grafalvarlegt þegar Seðlabankinn vísar nefndinni til dómstóla með þær upplýsingar sem hún þarf að fá til að geta sinnt eftirlitsskyldum sínum,“ sagði Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki. Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingu, sagði að skoða þyrfti málið við fyrirhugaða endurskoðun þingskapalaga. - pg



**TRÚNAÐUR** Már Guðmundsson taldi ekki nægilegt að viðskiptanefnd héti honum trúnaði um meðferð upplýsinga þar sem á nefndinni hvíldi ekki trúnaðarskylda samkvæmt lögum.

Endurskoðun stjórnarskrár:

# Utanþingsfólk þarf til verksins

**ALÞINGI** Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, sagði á þingi í gær að þingið gæti ekki annast endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 2003-2007 hefði verið ákvæði um að breyta stjórnarskrá og setja inn ákvæði um þjóðareign á auðlindum „Þá vorum við dregin í þessu starfi allt of lengi. Okkur tókst ekki í tíma að gera þær breytingar sem þurfti að gera,“ sagði Siv. „Ég skrifa það mest á sjálfstæðismenn.“ - pg

# Lög endurskoðuð vegna Funamálsins

**Greinargerð vegna Funamálsins var lögð fyrir umhverfisnefnd Alþingis í gær. Þar segir að skýra þurfi almannahagsmuni og almannaheill í lögum og stjórnarskrá. Einnig rétt almennings til að vernda heilsu sína og lífsgæði.**

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisnefnd Alþingis hefur falið einum nefndarmanna, Ólínu Þorvarðardóttur, þingmanni Samfylkingarinnar, að móta hugmyndir að breytingum á fernum lögum auk fyrirliggjandi frumvarps að upplýsingalögum vegna málefna sorpbrennslunnar Funa á Ísafirði.

Umhverfisnefnd fjallaði í gær um greinargerð sem Ólína vann um löggjöf umhverfismála og upplýsingaskyldu stjórnvalda vegna Funamálsins. Ein meginniðurstaða athugunarinnar er að í lögum sé ekki nægilega gætt almannahagsmuna og almannaheilla, að kveða þurfi skýrar á um frumkvæðis- og viðbragðsskyldu stjórnsýslustofnana og tryggja rétt almennings til verndar heilsu og lífsgæða.

Díoxínmengun mældist tuttugufalt yfir viðmiðunarmörkum í útblæstri Funa árið 2007. Þá mældist díoxín yfir mörkum í mjólk frá bænum Efri-Engidal sem er í næsta nágrenni við Funa fyrir áramótin. Í framhaldinu hefur verið deilt um aðkomu Umhverfisstofnunar sem eftirlitsaðila og bæjaryfirvalda á Ísafirði, en þau tilkynntu ekki um mengunina þegar mælingar lágu fyrir.

Í greinargerðinni segir að í Funamálinu hafi mestu ráðið „[s]kortur á upplýsingaflæði, lítil eftirfylgni og takmörkuð heildarsýn“ en ekki verði heldur horft framhjá „skorti á fagmennsku, lélegu gagnalæsi og jafnvel vanrækslu“ í vissum tilvikum. Bent er á að ekki skorti úrræði eða eftirlitsreglur vegna starfsleyfa í lögum og reglum, hins vegar vanti festu við framkvæmdina.

Nefndin ákvað í gær að fela Ólínu að móta hugmyndir að breytingum á lögunum, og hyggst fjalla nánar um framhald málsins þegar því verki er lokið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umhverfisnefnd, Birgir Ármannsson og Kristján Þór Júlíusson, sendu fjölmiðlum fréttatilkynningu eftir fund nefndarinnar þar sem kemur fram að þeir taki ekki efnislega afstöðu til greinargerðar Ólínu. Á það jafnt við um umfjöllun hennar og niðurstöður.

Varðandi framhald málsins segja Birgir og Kristján Þór að þeir geri „í sjálfu sér engar athugasemdir við að Ólína Þorvarðardóttir eða aðrir nefndarmenn skili tillögum til lagabreytinga í þessum efnum til nefndarinnar, en muni að sjálfsögðu taka afstöðu til einstakra tillagna þegar þær liggi fyrir“. svavar@frettabladid.is



MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

**MENGUN FRÁ SORPBRENNSLUNNI FUNA** Mælingar í útblæstri árið 2009 sýndu að þungmálmarnir nikkel, arsen, blý, króm, kopar og vanadíum voru langt yfir mörkum. Ryk mældist þá rúmlega fimm sinnum meira en starfsleyfi kvað á um.

### Lög endurskoðuð vegna Funamálsins

- Lög nr. 46/1980 um hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Lög nr. 23/2006 46/1980 um upplýsingagjöf vegna mengunar. Endurskoða þarf 1., 3., 5., 8., 10. og 37. gr.
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs – þar sem kveðið er á um eftirlitsskyldu en ekki viðbrögð eða tilkynningaskyldu. Hér þarf að endurskoða markmiðsgrein laganna.
- Upplýsingalög – frumvarp. Setja þarf nýja grein í IV. kafla um málsmeðferð þar sem kveðið er á um frumkvæðisskyldu við upplýsingagjöf ef ástæða þykir til. Einnig þyrfti að endurskoða orðalag í 5., 8., og 11. gr. Talið æskilegt að umhverfisnefnd fái frumvarpið til umsagnar og geri við það viðeigandi tillögur að breytingu.

Skattastefna rædd á Alþingi:

# Prósenti umfram markmið

**ALÞINGI** Skatttekjur ríkisins á árinu 2010 eru 1% hærri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þetta kom fram hjá Steingrími J. Sigfússyni, fjármálaráðherra, á Alþingi í gær.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, gagnrýndi miklar skattahækkanir og aukið flækjustig skattkerfisins. Hann varaði við hættu á því að skattahækkanir færu yfir þau mörk að þær ýttu undir samdrátt, ykju atvinnuleysi og kostnað ríkisins vegna atvinnuleysis. Þetta gæti valdið vítahring sem erfitt yrði að rjúfa.

Steingrímur sagði að skattkerfisbreytingar hefðu heppnast vel, hlíft lágtekjufólki og fært byrðarnar á efnuðustu einstaklingana. - pg

Vigdís um tölvufundarmálið:

# Árás á æðstu stjórn ríkisins

**ALÞINGI Vigdís Hauksdóttir Framsóknarflokki segir að tenging ómerktrar tölvu við tölvukerfi þingsins hafi verið árás á æðstu stjórn ríkisins. Í fyrirspurn til þingforseta spyr hún hvort athygli ríkislögreglustjóra hafi verið vakin á þeirri staðreynd.**

**Vigdís spyr margs annars, til dæmis hvort forsætisnefnd hafi komið saman til ákvarðanatöku vegna málsins, hvers vegna tölvudeild þingsins hafi verið forseta til ráðgjafar, hvers vegna ríkislögreglustjóri hafi ekki verið kallaður út, hvers vegna þingmenn voru ekki látnir vita og hvort formaður VG hafi verið upplýstur um málið.**

**Þá spyr Vigdís hvort einhverjar spurningar hafi vaknað hjá þingforsetanum þegar í ljós kom að tölvan var tengd inn á netið sama dag og umræður um Icesave hófust á ný í þinginu.** - bþs


Menningarkortin má kaupa á öllum söfnunum og jafnframt á midi.is

# Nýjung í söfnum Reykjavíkurborgar

Menningarkort Reykjavíkur er bráðsnjöll nýjung í söfnum Reykjavíkurborgar. Menningarkortið veitir aðgang í heilt ár að fimm söfnum og auk þess ýmis fríðindi í verslunum og á veitingastöðum safnanna. Hægt er að velja milli þriggja ólíkra korta, allt eftir áhugasviði hvers og eins.

Nýttu þér kynningarafslátt í febrúar, en þá fást tvö Menningarkort á verði eins.






Öll söfnin
**Verð: 5.000 kr.**



Listasafn Reykjavíkur
**Verð: 3.000 kr.**



Minjasafn Reykjavíkur
**Verð: 3.000 kr.**

Nánar á **menningarkort.is.**

Menningarkort Reykjavíkur

– listilega einfalt

ENNEMM / SÍA / NM45172



# Ferðaævintýri Heimsferða

## sumarið 2011

Sumar brottfarir að seljast upp!

**Bókaðu strax!**
þú færð **10.000 kr.** afslátt á mann á völdum dagsetningum ef þú bókar fyrir **10. febrúar.**

## Þökkum frábærar viðtökur!

**Nú fer hver að verða síðastur að bóka sig á afsláttarkjörum.**
Í boði eru frábærir áfangastaðir, fjölbreyttir gistivalkostir, fyrsta flokks þjónusta og ótrúlega hagstæð verð. Bókaðu strax og tryggðu þér 10.000 kr. afslátt á mann.
Hámark 40.000 kr. afsláttur á bókun.

## Bodrum í Tyrklandi

frá kr. 124.900 – með „öllu inniföldu"

Bodrum sló rækilega í gegn í fyrra!



### Frábært verð

**Frá 124.900 kr.**
**– með „öllu inniföldu"**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 - 11 ára á hótel Eken ***+ í 10 nætur með "öllu inniföldu", 21. maí.

**Frá 139.900 kr.**
**– með „öllu inniföldu"**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2 - 11 ára í herbergi á Blue Bay *** í 10 nætur með "öllu inniföldu", 21. júní.

## Costa del Sol

frá kr. 69.900 – Flugsæti á mann

Úrval glæsilegra gistivalkosta í boði!



### Frábært verð

**Frá 98.440 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 - 11 ára í íbúð á Apartamentos MS Alay´s *** í 9 nætur. 15. maí.

**Frá 110.900 kr.**
**– með „öllu inniföldu"**
Netverð a mann með 10.000 kr. afslætti. m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2 - 11 ára í herbergi á Roc Flamingo *** í 9 nætur með "öllu inniföldu". 15. maí.

## Alicante

frá kr. 59.900 – Flugsæti á mann



### Frábært verð

**Frá 59.900 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, á nokkrum dagsetningum.

www.heimsferdir.is

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM45197

**FRÉTTASKÝRING:** Tíðni salmonellusýkinga og einkenni

# Salmonellusýking er fátíð í fólki

**Salmonellusýking í mönnum hér á landi er fátíð og smitast flestir erlendis. Salmonella drepst við 70°C en lifir af frost. Kjúklingaframleiðendur hafa heimild til að selja kjöt úr smituðum sláturhópum sé það fulleldað.**

Kjúklingaframleiðendur óskuðu eftir því við landbúnaðarráðuneytið á síðasta ári að fá að slátra og selja eldishópa sem smitaðir voru af salmonellu. Ráðuneytið, í samráði við Matvælastofnun, neitaði framleiðendum. Matfugl kærði ákvörðun Matvælastofnunar til ráðuneytisins, sem staðfesti ákvarðaðan úrskurð.



**KJÚKLINGUR Í REYKJAGARÐI** Framleiðendum er heimilt að selja salmonellusýkt kjöt í verslanir sé það fulleldað og hafi einungis greinst jákvætt í sláturhópi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Hvað er salmonella?

- Salmonella er sjálfstæð ættkvísl af hópi baktería sem nefnast þarmasýklar. Tegundinni (Salmonella enterica) tilheyra 7 undirtegundir og 2.200 sermigerðir. Allar geta þær valdið sjúkdómum hjá mönnum. Algengustu afbrigðin sem valda sýkingum eru Salmonella typhimurium og Salmonella enteritidis.
- Salmonella finnst víða í náttúrunni. Náttúruleg heimkynni hennar eru jarðvegur, vatn, fóður, matvæli og meltingarvegur dýra eins og til dæmis í búfénaði, villtum dýrum, nagdýrum, fuglum, skriðdýrum og skordýrum. Salmonellusýkt dýr sýnir sjaldan einkenni sýkingar heldur eru dýrin í allflestum tilfellum frískir smitberar. Bakterían heldur til í meltingarvegi dýranna og getur borist með saur milli dýra. Mikil hætta getur verið á krossmengun við slátrun ef dýr er sýkt af salmonellu.



SALMONELLA

- Kjörhitastig bakteríunnar er um 37 °C en hún getur vaxið við hitastig allt frá 5°C upp í 47°C. Hún er mjög viðkvæm fyrir hita og drepst við 70°C.

*Heimild: Matvælastofnun Íslands*

## Spurt og svarað

***Eru kjúklingar sem sýkjast af salmonellu aldrei seldir í verslunum?***
**Já.** Einungis má selja afurðir af kjúklingum sem hafa greinst jákvæðir í sláturhúsum. Kjötið er þá hitameðhöndlað af framleiðanda og selt fulleldað.

***Hefur allur eldaður kjúklingur í verslunum mögulega verið salmonellusýktur?***
**Nei.** Verslanir eins og Nóatún og Hagkaup selja grillaðan, heilan kjúkling sem er vottaður salmonellufrír. Salmonellusmitað kjöt verður að hafa verið hitameðhöndlað hjá framleiðanda til að fara í sölu.

***Drepst salmonella við frost?***
**Nei.** Salmonella drepst við 72 gráðu hita. Kampfýlóbakter drepst hins vegar við frost.

***Er innfluttur kjúklingur salmonellufrír?***
**Já.** Allur innfluttur kjúklingur hér á landi er vottaður salmonellufrír. Hann hefur einnig verið frystur í 30 daga til að koma í veg fyrir kampfýlóbaktersýkingu.

***Er salmonellusýking í landbúnaðarafurðum eingöngu bundin við kjúklingakjöt?***
**Nei.** Undanfarin ár hefur sýkingin oftast komið upp í kjúklingabúum, en hún leggst einnig á svín og annan búfénað, sem og villta fugla.

***Hver er munurinn á eldishópum og sláturhópum í kjúklingabúum?***
Eldishópar fugla eru mun fjölmennari en sláturhóparnir. Í eldishópi geta verið allt frá 7 þúsund og upp í 15 þúsund fuglar. Sláturhópar eru mun smærri einingar úr eldishópum og búa yfir mun minni smithættu. Þeir eru prófaðir fyrir sýkingum seinna í greiningarferlinu en eldishóparnir.

## Helstu einkenni

Algengustu einkenni salmonellusýkingar eru magaverkur, niðurgangur, hiti, höfuðverkur, uppköst og ógleði. Fyrstu einkenni geta komið fram 8 til 72 klukkustundum eftir að neytt hefur verið sýkts matar. Sjúkdómurinn varir venjulega í um 2 til 3 daga, en í alvarlegum tilfellum getur hann varað í nokkrar vikur. Alvarleg eftirköst geta verið liðagigt, bólgur í hjartavöðvum og sjúkdómar í taugakerfi. Salmonellusýking getur mögulega valdið dauða hjá mjög viðkvæmum einstaklingum.

Sýkingarhætta er háð aldri neytandans, heilsufarsástandi, afbrigði salmonellu og tegund matvæla sem sýkt eru. Hafa ber í huga að eftir veikindi getur fólk oft verið smitberar frá nokkrum vikum upp í nokkra mánuði.

**Hvernig er hægt að draga úr hættu á salmonellusýkingu?**
Hita matvæli upp í 75°C til þess að drepa bakteríuna. Kælið matvæli niður fyrir 5°C til að hindra vöxt.

Dæmigerðar ástæður matarsjúkdóma af völdum salmonellu eru ófullnægjandi upphitun eða kæling matvara, mengun frá starfsfólki, hráefnum eða óhreinum áhöldum í tilbúin matvæli.

*Heimild: Matvælastofnun Íslands*

## Tíðni salmonellusýkinga í mönnum

Salmonellusýking í mönnum er ekki algeng hér á landi. Árið 2000 kom upp faraldur þegar samtals 360 manns greindust með sýkinguna, en 200 tilfelli það árið voru talin tengd við neyslu á innfluttu salati. Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir hjá sóttvarnasviði landlæknisembættisins, segir að þar hafi verið um afmarkaðan faraldur að ræða sem rekja mátti til undirtegundar bakteríunnar.

„Tilfelli hér á landi eru nokkuð stöðug og flestir sem veikjast sýkjast erlendis,“ segir Guðrún. „Vandamálið er að meðgöngutími salmonellu frá því að maður borðar og veikist getur verið allt að tíu dagar, þannig að það er í raun ómögulegt að finna út hvað veldur sýkingunni.“

Guðrún segir litla sem enga aukningu vera í greindum tilfellum hér á landi milli ára og eftirlit með kjúklingum hafi greinilega borið góðan árangur. Fækkun í greindum tilfellum árið 2009 endurspegli sennilega færri ferðalög Íslendinga til útlanda eftir efnahagshrunið. Tölur frá landlækni fyrir árið 2010 liggja ekki fyrir að svo stöddu, en Guðrún segir afar ólíklegt að salmonellusýkingum hafi fjölgað mikið.

### Heildarfjöldi salmonellusýkinga í mönnum á Íslandi:





**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is



90.000.000
+450.000.000
540.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
**540 MILLJÓNIR**



Fyrsti vinningur stefnir í 90 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 450 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 2. FEBRÚAR 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton / SÍA

BK BALDONI KITCHEN FURNITURE

*... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum*

Allt að 40% afsláttur

+5% staðgr.afsláttur

# VANDAÐAR

## HÁGÆÐA ELDHÚS INNRÉTTINGAR



**LINE** Glerhörð, kámfrí áferð

Hvítt lakkað háglans, höldulaus



**COUNTRY** Glerhörð, kámfrí áferð

Fulningur - hvítt lakkað, háglans

til afgreiðslu af lager



**HORIZONTAL**

Spónlögð amerísk hnota



**DUCALE**

Ljós eik - innfelld handföng



**DUCALE** Glerhörð, kámfrí áferð

Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng

## FATASKÁPAR

*Breiddir: 40, 50, 80 og 100 sm, hæð: 240 sm*

40% afsláttur

+5% staðgr. afsláttur



www.i-t.is

DRAUMA ELDHÚS

*Gerum ykkar hugmyndir að veruleika...*

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

THULE SWEDEN
Stilling 50 ára
Skíðabox
Sjá nánar á vef okkar
stilling.is/skidabox

| Heiti | Innanmál | Lítrar | Litur | Verð |
|---|---|---|---|---|
| Pacific 200 | 165x76 | 460 ltr. | Grátt | 79.900 |
| Pacific 600 | 180x58 | 340 ltr. | Grátt | 89.900 |
| Pacific 700 | 225x62 | 460 ltr. | Grátt | 97.900 |

| Heiti | Innanmál | Lítrar | Litur | Verð |
|---|---|---|---|---|
| Pacific 200 | 165x76 | 461 ltr. | Svart | 79.900 |
| Pacific 600 | 180x58 | 340 ltr. | Svart | 89.900 |
| Pacific 700 | 225x62 | 460 ltr. | Svart | 97.900 |

Stilling hf. · Sími 520 8000
www.stilling.is · stilling@stilling.is
Stilling



**VITASTÍGUR 12** Margir fara í gegnum garðinn á Vitastíg 12 til að komast að 110 ára gömlum vita sem stendur þar fyrir aftan hús. Vitinn er friðaður og í ágætu standi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bærinn gerir nýja leið að gömlum vita

**Hafnarfjarðarbær hyggst útbúa gönguleið að vita sem er vinsæll áfangastaður í skoðunarferðum en þyrnir í augum nágranna vegna átroðnings. Bæjarstjórinn hefur samúð með sjónarmiðum íbúanna.**

**HAFNARFJÖRÐUR** „Við erum að reyna að tryggja skilgreinda aðkomu að vitanum,“ segir Guðmundur Rúnar Árnason, bæjarstjóri í Hafnarfirði, um vandamál sem skapast vegna áhuga manna á að skoða gamlan vita í bænum.

Eins og sagði frá í Fréttablaðinu á mánudag er sá nágranni vitans sem næstur honum býr, Helgi Arndal Davíðsson á Vitastíg 12, langþreyttur á því að áhugafólk um vitann gangi fyrir garðinn hans til að komast að mannvirkinu.

Helgi vill helst að vitinn verði hreinlega fluttur annað en að minnsta kosti að hann verði girtur frá lóð hans. Bæjarstjórinn segir það naumast koma til greina að færa vitann. „Vitinn myndi tapa miklu gildi sínu af hann væri færður. Það á að reyna að tryggja að hann geti verið áfram þar sem hann er enda er vitinn hluti af bæjarmyndinni og myndi missa marks á öðrum stað,“ segir Guðmundur. Hann bendir á að vitinn, sem byggður var árið 1900 en tekinn úr notkun árið 1979, sé eitt helsti kennileiti Hafnfirðinga.



GUÐMUNDUR RÚNAR ÁRNASON

Helgi býr ofan við vitann en Guðmundur bæjarstjóri segir skipulags- og byggingaráð um hríð meðal annars hafa skoðað þann möguleika að skapa gönguleið neðan frá, eða af Hverfisgötu. Málið hafi meðal annars verið rætt á fundi ráðsins í gær.

„Það er alveg rétt að aðkoman er til vandræða og ég hef mikla samúð með sjónarmiðum mannsins. Það er alveg rétt sem hann segir að þetta hefur kostað átroðning hjá honum og það er auðvitað ekki gott,“ segir bæjarstjórinn.

gar@frettabladid.is

Fjármagnstekjuskattur
Tímabilið 1. október - 31. desember

■ 18% staðgreiðsla
Frá 1. janúar 2010 ber bönkum og öðrum fjármálastofnunum að reikna og halda eftir 18% staðgreiðslu af vaxtatekjum og innleystum gengishagnaði ársfjórðungslega. Sama gildir um arð sem greiddur er til eigenda af eignarhlutum í félögum.
Athygli er vakin á breyttum reglum um skattalega meðferð á úthlutuðum arði sem fer umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í lok viðmiðunartímans til þeirra sem skylt er að reikna sér endurgjald vegna starfa í þágu félagsins.

■ Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti
Nú er hægt að gera skil á fjármagnstekjuskatti á rafrænan hátt. Farið er á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, með kennitölu og aðallykli eða skilalykli. Síðan er valið **vefskil > staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts** og opnast þá form útfyllingar. Fylgja þarf leiðbeiningum til enda og verður þá til krafa í heimabanka gjaldanda. Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs og vaxtatekna á tímabilinu skal gera grein fyrir því.

■ Gjalddagar
Fjármagnstekjuskattur er 18% frá 1. janúar 2010.
Gjalddagar afdreginnar staðgreiðslu eru 20. apríl, 20. júlí og 20. október 2010 og 20. janúar 2011. Eindagi er 15 dögum síðar.

**Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á fjórða ársfjórðungi 2010 er 20. jan. en eindagi er 4. feb.**

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Dregur finnska frétt í efa:

# Engin tengsl við drómasýki

**HEILBRIGÐISMÁL** Tengsl bólusetningar gegn svínaflensu og drómasýki hafa ekki sést hér á landi, né heldur í Svíþjóð, Noregi, Danmörku eða annars staðar í heiminum, að því er Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir.

Samkvæmt frétt frá finnskum heilbrigðisyfirvöldum er talið að bólusetning barna og unglinga með Pandemrix-bóluefni hafi líklega átt þátt í drómasýki hjá unglingum þar í landi. Sóttvarnalæknir telur mjög ólíklegt að bólusetningin valdi drómasýki. - jss

Skrifstofustjóri Alþingis segir ekkert benda til að aðskotatölvan á Alþingi hafi komist yfir gögn:

# Tölvukerfi Alþingis eflt verulega

**LÖGREGLUMÁL** „Það er ljóst að þessi tölva var komin þarna í ólögmætum tilgangi,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, um fartölvuna sem fannst í herbergi í nefndahúsi Alþingis skömmu eftir áramót.

Fartölvan var útbúin sem gagnamiðlari. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að ekkert stýrikerfi var inni á tölvunni og því einungis hægt að ræsa hana með stýrikerfi sem var utan hennar. Hún var forrituð þannig að hún gat tekið við gögnum og sent þau áfram, án þess að þess sæjust nokkur merki í henni eftir að búið var að slökkva á henni. Tölvan var tengd við tölvukerfi Alþingis og var í gangi þegar starfsmaður tölvudeildar þingsins fann hana og slökkti á henni.

Helgi segir að öryggisvarnir tölvukerfis Alþingis hafi verið efldar verulega eftir að tölvan fannst. Nú sé ekki hægt að tengja sig inn í tölvukerfi þess nema með sérstöku leyfi og aðstoð tölvudeildar þingsins. Hann tekur jafnframt fram að tölvudeild Alþingis telji þó hvorki að gögn hafi verið tekin og afrituð með tölvunni né nokkur spjöll unnin á tölvukerfi þingsins.

„Ég útiloka þó ekki þann möguleika að það hafi verið gert,“ sagði Helgi.



**ALÞINGI** Geymsluminni öryggismyndavéla við inngang þeirra tíu bygginga sem þingið hefur yfir að ráða var mun minna en venjulega vegna breytinga, þegar fartölvan var í nefndahúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Öryggismyndavélar eru við inngang allra þeirra tíu bygginga sem Alþingi hefur yfir að ráða. Gestir, sem hleypt er inn, eru ekki skráðir sérstaklega. Helgi segir enn fremur að á þeim tíma sem fartölvan var í þinginu hefðu staðið yfir endurbætur á öryggismyndavélakerfinu, Geymsluminni þeirra hafi því verið minna venjulega. - jss



**HEIÐRA SJÁLFBOÐASTARF** Hróshópurinn afhenti viðurkenningar fyrir framlag í þágu samfélagsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framlag til betra samfélags:

# Heiðruð fyrir sjálfboðastarf

**SAMFÉLAGSMÁL** **Hróshópurinn heiðraði í fyrradag fjölmarga einstaklinga og hópa fyrir framlag þeirra í þágu betra samfélags.**

**Viðurkenningarnar voru veittar við athöfn í Tjarnarsalnum í Ráðhúsinu í Reykjavík en tilgangurinn með starfi Hróshópsins er „að heiðra sjálfboðastarf og vekja athygli á þeirri samfélagslegu meðvitund sem hefur komið fram í starfi margs konar grasrótarhópa sem hafa sprottið upp í kjölfar bankahrunsins“ eins og segir á vef hópsins.**

**Meðal þeirra sem hlutu viðurkenningu hópsins var söngvaskáldið Hörður Torfason, sem tók lagið við þetta tilefni og hvatti viðstadda að lokum til þess að senda forseta Íslands áskorun um að mál gegn nímenningum svokölluðu yrði látið niður falla.** - þj

Hvetja fyrirtæki til ráðninga:

# SA og stúdentar veita verðlaun

**ATVINNUMÁL** Stúdentaráð Háskóla Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa tekið höndum saman og hyggjast veita þeim fyrirtækjum verðlaun og viðurkenningar sem ráða flesta stúdenta til sín í vinnu yfir sumarið.

Bæði verður miðað við heildarfjölda stúdenta sem ráðinn er, en eins fjölda stúdenta í hlutfalli við fastráðna starfsmenn árið um kring.

Í tilkynningu um málið hvetja stúdentar fyrirtæki til að auglýsa laus störf á vefsíðu Félagsmálastofnunar stúdenta, studentamidlun.is. Fyrirtækjum sem taka þátt í átakinu gefst færi á að auglýsa þar ókeypis. - sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fullur með barn í bíl

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók karlmann á miðjum aldri fyrir ölvunarakstur um helgina. Maðurinn var ekki einn á ferð því með í för var ungt barn ökumannsins og sat það í framsæti bílsins. Þess má geta að ökumaðurinn hafði þegar verið sviptur ökuleyfi.

## SJÁVARÚTVEGUR

### Aldrei meiri fiskneysla

Fiskneysla í heiminum hefur aldrei verið meiri en nú samkvæmt skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum. Meðalmaðurinn borðar nú um sautján kíló af fiski á ári samkvæmt skýrslunni. Þar kemur einnig fram að ekki hafi dregið úr ofveiði úr fiskistofnum.


# Opnir fundir með nýjum stjórnendum Landsbankans

Á fundunum munu stjórnendur Landsbankans kynna nýja stefnu bankans og framtíðarsýn, breytingar sem orðið hafa og aðgerðaáætlun næstu mánaða. Við viljum hlusta eftir skoðunum og viðbrögðum ykkar, eigenda bankans, til að efla bankann enn frekar.

Framkvæmdastjórn bankans mun sitja fyrir svörum í opnum umræðum. Við hvetjum ykkur til að koma og eiga opinská samskipti við okkur.

**Allir velkomnir!**



**Fimmtudagur 3. febrúar kl. 20.00**
Akureyri – Menningarhúsið Hof

**Laugardagur 5. febrúar kl. 13.00**
Ísafjörður – Edinborgarsalurinn

**Mánudagur 7. febrúar kl. 20.00**
Egilsstaðir – Hótel Hérað

**Þriðjudagur 8. febrúar kl. 20.00**
Selfoss – Hótel Selfoss

**Miðvikudagur 9. febrúar kl. 20.00**
Hafnarfjörður – Bæjarbíó

**Fimmtudagur 10. febrúar kl. 20.00**
Akranes – Bíóhöllin

**Mánudagur 14. febrúar kl. 20.00**
Reykjanesbær – Duushús

**Þriðjudagur 15. febrúar kl. 17.00**
Reykjavík – Grand Hótel

**Fimmtudagur 17. febrúar kl. 20.00**
Höfn í Hornafirði – Nýheimar

Hægt er að skrá sig á opna fundi á **landsbankinn.is.**
Við vonumst til að sjá sem flesta.

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn) kt. 471008-2080.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kjúklingaframleiðendur eru hættir að þykjast bera heilsu neytenda fyrir brjósti.

## Sjúklingabændur

Yfirburðagæði íslenzks kjúklingakjöts hafa verið meðal helztu röksemda fyrir því að viðhalda innflutningshömlum og ofurtollum á innflutt fuglakjöt. Kjúklingabændur og stjórnvöld hafa látið í það skína að heilbrigði neytenda væri í hættu stefnt með auknum innflutningi, vegna tíðra kamfýlóbakter- og salmonellusýkinga í útlendum fuglabúum.

Góður árangur náðist á tímabili í baráttunni við þessa vágesti í íslenzkum fuglabúum. Undanfarin misseri hafa salmonellu- og kamfýlóbaktersýkingar hins vegar ítrekað komið upp.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þá bregður svo við að framleiðendur vilja slaka á sjúkdómavörnum og hafa minni áhyggjur af heilsu neytenda en áður. Fréttablaðið sagði frá því í gær að fulltrúar tveggja af stærstu framleiðendunum, Matfugls og Reykjagarðs (Holtakjúklings), hefðu farið fram á það við Matvælastofnun (MAST) og landbúnaðarráðuneytið að fá að selja salmonellusýkt kjöt úr eldisfuglum, með því að fullelda það. Slíkt hefur verið bannað undanfarin ár og aðeins mátt setja á markað eldað kjöt úr sýktum sláturhópum, sem eru miklu minni en eldishóparnir.

Athyglisvert er að skoða hvernig framleiðendurnir rökstyðja beiðni sína. Matthías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs, vísar þannig í bréfi til ráðuneytisins til „rekstrarumhverfisins í dag“ og að tap fyrirtækisins verði verulegt vegna salmonellumengunar, um 12 milljónir á hverjum smituðum kjúklingahópi.

Sami Matthías sagði í Bændablaðinu vorið 2008, þegar rætt var um að leyfa innflutning á fersku kjöti samkvæmt samkomulagi Íslands og Evrópusambandsins, að sjúkdómavarnir hér á landi væru meiri en annars staðar. „Þessum miklu sjúkdómavörnum verður kastað fyrir róða þegar farið verður að flytja inn kjúklingakjöt frá Evrópulöndum,“ sagði Matthías. Um sama leyti birti Jarle Reiersen, framleiðslustjóri hjá Reykjagarði, grein þar sem var spurt: „Viljum við kasta okkar einstaka árangri í matvælagæðum fyrir borð undir yfirskini viðskiptafrelsis? Ef innflutningur kjúklingakjöts verður gefinn frjáls og innlend framleiðsla ekki varin með tollum eða öðrum úrræðum, verður samkeppnisstaða íslenskra kjúklingaframleiðenda mjög erfið.“

Síðan þessi orð féllu, hefur ekkert breytzt varðandi innflutning á fuglakjöti. Ennþá er bannað að flytja inn ferskt kjöt, allan innfluttan kjúkling verður að frysta til að koma í veg fyrir kamfýlóbaktersmit og hann verður að hafa vottorð upp á að hann sé salmonellufrír. Ofurtollarnir eru á sínum stað.

Kjúklingaframleiðendur eiga því ekki í höggi við neina ósanngjarna erlenda samkeppni. Og þau rök að íslenzkur kjúklingur standi hinum innflutta framar að gæðum duga ekki lengur til að hræða neytendur frá því að kaupa innfluttar kjúklingaafurðir.

Landbúnaðarráðuneytið og MAST höfnuðu óskum framleiðenda og vísuðu til þess að ef ætti að vera hægt að tryggja Íslandi sérstaka vörn gagnvart innflutningi á matvælum, sem innihalda salmonellu eða sambærilegt smit, mætti hvergi slaka á kröfum innanlands.

Það merkilega við þessa niðurstöðu er að nú örlar á því að landbúnaðarráðuneytið taki afstöðu með hagsmunum neytenda, gegn sérhagsmunum framleiðenda. Það er framför.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Íslenskubjalla

Samkvæmt nýju frumvarpi um íslenska tungu á mál það sem notað er í starfsemi ríkis og sveitarfélaga að vera vandað, einfalt og skýrt. Í greinargerð segir að fylgja beri viðteknum hefðum og reglum, orðaval skuli vera greinargott, orðaskipan eðlileg og beygingar réttar. Tekið er fram að þetta nái meðal annars til umræðna á Alþingi. Góð íslenskukunnátta er ekki meðal kjörgengisskilyrða. Fyrir vikið tala þingmenn misgott mál. Reynslan sýnir að verði frumvarpið að lögum sé hætt við að þingmenn brjóti þau. Svo þeir, sem það gera, læri af eigin mistökum (lögbrotum) er hér lagt til að íslenskufræðingur sitji þingforseta til hægri handar og berji í bjöllu þegar þingmenn böðlast á íslenskunni.



### Vandað, einfalt, skýrt

Sá alþingismaður sem talar bestu íslenskuna er Mörður Árnason. Hann er með próf upp á vasann í tungumálinu og í málvísindum að auki. Mörður talar og skrifar vandað, einfalt og skýrt mál. Upphaf greinargerðar þingsályktunartillögu hans sem dreift var í þinginu í gær ber þess vitni. Það er eftirfarandi: „Allir vita að höfuðborg Íslendinga er í Reykjavík.“

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




Bólusetning

## Veldur bólusetning drómasýki?



Haraldur Briem
sóttvarnalæknir



Þórólfur Guðnason
barnalæknir og yfirlæknir hjá landlæknisembættinu



Pétur Lúðvígsson
taugasérfræðingur barna

Að undanförnu hefur talsverð umræða farið fram um hugsanleg tengsl drómasýki og bólusetningar gegn svínainflúensu.

Drómasýki (narcolepsy) er sjaldgæfur sjúkdómur sem einkennist af mikill dagsyfju, vöðvaspennufalli (cataplexy), sérstaklega við skyndilega geðshræringu, og trufluðum nætursvefni. Drómasýki sést einkum hjá fullorðnum einstaklingum. Tíðni sjúkdómsins er breytileg milli landa en talið er að árlega megi búast við 0,5-1 tilfelli á hverja 100.000 íbúa og þar af eru tæplega 10% einstaklinganna börn yngri en 18 ára. Orsakir drómasýki eru óþekktar en talið er að samspil erfða og umhverfisþátta (eins og t.d. sýkinga) eigi stóran þátt í tilurð sjúkdómsins. Greining sjúkdómsins er yfirleitt gerð af taugasjúkdómalæknum og þarf til þess sérhæfðar rannsóknaraðferðir eins og svefnrit (multiple sleep latency test).

Á árinu 2010 varð vart við talsverða aukningu í sjúkdómnum hjá einstaklingum yngri en 18 ára í Finnlandi og Svíþjóð en einnig sást aukinn fjöldi á Íslandi. Í Finnlandi höfðu flestir sjúklinganna verið bólusettir gegn svínainflúensu enda var almenn þátttaka í bólusetningu þar mjög góð eða um og yfir 70%. Í Svíþjóð hins vegar sást aukningin bæði í bólusettum og óbólusettum einstaklingum og á Íslandi var rúmlega helmingur sjúklinganna bólusettur en þátttaka í svínainflúensubólusetningunni hér á landi var um 50%. Benda þessar niðurstöður frá Svíþjóð og Íslandi því ekki til þess að bólusetningin gegn svínainflúensu tengist drómasýki.

Í dag hafa 30-40 milljónir einstaklinga verið bólusettar í Evrópu með sama svínainflúensubóluefni og notað hefur verið á Íslandi (Pandemrix). Engin aukning hefur sést á drómasýki í öðrum löndum Evrópu, sem gerir tengsl sjúkdómsins við bólusetninguna að auki mjög ólíklega.

Undir forystu Finna er ætlað að fara af stað með fjölþjóðlega rannsókn á sambandi bólusetningar gegn svínainflúensu og drómasýki. Ísland mun taka þátt í þeirri rannsókn og er niðurstaðna að vænta síðar á þessu ári.

Þar sem mjög ólíklegt er að bólusetning gegn svínainflúensu tengist á nokkurn hátt drómasýki og afleiðingar svínainflúensunnar geta verið alvarlegar hvetur sóttvarnalæknir óbólusetta einstaklinga til að láta bólusetja sig. Rétt er að minna á að á síðasta vetri lögðust 200 manns inn á sjúkrahús hér á landi vegna svínainflúensu og af þeim þurftu um 20 einstaklingar innlögn á gjörgæsludeild vegna lífshættulegra afleiðinga sjúkdómsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Samvinnustjórn á norðurslóðum

Norðurslóðir

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Íslenska ríkisstjórnin hefur lagt fram skýra stefnu um norðurslóðir í þingsályktunartillögu sem nú er fjallað um á Alþingi. Mér þótti í senn athyglisvert og ánægjulegt hversu mikið sammæli var meðal þingheims um meginatriði stefnunnar þegar ég mælti fyrir henni. Hún hefur líka hlotið góðar undirtektir erlendis. Ýmis ríki á norðurhvelinu hafa nú þegar kynnt sér hana og umræðurnar sem urðu á Alþingi. Í kjölfarið kynnti ég stefnuna einnig í þessari viku á 700 manna ráðstefnu í Tromsö í Noregi, Arctic Frontier – Tipping Points, og ræddi m.a. hana á fundi með norska utanríkisráðherranum, Jónasi Gahr Störe, og sérfræðingum hans í málefnum norðursins. Góður samhljómur er með áherslum okkar og Noregs enda margvíslegir hagsmunir sameiginlegir frændþjóðunum. Norðmenn, ekki síst utanríkisráðherrann, hafa jafnan beitt sér af alefli fyrir velferð norðurslóða.

### Þrjár meginlínur

Þrenns konar meginhugsun er að baki þeirri stefnu sem íslenska ríkisstjórnin hefur lagt fram: af augljósum landfræðilegum ástæðum:

Ísland á bæði land og víðfeðm hafflæmi innan norðurheimskautsins. Það er auk þess eina fullvalda ríkið sem fellur undir það sem norska ríkisstjórnin hefur kallað hánorðrið, eða High North. Af sjálfu leiðir, að Ísland er vitaskuld í hópi strandríkja, og hefur full rök til að ætla öðrum ríkjum að gangast við þeirri stöðu. Öllum á því að vera ljóst að Ísland fellir sig ekki við að ríki ráði ráðum sínum undir merkjum strandríkjahagsmuna án aðildar Íslands. Undir þetta sjónarmið var sterklega tekið af fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem tóku þátt í umræðunni á Alþingi.

### Efling Norðurskautsráðsins

Áhersla mín á þessa augljósu stöðu Íslands er þó síður en svo tillaga um sérstakt samráð slíkra ríkja. Öðru nær. Þvert á móti felur stefna Íslands um jafnræði á norðurslóðum í sér að Norðurskautsráðið eflist í framtíðinni sem vettvangur þar sem sameiginleg hagsmunamál norðurheimskautsins verða rædd, og ráðið til lykta. Það er hvorki í þágu samvinnu á norðurslóðum né velferðar þeirra ef Norðurskautsráðið er veikt með reglulegu samráði utan vébanda þess. Miklu fremur er skynsamlegt að styrkja það með öllum hugsanlegum ráðum. Norðurskautsráðið þarf að vera vel búið í stakkinn þegar nýting auðlinda og hugsanleg opnun

> Ísland fellir sig ekki við að ríki ráði ráðum sínum undir merkjum strandríkjahagsmuna án aðildar Íslands.

Í fyrsta lagi er markmið okkar að tryggja beinharða hagsmuni Íslendinga. Vissulega mun nýting auðlinda norður af Íslandi og möguleg opnun skipaleiða yfir heimskautið opna Íslendingum mikilvæg viðskiptatækifæri á sviði margvíslegrar þjónustu. Þessari þróun fylgja þó líka umtalsverðar hættur. Ísland liggur svo að segja í útfalli Norður-Íshafsins. Bæði austan lands og vestan koma sterkir straumar norðan úr höfum. Þjóð sem byggir stóran hluta afkomu sinnar á hreinum sjó, sterkum sjávarstofnum og hreinni náttúru verður því að beita sér af alefli til að tryggja að öll vinnsla og skipaumferð verði samkvæmt ítrustu varúðarreglum. Beinir hagsmunir Íslendinga liggja í hreinleika sjávar, sterkum vörnum gegn mengun, heilbrigðum fiskistofnum, ströngum reglum um skipaumferð, tækifærum til að keppa um að þjónusta svæðið, borgaralegu öryggi og andstöðu við hernaðartengda uppbyggingu á norðurslóðum.

### Strandríkið Ísland

Í öðru lagi stefna Íslendingar að því að verja ofangreinda hagsmuni með því hafa bein áhrif á ákvarðanir sem varða hag norðurslóða á grundvelli jafnræðis norðurskautsþjóðanna átta. Þetta er sagt í beinu framhaldi af sérkennilegri orðræðu sem hefur skotið upp kolli í tveimur heimsálfum um að Ísland sé ekki strandríki í sama skilningi og önnur ríki sem eiga lönd og höf að norðurheimskautinu. Undirtónn hennar er að því sé ekki nauðsynlegt að hafa Ísland með í ráðum þegar slík ríki ræða sameiginlega hagsmuni. Slíkur málflutningur er fimbulfamb, þó ekki væri nema skipaleiða á norðurslóðum, ásamt gríðarlegum breytingum vegna hlýnunar jarðar, munu beinlínis færa því tröllaukin verkefni í fang.

Glæsileg fyrirmynd um hvernig norðurskautsríkin átta geta fært sameiginlegar ákvarðanir um sameiginleg hagsmunamál í búning sem er bindandi að alþjóðalögum er nýlegur samningur um leit og björgun á norðurslóðum, sem lokið var hér á Íslandi fyrir skemmstu. Stefnt er að því að undirrita þann samning á fundi Norðurskautsráðsins í Nuuk á Grænlandi í vor. Vinnulagið og samstarfsrammann sem leiddi til hans er beinlínis rakið að færa yfir á önnur svið, þar sem norðurskautsríkin eiga sameiginlega hagsmuni. Það felur í sér að áheyrnarríki, sem fjær liggja en hafa þó hagsmuni af velferð norðursins, ásamt ríkjasamtökum og frjálsum félagasamtökum, hafa greiða lýðræðislega leið til að koma skoðunum sínum að borðinu þar sem ákvarðanir mótast.

### Slagkraftur gegn loftslagsvá

Þriðja meginhugsunin að baki stefnu okkar á norðurslóðum er að auka þunga í málflutningi Íslendinga gagnvart öðrum mikilvægum þætti í utanríkisstefnu okkar, sem er þátttaka Íslands í vörnum gegn hlýnun jarðar af manna völdum. Ríkisstjórnin vill að Ísland skipi sér í framlínu þeirra ríkja sem lengst vilja ganga í þeim viðbúnaði. Áhrif hlýnunarinnar koma hvergi hraðar og sterkar fram en á norðurslóðum. Kappsamt og ábyrgt hlutverk Íslands í stefnumótun í málefnum norðurslóða mun auka slagkraftinn í málflutningi okkar gegn loftslagsvánni á alþjóðavettvangi.

# Rangt og rétt um tónlistarnám

Tónlistarskólar

Oddný Sturludóttir
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar



Nokkrar rangfærslur eru á lofti um framtíð tónlistarskóla í Reykjavík. Sagt er að borgin ætli ekki að niðurgreiða nám 16 ára og eldri. Það er rangt. Talað er um 50% niðurskurð og sagt að borgarstjórn ætli að rústa tónlistarskólum í Reykjavík og loka gamalgrónum skólum sem hafa skilað frábæru starfi. Það er líka rangt. Hið rétta er að allir flokkar í borgarstjórn eru samstíga í því að sjö ára gömlu viðræðuferli milli sveitarfélaga og Mennta- og menningarmálaráðherra ljúki svo hægt sé að eyða óvissu um tónlistarnám lengra kominna. Hið rétta er líka að til að sýna þann vilja í verki hafa allir flokkar í borgarstjórn samþykkt að setja börn og ungmenni í forgang þegar kemur að tónlistarnámi og að aldursviðmið yrðu sett haustið 2011.

Allir flokkar í borgarstjórn vilja móta stefnu til framtíðar og eyða óþolandi og árlegri óvissu um framtíðarskipan tónlistarnáms eldri nemenda. Við stöndum með tónlistarfólki um samfellu í tónlistarnámi og mikilvægi þess að sérstaða námsins sé virt í verkaskiptaviðræðum. Núverandi fyrirkomulag setur tónlistarnemendum úr öðrum sveitarfélögum skorður, því margir tónlistarskólar í Reykjavík eru skólar allra landsmanna. Þarfir þessara nemenda eru einn aðalhvatinn að viðræðum ríkis og borgar. Staða borgarinnar er erfið. Á Menntasviði verður að forgangsraða þannig að leik- og grunnskóli taki á sig minni hagræðingu en aðrir þættir. Í grunnskóla ganga öll börn, óháð atgervi, efnahag og félagslegri stöðu. Borgarstjórn hefur frá hruni lagt kapp á að verja velferðina, leik- og grunnskóla. Aðrir þættir í starfsemi borgarinnar verða að lúta því þar til tekur að birta á ný.






## GULLTILBOÐ 1

# ALICANTE

### FLUGSÆTI FRAM OG TIL BAKA

Veldu dagana sem þér hentar og fljúgðu til Spánar á frábæru tilboðsverði.

**Flugtímabil er 14. apríl – 6. október 2011**

FULLT VERÐ 63.900 KR.

**44.900 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x19

**Innifalið:** Flug með Icelandair og flugvallaskattar

Eingöngu fáanlegt á n1.is.

*Verð á mann.





FERÐATÍMABIL 14. APRÍL TIL 6. OKTÓBER

FLUG BÁÐAR LEIÐIR

# ÞETTA GERIR N1

## SILFURTILBOÐ 1

# TÖLVUSKJÁR

### BenQ

- 24" Full HD 16:9 LCD skjár
- 1920x1080 upplausn
- 40.000:1 DCR og SenseEye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi

FULLT VERÐ 32.900 KR.

**22.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x10



## SILFURTILBOÐ 2

# SAFAPRESSA

### MAGIMIX

Sterkbyggð og afkastamikil safapressa með sítruspressu og miðflóttaaflsvindu. Tilvalin til að töfra fram 100% hreina grænmetis- og ávaxtasafa.

FULLT VERÐ 39.700 KR.

**24.700 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x15



## N1TILBOÐ

Vr: A850 KE06765

### STÝRISSLEÐI

PUNKTAR GILDA x4

FULLT VERÐ 6.490 KR.

**2.490 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

Frábær sleði með stýri fyrir krakka á öllum aldri.

## N1TILBOÐ

Vr: 1129 KD-5917

### BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLIR

FULLT VERÐ 7.900 KR.

**3.900 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x4



Sjálfvirkur blóðþrýstingsmælir með minni.

## N1TILBOÐ

Vr: A312 89159455, A312 89159456

### CD

PUNKTAR GILDA x2

Bubbi - Sögur af ást, landi og þjóð. Þreföld safnplata.

FULLT VERÐ 3.490 KR.

**1.490 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

Friðrik Karlsson - Rólegt og rómantískt.

FULLT VERÐ 2.490 KR.

**490 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**




## N1TILBOÐ

Vr: A312 89159451, A312 89159452

### DVD

FULLT VERÐ 2.790 KR.

**790 KR. PR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

- Sex and the City 2
- Inception




PUNKTAR GILDA x2

★ GULLTILBOÐ 2

# GLASGOW

FLUG OG GISTING!

3 NÆTUR

Styttu veturinn með heimsókn til í einnar líflegustu borgar Evrópu. Flug og gisting á Jurys Inn Glasgow á frábæru verði!

**3 nætur, 11.–14. mars**

FULLT VERÐ 65.900 KR.

**39.900 KR.***

PUNKTAR GILDA x26

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallaskattar og gisting á Jurys Inn Glasgow

Eingöngu fáanlegt á n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR



★★ SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

# KORTIÐ FYRIR ÞIG

★ SILFURTILBOÐ 3

## VERKFÆRAKISTA

### MEÐ 59 VERKFÆRUM

PUNKTAR GILDA x10

- 3/8" toppasett
  - Toppar
  - Djúpir toppar
  - Liðtoppur
  - Framlengingar
  - Bitahaldari
  - Skrall
  - Átaksskaft m/lið
- Lítið bitaskrall
- 19 bitar
- Fastir lyklar
- Vatnspíputöng
- Neftöng
- Síðubítur
- Bitaskrúfjárn
- 4 skrúfjárn +/-



FULLT VERÐ 24.950 KR.

**14.950 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

★ SILFURTILBOÐ 4

## ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

### SONY

PUNKTAR GILDA x6

- Frábær hljómgæði
- Tíðnisvið 20-20.000
- Hleðslurafhlöður fylgja
- Hleðslutæki fylgir
- Drægni 100 m



FULLT VERÐ 14.990 KR.

**8.990 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

★ N1TILBOÐ

Vr: 1224 91095

**MEIRA SJÁLFSTRAUST**

FULLT VERÐ 2.990 KR.

**990 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x2




Í bókinni er skýrt út hvað sjálfstraust er, af hverju það er mikilvægt og hvernig við getum þróað það með okkur og öðrum.




## SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í febrúar eða meðan birgðir endast

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

N1

# Skattar eru forsenda velferðar

Ríkisfjármál



**Huginn Freyr Þorsteinsson**
aðstoðarmaður fjármálaráðherra

Nýverið birti Fréttablaðið frétt sem byggði á útreikningum Benedikts Jóhannessonar, stærðfræðings hjá Talnakönnun, á skattbyrði einstaklinga. Útreikningar Benedikts gefa ekki raunsanna mynd og er því nauðsynlegt er að gera allnokkrar athugasemdir við þá og einnig við forsendur þeirra sem ekki voru gerðar ljósar.

Taflan hér á síðunni sýnir samanburð á útreikningi fjármálaráðuneytisins (FJR) og Benedikts, eins og hann birtist í Fréttablaðinu.

Til að skýra muninn á niðurstöðum útreikninganna er ástæða til að gera hér grein fyrir helstu forsendum FJR.

### Tryggingargjald

Benedikt reiknar tryggingargjald af röngum stofni en lífeyrisiðgjöld sem launagreiðandi greiðir eru hluti af skattstofninum en þarna er reiknað af brúttólaununum einum.

### Iðgjald í lífeyrissjóð

Í forsendum FJR er reiknað með skylduiðgjaldi launþega í lífeyrissjóð (4% af launum) en Benedikt reiknar með 6% iðgjaldi hjá lægra launaða manninum en 7% hjá hinum hærra launaða. Þarna er um valkvæðan sparnað að ræða sem er ekki réttlætanlegt að hafa með og þaðan af síður ólíkan í báðum dæmunum.

### Eignarskattur

Í útreikningi um eignarskatt er ekki hægt að sjá hvaða forsendur Benedikt er að miða við. Eini eignarskatturinn sem er í gildi nú er auðlegðarskattur og hér vantar forsendur til að reikna hann ef um eign væri að ræða sem gæfi tilefni til auðlegðarskatts. Hann er mismunandi milli dæmanna sem gerir samanburð villandi.

### Útvarpsgjald og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra

Báðir þessir skattar eru nefskattar og sama upphæð hjá öllum sem þá greiða. Hjá Benedikt er gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra mismunandi í þessum tveimur dæmum.

### Fasteignaskattar

Það er ekki auðvelt að sannreyna fasteignaskattana í dæmi Benedikts enda fara þeir eftir því í hvaða sveitarfélagi einstaklingar í dæmunum búa. Hins vegar er óheppilegt að þessi skattur skuli vera mismunandi í dæmunum.

### Ráðstöfunartekjur

Í forsendum FJR eru ráðstöfunartekjur sérstaklega reiknaðar vegna þess að í framhaldi samanburðarins er reiknað með því að viðkomandi einstaklingar noti allar ráðstöfunartekjur sínar til þess að kaupa vörur og þjónustu. En eins og sjá má af dæmi Benedikts, þá er gert ráð fyrir að viðkomandi einstaklingur eyði meira í neyslu (í vörur sem bera virðisaukaskatt) en hann hefur til ráðstöfunar. Viðkomandi er því ekki að borga af lánum vegna bíla eða fasteignakaupa heldur eyðir öllu og meira en það í eigin neyslu.

### Virðisaukaskattur og vörugjöld

Virðisaukaskattgreiðslurnar í útreikningi FJR taka mið af meðalhlutfalli virðisaukaskatts í einkaneyslu landsmanna. Hlutfallið á milli virðisaukaskatts og vörugjalda er hið sama og í útreikningi Benedikts (62% vörugjöld á móti VSK) þó svo að hlutfallið eigi að vera mun lægra. Tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum eru einungis 1/3 af tekjum af virðisaukaskatti.

> Skattbyrði lægstu tekjuhópa samfélagsins hefur lækkað eftir að breytingar voru gerðar á skattkerfinu í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Ekki er hægt að átta sig á hvaða forsendur Benedikt gefur sér varðandi virðisaukaskatt og vörugjöld. En út frá virðisaukaskattinum einum getum við reiknað út að til þess að greiða þann virðisaukaskatt sem Benedikt reiknar með þyrfti viðkomandi að eyða meiru en hann hefur til ráðstöfunar eins og sjá má í neðstu línu í samanburðinum.

### Hvað vantar?

Í reikningnum hjá FJR er ekki reiknað með því að ráðstöfunartekjurnar séu notaðar í neina neyslu sem ekki ber meðalvirðisaukaskatt. Þar með þarf viðkomandi ekki að greiða neina vexti eða afborganir af því húsnæði sem hann á því annars greiddi hann ekki fasteignaskatta nema hann eigi húsnæðið skuldlaust. Það dæmi er hins vegar ekki sérlega lýsandi fyrir stöðu flestra og þá gerist hvort tveggja að greiðsla óbeinna skatta minnkar en jafnframt koma til vaxtabætur.

Ef við gæfum okkur það dæmi að lægra launaði einstaklingurinn skuldaði í íbúðarhúsnæði og borgaði yfir 700 þúsund kr. á ári í vexti fengi hann fullar vaxtabætur, sem í ár verða 400 þúsund kr. eða 33 þúsund kr. á mánuði. Við verðum að reikna með því að viðkomandi sé barnlaus því annars fengi hann barnabætur. Að sleppa þessu úr útreikningum á skattbyrði líkt og í útreikningum Benedikts gerir þá ómarktæka. Þess utan stendur skattkerfið undir opinberri samneyslu og þannig nýtur hver einasti landsmaður þeirrar þjónustu sem hið opinbera veitir og þess öryggisnets sem velferðarkerfið er.

Að lokum er ástæða til að benda á þá staðreynd að skattbyrði lægstu tekjuhópa samfélagsins hefur lækkað eftir að breytingar voru gerðar á skattkerfinu í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Ætti það að vekja nokkra athygli enda ótrúlegt að á góðærisárunum hafi skattbyrði verið meiri á tekjulægsta hóp samfélagsins en nú rúmlega tveimur árum eftir hrun. Á móti kemur að skattbyrði á fólk með háar tekjur er meiri. En væntanlega er það þannig sem íslenskt velferðarsamfélag á að vera – að hinir aflögufæru greiði sitt til samfélagsins.

### Útreikningur á beinum og óbeinum sköttum

| | dæmi með lægri tekjum | | dæmi með hærri tekjum | |
|---|---|---|---|---|
| | FJR | Benedikt J | FJR | Benedikt J |
| Heildarkostnaður launagreiðanda | 395.235 | 392.421 | 546.281 | 542.388 |
| Tryggingargjald | 30.954 | 28.140 | 42.818 | 38.925 |
| Lífeyrisgjöld launagreiðanda | 32.532 | 32.532 | 45.000 | 45.000 |
| Slysatryggingar o.fl. | 6.431 | 6.431 | 8.463 | 8.463 |
| Brúttólaun | 325.318 | 325.318 | 450.000 | 450.000 |
| Iðgjald í lífeyrissjóð | 13.013 | 19.519 | 18.000 | 31.500 |
| Félagsgjöld | 3.253 | 3.253 | 4.500 | 4.500 |
| Tekjuskattur | 34.045 | 33.085 | 66.362 | 62.550 |
| Eignarskattur | 0 | 1.301 | 0 | 6.300 |
| Útvarpsgjald | 1.492 | 1.500 | 1.492 | 1.500 |
| Framkvæmdasjóður aldraðra | 725 | 654 | 725 | 905 |
| Útsvar | 45.003 | 45.717 | 62.251 | 63.238 |
| Fasteignaskattar | 11.645 | 11.645 | 16.108 | 16.108 |
| Ráðstöfunartekjur | 216.142 | 208.644 | 280.561 | 263.399 |
| Virðisaukaskattur | 35.880 | 37.593 | 46.573 | 52.002 |
| Vörugjöld | 22.358 | 23.426 | 29.018 | 32.400 |
| Eftir í veski launamanns | 0 | -17.004 | 0 | -48.738 |




Flugstjórar og flugmenn óskast!

**Hæfniskröfur**

Öll tilskilin réttindi

A.m.k. 3.000 flugtímar vegna flugstjórastarfs

Týpuréttindi á Boeing 737-300 til 900 eða Boeing 757

JAR-skírteini

Mjög góð enskukunnátta eða enskukunnátta á stigi 4 skv. ICAO-staðli

Hæfni í mannlegum samskiptum

Iceland Express auglýsir, fyrir hönd flugfélagsins **Astraeus**, eftir flugmönnum. Leitað er eftir fastráðnum flugmönnum í fullt starf vegna aukinna umsvifa og sterkrar verkefnastöðu. Annars vegar er um að ræða áætlunarflug milli Íslands og áfangastaða Iceland Express í Evrópu og Ameríku og hins vegar önnur tímabundin verkefni sem Astraeus er með víða um heim. Viðkomandi þarf að uppfylla öll viðeigandi skilyrði og þarf að geta hafið störf eigi síðar en í maí.

Flugmenn Astraeus sem starfa fyrir Iceland Express hafa aðsetur á Íslandi.

**Umsóknir skulu vera á ensku og þurfa að berast fyrir 18. febrúar nk. til starfsmannahalds Iceland Express. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.icelandexpress.is/jobs**

Iceland Express

www.icelandexpress.is







# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Vistvæna prentsmiðjan! GUÐJÓNÓ VISTVÆN PRENTSMIÐJA Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 2. febrúar 2011 – 2. tölublað – 7. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



**Eins og lán frá foreldrum**

AGS hefur létt okkur höggið 6










**Finnur Oddsson**

Skynsamleg uppbygging skattkerfisins 12




## Fjárfestir fyrir 1.000 milljarða

Mexíkóski auðjöfurinn Carlos Slim hyggst fjárfesta fyrir 8,3 milljarða Bandaríkjadala á þessu ári, eða tæplega þúsund milljarða íslenskra króna. Fjárfestingar hans ná til nítján landa, flest eru í Suður-Ameríku.

Stærsti hluti fjárfestinga hans er í heimalandinu Mexíkó, en hann hyggst fjárfesta í fjarskipta- og námufyrirtækjum auk samgöngumannvirkjum fyrir 3,6 milljarða dala þar í landi. Önnur lykillönd fjárfestinga hans eru Brasilía, Kólumbía, Perú, og Argentína.

Carlos Slim tók efsta sætið af Bill Gates sem ríkasti maður heims á lista Forbes í fyrra. - shá

## Úrvalsvísitalan yfir 1.000 stig

Úrvalsvísitalan í Kauphöll Íslands rauf 1.000 stiga múrinn í janúar þar sem hún stóð í 1.007 stigum í lok mánaðar eftir 8 prósenta hækkun frá fyrri mánuði.

Í tilkynningu frá Kauphöllinni segir að heildarviðskipti með skuldabréf hafi numið 201 milljarði í janúar og heildarviðskipti með hlutabréf hafi numið 2.880 milljónum á sama tíma.

Mest voru viðskipti með hlutabréf Icelandair, 1.638 milljónir, og bréf Marels, 884 milljónir.

Þórður Friðjónsson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland, segir þessa þróun sýna að áhugi sé á nýjum fjárfestingarkostum. - þj

## HELST Í ÚTLÖNDUM

### Einkunn Spánar staðfest

Standard & Poor's hefur staðfest óbreytta lánshæfiseinkunna Spánar, AA, með vísan í fyrirætlanir stjórnvalda um opinberan niðurskurð og hagræðingu. Horfur eru engu að síður sagðar neikvæðar vegna skuldastöðu landsins, mikils atvinnuleysis og annarra efnahagsþrenginga.


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Brutu af sér við borunina

Bandarísk olíufélög hafa orðið uppvís að því að brjóta lög um heilnæmi vatnsbóla með því að dæla tugum milljóna lítra af dísilolíu ofan í borholur í Bandaríkjunum. Fram kemur í umfjöllun New York Times að þessi olíutækni nefnist „fracking" en með henni megi ná úr jarðvegi meira magni olíu og gass en annars, með því að „brjóta upp" jarðveginn.

### Atvinnuleysistölur óbreyttar

Atvinnuleysi í löndum evrusvæðisins stóð í stað í 10,0 prósentum milli mánaða í desember, samkvæmt nýjum tölum Eurostat. Atvinnuleysi í Evrópusambandinu öllu stóð líka í stað og mældist 9,6 prósent.

# Fjórtán þúsund fyrirtæki á bjargbrúninni

## Rúm fjörutíu prósent fyrirtækja landsins eru í miklum vanskilum. Mikilvægast að bjarga landsbyggðarfyrirtækjum.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Af rúmlega 32.500 fyrirtækjum landsins glíma 13.500 við áhættu í rekstri umfram það sem eðlilegt getur talist eða eru komin að fótum fram, eru orðin ógjaldfær eða í alvarlegum vanskilum. Þetta jafngildir um 42 prósentum fyrirtækja í landinu, samkvæmt gögnum Creditinfo. Staðan er verst á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu en þar er um og yfir helmingur fyrirtækja illa staddur.

Um miðjan desember kynntu efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Félag atvinnurekenda, fjármálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands víðtækt samkomulag sem nefnist Beina leiðin og á að leiða til úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þá var tilkynnt að stefnt væri að því að fyrir 1. júní lykju bankarnir við skoðun á fjárhagsstöðu fyrirtækja og gerðu þeim lífvænlegu í fjárhagsvanda tilboð um úrvinnslu skulda.


RAKEL SVEINSDÓTTIR

Um síðustu áramót höfðu 900 fyrirtæki fengið úrlausn mála hjá Íslandsbanka og 402 hjá Arion banka. Á sama tíma voru þar í vinnslu 532 mál . Upplýsingar lágu ekki fyrir í gær um fjölda fyrirtækja í skuldaaðlögun hjá Landsbankanum. Misjafnt er hvaða úrræðum er beitt. Ýmist fara fyrirtækin í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu, fá höfuðstólslækkun lána eða eignaleigusamninga. Þá hefur tíðkast að lánardrottnar breyti kröfum í lán eða veiti brúarlán sem eigendur fyrirtækjanna greiða niður. Misjafnt er hvernig aðkoma bankanna að fyrirtækjum í skuldavanda er; í sumum tilvikum leita forsvarsmenn fyrirtækja sjálfir til bankanna, í öðrum á bankinn frumkvæðið.

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi, segir að þótt fyrirtækin séu flest á höfuðborgarsvæðinu verði í endurreisnarstarfinu að leggja áherslu á fyrirtækin á landsbyggðinni. „Þar eru kannski ekki stærstu fyrirtækin. En þau skipta miklu máli. Eitt gjaldþrot úti á landi getur haft gríðarleg áhrif á byggðarlagið," segir Rakel.

**STAÐA FYRIRTÆKJA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐI OG LANDSBYGGÐINNI**

| Landsvæði | Fjöldi | Áhætta umfram eðlileg mörk | Í vanskilum | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsv. | 23.141 | 30% | 19% | 49% |
| Suðurnes | 1.614 | 39% | 16% | 55% |
| Vesturland | 1.229 | 25% | 14% | 39% |
| Vestfirðir | 787 | 24% | 12% | 36% |
| N.land vestra | 595 | 23% | 11% | 34% |
| N.land eystra | 2.101 | 23% | 12% | 35% |
| Austurland | 769 | 26% | 13% | 39% |
| Suðurland | 2.327 | 33% | 13% | 46% |
| Samtals | 32.563 | | | |
| Meðaltal | | 28% | 14% | 42% |



# Lánshæfið að batna

## Verði Icesave-samingur samþykktur er líklegt að matsfyrirtæki hækki lánshæfiseinkunn Íslands.

Líklegt er að Moody's hækki lánshæfiseinkunn ríkissjóðs verði frumvarp sem heimilar fjármálaráðherra að samþykkja nýja Icesave-samninga samþykkt á Alþingi. Frumvarpið hefur verið afgreitt til annarrar umræðu á Alþingi.

Í Morgunkorni greiningar Íslandsbanka í gær er vitnað í orð Kathrin Muehlbronner, sérfræðings Moody's, þar að lútandi í viðtali við Bloomberg. Þá er vísað í orð Pauls Rawkins, sérfræðings Fitch Ratings, um að endurskoðuð lánshæfiseinkunn hjá Fitch Ratings verði birt á næstu mánuðum og að hún muni innihalda áhrifin af Icesave-samningunum.

„Eileen Zhang, sérfræðingur hjá lánshæfismatsfyrirtækinu Standard&Poors, segir að samþykkt Icesave-samninganna muni gefa þeim skýrari sýn og eyða einum áhættuþættinum," segir einnig í Morgunkorni Íslandsbanka. - óká

# Skuldsettu föður sinn upp í rjáfur

## Leppfélag Werners Rasmussonar skuldaði 42 milljarða í lok árs 2009.

Félagið Svartháfur tapaði rúmum 6,3 milljörðum króna árið 2009 samanborið við 210 milljóna króna tap ári fyrr. Skuldir námu tæpum 42 milljörðum króna og var eigið fé neikvætt um rúma 6,5 milljarða. Eina eign félagsins var lánveiting upp á tæpa 35 milljarða.



KARL WERNERSSON

Svartháfur var stofnaður í febrúar 2008 og upphaflega notaður til að leppa eða taka við 191 milljónar evra láni, jafnvirði um 19 milljarða króna, frá Glitni og lána féð áfram til Þáttar International, félags í eigu tryggingafélagsins Sjóvár, dótturfélags Milestone.

Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið að Svartháfur var búinn til svo lánanefnd Glitnis gæti farið framhjá reglum um útlánamörk til einstakra aðila.

Eigandi Svarth※fs var apótekarinn Werner Rasmusson en á meðal helstu eigenda Þáttar og Milestone voru synir hans, Karl og Steingrímur. Lánið notaði Þáttur til að greiða niður lán frá bandaríska bankanum Morgan Stanley sem tekin voru til að kaupa hlut í Glitni og sænska tryggingafélaginu Invik, sem síðar varð Moderna.

Félagið gat ekki staðið skil á afborgunum á gjalddaga lána árið 2009 og tók skilanefnd Glitnis félagið yfir sama ár. - jab

## BANKABÓKIN

| Samanburður á vaxtatöflum bankanna | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,15% A | 11,45% | 11,40% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 2,15% | 12,00% | 12,00% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,65% B | 11,45% | 11,45% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 2,40% | 11,45% | 9,55 til 11,45% |
| BYR | PM-reikningur 2,35% | 11,40% | 11,25 til 11,45% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 2,45% C | 11,45% | 11,45% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 2,45% | 10,20% | Ekki í boði. |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. A Bundinn í tíu daga. B Bundinn í sjö daga. C Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*



BYGGINGARVINNA Þrátt fyrir að kreppan hafi leikið byggingariðnaðinn grátt, gæti ástandið enn versnað að mati Samiðnar.

# Slæmar vinnuhorfur í byggingariðnaði

## Um fjórðungur atvinnulausra á landinu er í byggingariðnaði. Útlit fyrir skell þegar framkvæmdum við Hörpu lýkur í vor. Hætta á frekari landflótta fagfólks.

**Þorgils Jónsson**
skrifar

Um fjórðungur þeirra tæplega 14.000 manna sem voru án atvinnu á Íslandi um síðustu áramót eru fagmenn og verkafólk í byggingariðnaði og mannvirkjagerð.

Þær tölur sýna glögglega að byggingariðnaðurinn virðist hafa farið verst allra greina út úr hruninu og eftirköstum þess. Sér ekki enn fyrir endann á þeirri þróun að sögn Þorbjörns Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Samiðnar.



ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON

„Staðan er þannig að þegar framkvæmdum við tónlistarhúsið Hörpu lýkur í vor, er ekkert sem tekur við því fólki sem þaðan kemur og þá mun sennilega koma annar skellur. Núna er örlítil hreyfing að komast á íbúðamarkaðinn, en til þess að það verði einhver umtalsverð breyting varðandi markaðinn í heild verða að koma til stórframkvæmdir, hvort sem þær eru á vegum einkaaðila eða hins opinbera."

Þorbjörn bætir því við að þegar hafi mikill fjöldi faglærðra iðnaðarmanna flutt utan í atvinnuleit, meðal annars til Noregs.

„Ætla á við um flestar fagstéttir hér á landi, en ef þetta ástand varir mikið lengur er hætta á að þetta fólk komi ekki til baka og við gætum þannig tapað miklum fjölda af faglærðu fólki."

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir í samtali við Markaðinn að vissulega hafi byggingariðnaðurinn farið illa út úr ástandinu síðustu misseri, en þó hafi vinnumarkaðurinn nokkuð glæðst nú í byrjun árs.



GISSUR PÉTURSSON

„Það er ekki víst með byggingariðnaðinn sem slíkan, en við hjá Vinnumálastofnun höfum verið að sjá þó nokkuð af lausum stöðum nú í byrjun árs. Það gefur okkur vísbendingu um að það sé að komast hreyfing á vinnumarkaðinn."

Að meðaltali voru 13.200 manns án atvinnu á síðustu þremur mánuðum síðasta árs, og fjölgaði um 1.200 manns frá árinu áður, að því er fram kemur á vef Hagstofu Íslands.

Atvinnuleysið var mest hjá ungu fólki, 15,4 prósent fólks á aldrinum 16 til 24 ára voru án atvinnu, en 6,6 prósent fólks á aldursbilinu 25 til 54 ára. Hjá fólki 55 til 74 ára var atvinnuleysið 3,8 prósent.

Gissur segist þó, aðspurður, vera vongóður um að atvinnuleysistölur muni lækka á komandi mánuðum.

„Ég trúi því. Þetta fer vel af stað og þó að þetta verði hægur bati þá verður örugglega bati."

# Enn er fundað með AGS

## Fimmta endurskoðun efnahagsáætlunar hafin.

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) er stödd hér á landi vegna fimmtu endurskoðunar efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar og sjóðsins.



FRANEK ROZWADOWSKI

Fram kemur í tilkynningu sem Franek Rozwadowski, sendifulltrúi sjóðsins með aðsetur hér á landi, sendi frá sér í gær að teymi AGS hafi komið hér 31. janúar og verði fram á næsta mánudag, 7. febrúar. - óká




# Síminn annast tölvumál Alvogen

## Lyfjafyrirtækið Alvogen hefur samið við Símann um hýsingu og rekstur upplýsinga- og tölvukerfis. Síminn sagður standa framar bandarískum tæknifyrirtækjum.

„Í Bandaríkjunum er litið á vistun gagna sem hágæðavöru og verðmiðinn er hár," segir Joe Rutz, framkvæmdastjóri alþjóðlega samheitalyfjafyrirtækisins Alvogen, um ástæðu þess að fyrirtækið hefur samið við Símann um hýsingu og rekstur upplýsinga- og tölvukerfis fyrirtækisins. Alvogen er með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum en starfsemi í sjö löndum, þar á meðal hér.

Rutz segir verðið ekki hafa verið allt; leitað hafi verið víða um heim að þjónustuaðila sem gæti stækkaði í takt við Alvogen, svo sem í Bandaríkjunum, Mið-Evrópu og á Indlandi. Síminn hugnaðist honum best. Alvogen hefur sömuleiðis unnið með auglýsingastofunni Fíton að þróun vörumerkis og markaðssetningu erlendis og veffyrirtækinu Atómstöðinni.



JOE RUTZ Framkvæmdastjóri tæknimála hjá samheitalyfjafyrirtækinu Alvogen segir hagstæðara að kaupa tæknipjónustu hér en í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Kjarnakerfi Alvogen verða staðsett í vélasölum Símans og munu notendur þess fá aðgang að heimasvæðum sínum, tölvupóstkerfi, vírusvörnum og afritun, óháð staðsetningu.

Róbert Wessman, áður forstjóri Actavis, er starfandi stjórnarformaður Alvogen og leiðir uppbygginguna þess á alþjóðamörkuðum. - óká, jab

# Tölvukerfin eiga heima hjá **EJS**

***EJS hýsir og rekur netþjóna og tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum:***

***Sveitarfélagið Vogar***

Öll starfsemi sveitarfélagsins, hvort sem um er að ræða grunnskólann eða íþróttamiðstöðina, stólar á tölvukerfi hjá EJS.

***Bílabúð Benna***

Bílabúð Benna treystir á öruggt aðgengi að ökutækjaskrá allra bifreiða á Íslandi í gegnum Upplýsingaheima EJS.

***Bændasamtökin***

Bændasamtökin beita sér fyrir málefnum bænda og þurfa ekki að hafa áhyggjur af tölvumálum á meðan.

***Lækning***

Trúnaðarupplýsingar eru í öruggu skjóli bak við traustan eldvegg EJS.



Sérfræðingar okkar sjá um að hýsa, reka og þjónusta tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum.

Þau fyrirtæki sem hafa flutt tölvukerfin til EJS hafa minnkað umstang, aukið öryggi og dregið verulega úr kostnaði.

**Kannaðu hvort það borgi sig ekki að flytja tölvukerfið til EJS.**

www.ejs.is | Grensásvegi 10, 108 Reykjavík | Sími 563 3000 | Tryggvabraut 10, 600 Akureyri | Sími 463 3000

EJS | HLUTI AF SKÝRR

Allt á uppleið í Þýskalandi:

# Atvinnuleysi í 19 ára lágmarki

Atvinnuleysi í Þýskalandi hefur ekki verið minna frá árinu 1992 og jaðrar nú við að skortur sé á vinnuafli.

3,1 milljón manna er án vinnu, sem jafngildir 7,4 prósentum af mannafla, og samkvæmt tölum vinnumálastofnunar þar í landi er það hlutfall það lægsta sem hefur sést frá nóvember 1992. Eftir fjármálakreppuna haustið 2008 hefur leiðin legið skarpt upp á við hjá Þýskalandi og hafa síðustu misseri einkennst af hraðasta hagvexti sem um getur frá sameiningu Austur- og Vestur-Þýskalands. **- þj**




**FRÁ BERLÍN** Efnahagslífið í Þýskalandi er í rífandi uppsveiflu.

# Magnús skilur eftir sig skuldaslóð

Einkahlutafélagið F 14 Holding, tapaði um 1,2 milljörðum króna árið 2009 og bætist það við 282 milljóna króna tap frá fyrra ári. Skuldirnar, 2,6 milljarðar, eru að nær öllu leyti tengdar verðbréfaviðskiptum. Eigið fé var neikvætt um tæpa 2,5 milljarða króna í lok ársins, samkvæmt nýbirtum ársreikningi.

F 14 Holding hét áður Maggi ehf. og var í eigu athafnamannsins Magnúsar Ármann sem var stórtækur í íslensku viðskiptalífi fram að hruni. Maggi átti helmingshlut í Materia Invest, sem Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi fyrir skemmstu til að greiða Arion banka 6,4 milljarða króna lán til baka með dráttarvöxtum. Eigendur félagsins, Magnús Ármann og Kevin Stanford, voru sömuleiðis dæmdir til að greiða bankanum 240 milljónir króna.

Magnús, sem sagður er búsettur í Barcelona á Spáni, átti sömuleiðis félagið Imon sem fékk níu milljarða króna lán hjá Landsbankanum 3. október 2008 til kaupa á hlutabréfum í bankanum fyrir sömu upphæð. Mál félagsins mun nátengt rannsókn embættis sérstaks saksóknara á allsherjar markaðsmisnotkun í Landsbankanum. **- jab**



**ATHAFNAMAÐUR** Athafnamaðurinn Magnús Ármann var eitt sinn umsvifamikill í íslensku viðskiptalífi. Nú virðist hann eiga skuldir víða. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Vefverðlaunatilnefningar í fjölda flokka

Afhending í Tjarnarbíói á föstudaginn.

Tilnefnt er til verðlauna í tíu flokkum við afhendingu Íslensku vefverðlaunanna 2010 í Tjarnarbíói næstkomandi föstudag.

Fram kemur í tilkynningu að íslensku vefverðlaunin séu uppskeruhátíð vefiðnaðarins, „haldin með það að markmiði að efla hann, verðlauna bestu vefina og hvetja þá sem starfa á þessum vettvangi til dáða“.

Tilnefnt er fyrir besta sölu- og kynningarvef fyrirtækis, bæði með fleiri og færri en 50 starfsmenn, besta þjónustu- og upplýsingavefinn, besta afþreyingar- og fréttavefinn, besta blogg/efnistök/myndefni, besta vefinn fyrir hand- eða smátæki, bestu markaðsherferðina, bestu hönnunina, frumlegasta vefinn, athyglisverðasta vefinn og svo besta vef Íslands 2010.

Verðlaunin eru nú afhent í tíunda sinn, en dagskráin hefst klukkan sex með fyrirlestri Simons Collison (www.colly.com), en hann er af mörgum sagður talinn einn færasti vefhönnuður heims. **- óká**

**NOKKRIR TILNEFNDIR**

**Besti söluvefur stórfyrirtækis:**
www.icelandair.is
www.legendsofvalhalla.com
www.nova.is
www.ring.is
www.stod2.is

**Besti þjónustu- og upplýsingavefurinn:**
datamarket.com
www.ja.is
www.listasafnreykjavikur.is
www.meniga.is
www.skogur.is

**Besti afþreyingar- og fréttavefurinn**
bestulogin.siminn.is
www.gitargrip.is
www.pressan.is
www.sport.is
www.stjornuskodun.is

**Besta markaðsherferðin**
www.ring.is
www.hlaupastyrkur.is
www.icelandwantstobeyourfriend.com
www.inspiredbyiceland.is
www.karlarogkrabbamein.is




**GÆÐAVOTTUN** Hannes A. Hannesson, framkvæmdastjóri Pósthússins, segir gæðavottun sem fyrirtækið fékk nýlega, leggja grunn að frekari sókn fyrirtækisins á dreifingarmarkaðinum hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gæðavottun er góður stuðningur til sóknar

## Pósthúsið hf. fékk nýlega gæðavottun sem framkvæmdastjóri segir viðurkenningu á góðu starfi innan fyrirtækisins.

**Þorgils Jónsson skrifar:**

Pósthúsið hf., sem hefur boðið upp á margvíslega dreifingarþjónustu frá árinu 2004, fékk fyrir skemmstu gæðavottun samkvæmt ISO 9001:2008 staðlinum og uppfyllir því þær kröfur sem því fylgja. Framkvæmdastjóri segir vottunina viðurkenningu á góðu starfi.

Pósthúsið sér meðal annars um dreifingu Fréttablaðsins auk fjölpósts og nafnadreifingar blaða og tímarita.

„Í raun og veru ákváðum við að fara út í þessa vottun eftir að hafa farið út í uppstokkun á öllum vinnuferlum hjá okkur og þjónustugæðum,“ segir Hannes A. Hannesson, framkvæmdastjóri Pósthússins, í samtali við Markaðinn.

„Eftir að hafa gengið í gegnum breytingar á starfseminni þurftum við að festa okkar vinnuferla til framtíðar. Þar sem við erum þjónustufyrirtæki þarf að staðla okkar þjónustu og hún þarf að vera í samræmi við þau loforð sem við gefum viðskiptavinum okkar. Svo er líka tekið með gagnrýni á þeim frávikum sem verða til þess að koma í veg fyrir að slíkt hendi aftur.“

Hannes segir innleiðingarferlið, sem var unnið í samstarfi við ráðgjafarfyrirtækið 7.is, hafa gengið framar vonum og það sé ekki síst að þakka framlagi starfsfólks. Vottunin sé viðurkenning á góðu starfi og eigi þar að auki eftir að styrkja fyrirtækið í frekari sókn.

„Við förum út í þetta ferli til að styrkja stöðu okkur til framtíðar en fyrirtæki krefjast í auknum mæli þess að þjónustufyrirtæki sem þau skipta við hafi slíka vottun. Þetta leggur því grunn að frekari sókn Pósthússins, hvort sem er á sviði blaða eða tímaritadreifingar, póstþjónustu eða vörudreifingu sem er okkar kjarnastarfsemi. Þetta er okkur mikill stuðningur til frekari sóknar.“



**OLÍUSLYS** Olíurisinn BP hefur enn ekki náð sér á strik eftir mengunarslysið í Mexíkóflóa. NORDICPHOTOS/AFP

# Greiða arð þrátt fyrir tap

Enn vandræði hjá breska olíurisanum BP.

Olíufélagið BP hefur ekki enn náð fyrri stöðu eftir mengunarslysið í Mexíkóflóa í fyrra þrátt fyrir að hafa skilað hagnaði á fjórða ársfjórðungi 2010. Hagnaður BP frá október fram að áramótum nam alls um 4,6 milljörðum dala, en yfir árið var tapið 4,9 milljarðar.

Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 1992 sem fyrirtækið er rekið með tapi, en engu að síður verður hluthöfum greiddur arður fyrir síðasta ársfjórðung, sem nemur sjö sentum á bréf. Það er í takt við spár sérfræðinga og er um helmingur þess sem greitt var fyrir atvikið í Mexíkóflóa. **- þj**

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing


Allt sem þú þarft...

# Ríkisstyrkir til Boeing ólöglegir

Milljarða dollara opinberir styrkir til Boeing skekktu samkeppni segir WTO.

Alþjóðaviðskiptastofnunin (World Trade Organization, WTO) hefur komist að þeirri niðurstöðu að bandaríski flugvélaframleiðandinn Boeing hafi áratugum saman notið mikilla og ólöglegra opinberra styrkja. Í skýrslu stofnunarinnar sem kynnt var Evrópusambandinu (ESB) í byrjun vikunnar er Boeing sagt brotlegt við alþjóðasamninga. Lokaskýrslu WTO um málið er sagt að vænta innan nokkurra vikna.

Boeing og evrópski flugvélaframleiðandinn Airbus hafa árum saman eldað grátt silfur vegna meintrar ríkisaðstoðar. Í tilkynningu sem Airbus sendi frá sér er aðstoðin til Boeing sögð langtum skaðlegri áhrif á samkeppni í flugiðnaði en lán Evrópuríkja til Airbus, sem Boeing hefur gagnrýnt.

Því er hins vegar haldið fram af hálfu ESB að Boeing hafi notið ólöglegra styrkja upp á 24 milljarða dala (um 2.780 milljarða króna) í formi beinna styrkja alríkisins og einstakra ríkja Bandaríkjanna, rannsóknarstyrkja og afnota af rannsóknarvinnu og tækni bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA og varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna. Endanlegt umfang skýrist þó ekki fyrr en með lokaskýrslu WTO, að því er fram kemur í umfjöllun fréttastofu AP.



**DREAMLINER Í KEFLAVÍK** Í tilkynningu Airbus er því haldið fram Boeing hefði ekki getað framleitt 787 Dreamliner þotu sína án ríkisstyrkja. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Bæði ESB og Bandaríkin hafa leitað til WTO vegna meintrar ólöglegrar ríkisaðstoðar til flugfélaganna beggja. Málin hafa verið í rannsókn síðan 2004. - óká

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# BURT ÚR BÆNUM

# HRISTU HÓPINN SAMAN!

Burt úr bænum er fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum.
Komdu liðinu skemmtilega á óvart.

Taktu flugið burt úr bænum. Tilvalið fyrir starfsmannaferðir, árshátíðir, óvissuferðir eða menningarferð með fjölskyldunni.

Frábær ferðatilboð til allra áfangastaða okkar innanlands og nú bjóðum við einnig ferðir til Færeyja.

**REYKJAVÍK**
**EGILSSTAÐIR**
**ÍSAFJÖRÐUR**
**AKUREYRI**
**ÞÓRSHÖFN Í FÆREYJUM**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.FLUGFELAG.IS EÐA Í SÍMA 570 3075.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 52998 01/11

# *Aðstoð AGS* mildar áhrifin hér

Þegar litið er til áhrifa efnahagsþrenginga í Finnlandi og Svíþjóð á fyrri hluta tíunda áratugar síðustu aldar og Danmörku í upphafi níunda áratugarins kemur í ljós að áhrif á ríkisfjármál voru meiri þar en í gjaldeyris- og fjármálakreppunni hér. *Óli Kristján Ármannsson* rýnir í tölurnar og kannar hvað veldur því að hér virðast áhrif minni þótt áföllin hafi verið meiri.

**AFKOMA HINS OPINBERA (ÁN VAXTAGJALDA OG -TEKNA)**




Heimild: Efnahags-og viðskiptaráðuneytið

Samanburð á áhrifum efnahagsþrenginga á afkomu hins opinbera er að finna í skýrslum þeim sem fylgja reglubundinni endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Borin eru saman áhrifin hér og í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi í efnahagsþrengingum sem þar riðu yfir á níunda og tíunda áratug síðustu aldar.

Á myndinni, sem birt er hér til hliðar, má sjá að afkoma hins opinbera varð mun verri í sænsku og finnsku kreppunum. Í Danmörku varð halli hins opinbera ámóta mikill og hann varð hér árið 2009, en virðist vara lengur.

Þegar Göran Persson, fyrrum forsætisráðherra Svía, sótti Ísland heim skömmu eftir hrun, í desember 2008, lagði hann áherslu á það, í erindi sem hann hélt í Háskólanum, að ekki mætti draga lappirnar í að bregðast við kreppunni. Hann vísaði líka til þess að Svíar hefðu í sinni kreppu í byrjun tíunda áratugarins ekki notið stuðnings Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við endurreisn sína. Þar hafi því þurft að grípa til meiri og markvissari aðhaldsaðgerða til að sýna heiminum fram á að verið væri að takast á við kreppuna.

### ÚTLENDINGAR LÁTNIR BLÆÐA

Þórólfur Matthíasson, prófessor og deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, bendir á að Svíar og Finnar (Danir í minni mæli) hafi þurft að leggja fram mikið fé til að bjarga bönkum sínum frá því að fara í þrot. „Það er væntanlega þess vegna sem dýfan er svona djúp á kreppuárinu hjá þeim,“ segir hann og bendir á að hér hafi við látið útlendinga að miklu leyti bera kostnaðinn af bankahruninu, fyrir utan Icesave sem ekki sé enn komið inn í þær tölur. „Þetta varð til þess að höggið á ríkissjóð varður minna hjá okkur en hjá hinum Norðurlöndunum þegar þau urðu fyrir sínum skellum í upphafi tíunda áratugarins,“ segir hann.

Þórólfur bendir einnig á að AGS hafi talsvert breytt út af fyrri venjum þegar sjóðurinn tók að sér að aðstoða Ísland. „Þeir koma inn með lánafyrirgreiðslu, en menn voru sammála um það fyrst á eftir að leyfa því sem kallað er sjálfvirkir sveiflujafnarar að virka.“ Sjóðurinn hafi um leið látið hjá líða að gera kröfu um að dregið yrði úr atvinnuleysisbótarétti, greiðslum almannatrygginga eða að skattar yrðu hækkaðir til þess að koma jafnvægi á útgjöld hins opinbera.

„Og þarna gengu þeir eiginlega þvert á það sem þeir hafa gjarnan gert áður þar sem gerð hefur verið krafa um að ríki þar sem þeir koma með lánveitingu taki til hjá hinu opinbera.“



**ENGINN TIL AÐ GRÍPA** Skíðakonurnar Hanna Falk frá Svíþjóð og Pirjo Muranen frá Finnlandi komust að því í skíðagöngukeppni kvenna sem fram fór í Þýskalandi í desember að skellurinn er þeim mun meiri þegar enginn er til að grípa. Niðurskurður Svía og Finna í bankakreppu tíunda áratugarins var meiri en Íslendinga í kreppunni nú, enda höfðum við hér Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til að milda höggið. NORDICPHOTOS/AFP

Þórólfur segir Ísland njóta þess að vera öðruvísi hagkerfi en sjóðurinn hafi alla jafna aðstoðað, því það hafi oft verið þriðjaheimshagkerfi með léleg tekjuöflunarkerfi. „Sjóðurinn treysti tekjuöflunar- og útgjaldakerfi íslenska ríkisins,“ segir hann. Vegna þess að stjórnvöld höfðu hér nokkurn veginn stjórn á þróun mála var stöðumatið á þá leið að landið gæti tekið á sig meiri halla í upphafi og fetað sig hægar inn á jöfnuð á opinberum útgjöldum.

### SVÍAR GÁTU TEKIÐ SKELLINN

„En Svíar og Finnar fengu náttúrlega ekki þessa aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þeir höfðu bara á sjálfa sig að treysta og getu sína til að taka lán erlendis til að fjármagna viðskiptajöfnuðinn.“ Þórólfur líkir muninum við það að Ísland hafi getað fengið lán hjá „pabba og mömmu“ í stað þess að þurfa að leita til bankastjórans.

Þórólfur kveðst muna vel eftir lýsingu Görans Persson á þeim aðstæðum sem hann stóð frammi fyrir í sænsku kreppunni. Persson hafi lýst því hvernig hann hafi komið til New York og haldið á Wall Street þar sem hann talaði þar við unga menn sem varla hafi haft eirð í sér til að tala við hann. „Ég hugsaði með mér: ég mun ekki koma Svíþjóð í þá stöðu að þurfa að treysta á miskunn þessara aðila,“ hefur Þórólfur orðrétt eftir Persson. „Með það fór hann heim og sagði við Svía: Nú eru mögur ár í vændum, nú tökum við skellinn!“

Þórólfur segir Svía hafa haft efni á þessu vali, að taka fremur skellinn en „fara á hnjánum til Wall Street og biðja um gott veður“. Landið hafi því ekki þurft að taka lán frá alþjóðlegum fjármálamörkuðum á afarkjörum.

Að nokkru leyti segir Þórólfur því hægt að halda því fram að hér sleppum við billegar en Svíar og Finnar því afkoma hins opinbera sé betri þótt hlutfallslega hafi hér dunið yfir meiri ytri áföll. Skuldabréfaútgáfa ríkisins hefði verið margfalt dýrari en lánafyrirgreiðsla AGS. „Við erum að fara betur vegna samstarfsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, það er engin spurning.“




## KREPPUR NÁGRANNAÞJÓÐANNA

### Danmörk

Danmörk hafði gengið lengra en önnur Norðurlandaríki í einföldun regluverks fjármálakerfis síns á áttunda áratug síðustu aldar og þurfti líkt og nágrannalöndin að taka á eigna- og útlánabólu. Kostnaður við velferðarkerfi landsins var mikill og var verulegur halli á ríkisrekstrinum á áttunda áratugnum. Fjármálaráðherra landsins lýsti því þannig í byrjun níunda áratugarins að Danmörk stæði á brún efnahagslegs hyldýpis. Þegar landið festi gengi krónunnar við evrópsku myntkörfuna ECU árið 1982 var við mikið atvinnuleysi að fást, verðbólgu, hátt vaxtastig og halla á ríkisrekstri. Samspil niðurskurðar og fastgengis leiddi hins vegar til verulegrar hjöðnunar verðbólgu og lægri stýrivaxta.

### Svíþjóð

Í Svíþjóð varð til fjármála- og eignabóla á níunda áratugnum. Bólan sprakk síðan í upphafi tíunda áratugarins í samdrætti á heimsvísu um leið og gerðar voru breytingar á skattkerfi landsins sem stuðla áttu að lægri verðbólgu. Á milli 1990 og 1993 dróst landsframleiðsla saman um fimm prósent og atvinnuleysi jókst. Til var orðin dýpsta efnahagskreppa landsins frá því í byrjun fjórða áratugarins. Ríkisstjórnin tók yfir nær fjórðung eigna bankanna og kostaði til sem nam um fjórum prósentum af þjóðarframleiðslu. Fjárlagahalli árið 1994 nam yfir 15 prósentum af landsframleiðslu og greip stjórnin þá til marghháttaðs niðurskurðar og umbóta sem efla áttu samkeppnishæfni landsins.

### Finnland

Finnska kreppan í byrjun tíunda áratugarins var djúp og skaðleg, sér í lagi voru áhrifin mikil á vinnumarkaði. Þjóðarframleiðsla dróst saman um 13 prósent og atvinnuleysi fór úr 3,5 prósentum í 18,9 prósent. Landið er enn að fást við félagsleg vandamál sem upp úr atvinnuleysinu spruttu, því til urðu hópar sem aldrei fengu vinnu. Mikill uppgangur hafði verið á níunda áratugnum og gjaldeyrir streymdi inn í landið. Utanríkisviðskipti landsins voru hins vegar á milli 15 og 20 prósent við Sovétríkin og því hrundi útflutningur við fall þeirra. Finnska markið hrundi og um leið bæði einkaneysla og fjárfesting þannig að ríkið þurfti að taka á sig þungar byrðar til að rétta við fjármálakerfi landsins.


„Þessi leiksýning hefur allt sem þarf til að skapa vel heppnað og eftirminnilegt leikverk.“
I.Þ., Mbl.
„Framúrskarandi leikur... Mjög vönduð sýning á allan hátt“
- L.L., RÚV
„Þetta var geggjuð flott sýning, eins og gelgjan sagði. Og hvað viljið þið meira?“
B.S., pressan.is
„Critics choice“
Time Out, London
FAUST
SÍÐUSTU SÝNINGAR!
lau. 12/2 kl. 20 - sun. 13/2 kl. 20 - fös. 18/2 kl.20
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
Hætti fyrir fullu Borgarleikhúsi í vor.
Sýnt 35 sinnum fyrir fullu húsi í Young Vic leikhúsinu í London.
VesturPort
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# Vorvindar blása á alþjóðlegum *hlutabréfamörkuðum*

**Hlutabréfavísitölur eru víða í hæstu hæðum og hafa þær sem hrundu í forleik kreppunnar fyrir tveimur árum verið að taka við sér. Jákvæðni gætir í helstu kauphöllum heims. Forstjóri kauphallarinnar hér sér mikil tækifæri og telur ekki útilokað að ár skuldabréfanna sé að líða undir lok. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skoðaði þróunina á hlutabréfamörkuðum heimsins í fyrra og fór yfir vangaveltur manna um hvað sé fram undan.**




Forstjórar helstu kauphalla heims eru jákvæðir þessa dagana. Helstu hlutabréfavísitölur heims hafa verið að jafna sig eftir fjármálakreppuna frá 2008 og efnahagsþrengingar sem plöguðu einstök lönd í kjölfarið. Þróunin hefur í sannleika sagt verið hagstæð víðast hvar og gefur það til kynna – ef miðað er við þá þumalputtareglu að hlutabréfavísitölur leiti niður á við í aðdraganda erfiðleika á mörkuðum og upp þegar birtir til – að efnahagslíf heimsins sé almennt að taka við sér á ný.

**HLUTABRÉFAVÍSITALAN Í METHÆÐUM**

Meira að segja hér ríkir bjartsýni þrátt fyrir hremmingar eftir bankahrunið fyrir að verða tveimur og hálfu ári. Kauphöll Íslands, sem hluti er af kauphallasamstæðunni Nasdaq-OMX, skrapp saman um níutíu prósent við fall bankanna. Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að Kauphöllin hafi fengið á sig mikinn skell. Þó sé fjarri að markaðurinn hafi bugast og muni Kauphöllin koma sér aftur í form þótt það kunni að taka nokkur ár. Hlutabréfavísitalan, sem tekin var upp á nýársdag 2009, rauf 1.000 stiga múrinn á mánudag í annað skiptið frá upphafi, sló reyndar met þegar hún endaði í rúmum 1007 stigum.

Nú eru ellefu fyrirtæki skráð á hlutabréfamarkað hér. Þar af eru sex á aðallistanum, þrjú íslensk en hin færeysk. Forsvarsmenn nokkurra fyrirtækja hafa opinberlega lýst því yfir að stefnt sé að skráningu þeirra hér á næstu tveimur árum, þar á meðal eru Marorka, Icelandic Group og Húsasmiðjan. Einhver tugur fyrirtækja mun jafnframt vera að skoða að stíga skrefið til fulls.

**BETRI TÍÐ HJÁ ÞEIM VERST STÖDDU**

Á fleiri hlutabréfamörkuðum glittir í sól, ekki síst á Norðurlöndunum, sem komu ágætlega undan vetri. Heitasti markaðurinn um þessar mundir ku vera Svíþjóð ef marka má erlenda fjármálasérfræðinga en efnahagslífið þar stóð nokkuð föstum fótum á meðan aðrir tóku á sig sjó.

Staðan hefur sömuleiðis batnað í þeim evruríkjum sem verst stóðu á síðasta ári. Verst er þó staðan í Grikklandi, en þeir fjárfestar sem fylgdu þróun vísitölunnar á aðallista kauphallarinnar í Aþenu töpuðu rétt rúmlega sjötíu prósent af eignum sínum frá í október 2007 þegar hlutabréfavísitölur stóðu almennt í hæstu hæðum og fram yfir svokallaðan seinni skell á hlutabréfamörkuðum á vordögum 2009. Fyrir utan smávægilegar hreyfingar hefur aðalvísitalan nokkurn veginn verið á svipuðum slóðum síðastliðin tvö ár.

Hækkunin á hlutabréfamörkuðunum í Madríd og Lissabon er hins vegar allt að tuttugu prósent.

Á hrávörumörkuðum í Suður-Ameríku, Afríku, Rússlandi, Kína og víða í Asíu, svo dæmi sé tekið, var veislan aldrei blásin af líkt og hér. Þróun á heimsmarkaðsverði á hrávöru hefur hækkað viðstöðulítið síðastliðin þrjú ár og hefur það smitað út frá sér á mörkuðum þeirra landa sem helst sjá heiminum fyrir nauðsynjum, svo sem korni, járni og gulli, svo ekki sé minnst á blessaða olíuna.

## Markaðurinn gleðist

Reto Francioni, forstjóra þýsku kauphallarinnar, Deutsche Börse, eins umsvifamesta verðbréfamarkaðar Evrópu, finnst meiri bjartsýni ríkja á fjármálamörkuðum nú en síðastliðin þrjú ár. Hann sagði í samtali við fréttastofu Reuters á dögunum að þótt fjármálaheimurinn hefði ekki jafnað sig enn þýddi lítið að leggjast undir feld. Viðskipti á hlutabréfamarkaði myndu halda áfram.

Nær öll velta á þýskum hlutabréfamarkaði fer fram í gegnum verðbréfamarkaðinn í Frankfurt. Markaðurinn þar fór ekki varhluta af krumlum kreppunnar. Francioni hefur gripið til ýmissa sparnaðarráða til að draga úr kostnaði. Í maí munu verðbréfasalar hverfa með öllu en þá verða viðskiptin rafræn.



RETO FRANCIONI FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**Án áfangastaðar** er sýning í Listasafni Reykjavíkur. Í tengslum við hana verður um helgina haldin alþjóðleg, þverfagleg ráðstefna undir yfirskriftinni Practicing Nature-Based Tourism. Ráðstefnan er tileinkuð fræðslu um náttúrutengda ferðamennsku og umræðu um Ísland sem áfangastað ferðamanna.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447










**Þrekraunir í óbyggðum Suður-Ameríku bíða Bryndísar Óskar Björnsdóttur og Margrétar Vignisdóttur**

## Setja markið hátt

Klyfjaðar vistum til fjörutíu og tveggja daga ætla hornfirsku kjarnakvinnurnar Bryndís Ósk Björnsdóttir og Margrét Vignisdóttir að arka um óbyggðir Patagóníu í Argentínu, meðal annars yfir eina stærstu jökulhettu heims. Ferðin hefst í mars en hver var kveikjan að henni?

„Margrét fann fjallamennskuskóla á Facebook, sendi mér upplýsingar um hann og innan viku vorum við búnar að skrá okkur,“ svarar Bryndís Ósk. Þær búast við töluverðum kulda á svæðinu eða allt að 35° í mínus og sjá fyrir sér að elda úti í kulda og skríða ofan í svefnpokana í skítugum og jafnvel hálfblautum fötum.

Hornafjarðardömurnar viðurkenna að hafa stærsta jökul Evrópu í bakgarðinum en taka fram að það sé leiðsögnin og þjálfunin í Patagóníu sem þær sækist eftir. „Hér heima vantar skóla eins og þennan og það tæki okkur því nokkur ár að öðlast álíka reynslu,“ segir Margrét. Þær eru í Björgunarfélagi Hornafjarðar og telja kunnáttuna úr námskeiðinu án efa nýtast þeim þar enda styðji félagið við bakið á þeim í ferðinni. Auk þess hafi þær báðar áhuga á að starfa innan fjallamennskugeirans í framtíðinni.

*gun@frettabladid.is*



MYND/BJÖRN OKTÓVÍUS BRIEM



**Japanska flugfélagið JAL** er stundvísasta flugfélag heims. Meðal stóru félaganna í Evrópu er SAS stundvísast og taka vélar þess á loft samkvæmt áætlun í 86,5 prósentum tilvika. Alaska Airlines stendur sig best í Norður-Ameríku. Frá þessu er greint á www.turisti.is




**KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA**
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíóíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905

**Geymslu- og dekkjahillur**
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman


Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

**ÞETTA ER TUDOR**


Rafgeymar í allar gerðir farartækja
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



Indíánakona særir alla púka úr Sigríði Margréti og setur þá í hænuna, sem síðan er slátrað.


Kjartan dansar töfradans í félagsskap Majaindíána.


Sigríður Margrét tekur þátt í máltíð heimafólks.


Píramídar og fleiri fornminjar verða skoðaðar í ferðinni.

# Seiðmaður í hverju þorpi

**Andstæður í náttúru, nægjusamir íbúar, píramídar og aðrar minjar sem vitna um forna menningu mæta ferðafólki á indíánaslóðum í Suður-Mexíkó. Bændaferðir efna til hópferðar þangað 10. til 26. mars.**

„Majaindíánum er landið heilagt. Þar má ekkert rækta nema maís því þeir eru íhaldssamir. Þeir eiga kindur og gera föt úr ullinni en finnst fráleitt að borða skepnur sem gefa okkur fötin. Hins vegar halda þeir hænur og grísi í smáum stíl.“ Þannig lýsir Kjartan Ragnarsson leikhúsmaður meðal annars lifnaðarháttum Majanna í Suður-Mexíkó. Hann og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir kona hans dvöldu meðal þeirra í sjö mánuði árin 1996-97 og gerast nú fararstjórar hóps á vegum Bændaferða á sömu slóðir í næsta mánuði. Sigríður Margrét tekur undir það að Majar séu í miklum tengslum við náttúruna. „Fyrir þeim er hagvöxtur neikvætt hugtak því þá er verið að ganga á jörðina. Þeir búa margir í leirkofum með stráþökum eins og fyrir 500 árum og aftan við hvern kofa er ræktunarland, kallað milpa. Þar rækta íbúarnir maís, paprikur, baunir og fleira á lífrænan og heimspekilegan hátt. Svo kunna þeir mikið fyrir sér í lækningum,“ segir hún. Þau hjón luma á miklum fróðleik um líf Majanna. Nefna sem dæmi að í hverju þorpi séu seiðmenn sem kallaðir séu til af forfeðrum í draumi. Þeir hittist á fundum í draumi og þangað komi bara þeir sem eru ekta.


Kjartan og Sigríður Margrét hlakka til að endurnýja kynnin við Majana.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Majar eru nú einir eftir þeirra þriggja hámenningarþjóða sem bjuggu í Ameríku þegar hvíti maðurinn kom þangað. „Astekarnir og Inkarnir eru útdauðir en Majarnir eru fátækt fólk með minni um feikilega hámenningu. Fjölmargar glæstar fornminjar eru til vitnis um það,“ lýsir Kjartan. Hann segir þátttakendur hópferðarinnar í mars fá innsýn í menningu Majanna bæði að fornu og nýju því auk þess að heimsækja indíánaþorp verði skoðuð hof og píramídar sem forfeðurnir létu eftir sig, meðal annars Sólarpíramídinn og Tunglpíramídinn. Einnig verði farið í bátsferð eftir Sumidero-gljúfrinu.

Sigríður Margrét tekur fram að gist verði á fimm stjörnu hótelum, meðal annars í miðaldaborginni San Cristóbal de las Casas sem sé uppi á fjalli þar sem þægilegt loftslag er. Frekari upplýsingar eru á www.baendaferdir.is *gun@frettabladid.is*


ULTIMA THULE

**Með exodus um allan heim**

**Myndasýning og kynning á ferðum exodus**
**fimmtudaginn 3. Febrúar kl. 20:30 í sal Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6**

Andrew Appleyard kynnir „Great Treks of the World and 100 year anniversary of discovery of Machu Picchu“

**Hjá Exodus færð þú mikið úrval ferða, framúrskarandi þjónustu og ógleymanlega upplifun.**
**Gönguferðir, skoðunarferðir, hjólaferðir, safaríferðir, fjölskylduferðir.**

**Ferðaskrifstofan Ultima Thule er umboðsaðili exodus á Íslandi. www.ultimathule.is**



Andalucia Trinidad Cape Town Galapagos Inca Trail Ítalía Kilimanjaro Kenya Machu Picchu Madagascar Everest Base Camp Marrakech Mont Blank Nepal Suðurskautslandið Taj mahl Tíbet Toscana



„Eins og staðan er núna eru há vörugjöld á bifhjólum," segir Njáll Gunnlaugsson, sem telur þau eina ástæðu þess að innflutningur á mótorhjólum hefur snarminnkað. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Markaðurinn er hruninn

**Innflutningur á nýskráðum mótorhjólum hefur hrapað á síðustu mánuðum sökum verðhækkunar og ofmettunar á markaði. Talið er að breytingar á tollalögum gætu hleypt nýju blóði í innflutninginn.**

„Þetta eru alveg ótrúlegar tölur, niðursveiflan hefur ekki verið svona mikil í mörg ár," segir Einar Magnússon hjá Umferðarstofu, um innflutning á götuskráðum mótorhjólum sem hefur dregist verulega saman undanfarna mánuði og hefur ekki verið minni síðan 2002.

Fjöldi innfluttra, götuskráðra mótorhjóla var 150 á síðasta ári, en kringum 100 talsins árið 2002. Mesta uppsveiflan í innflutningi mótorhjóla var hins vegar árið 2007 eða samtals 1.532 hjól, og er það margföld aukning miðað við 2002. Nú er innflutningurinn hins vegar innan við tíu prósent af því sem hann var 2007. Einar segir þó ósanngjarnt að bera þetta tvennt saman þar sem ástandið í þjóðfélaginu hafi ekki verið beinlínis eðlilegt í góðærinu svokallaða.

Hann segir það ekki breyta þeirri staðreynd að munurinn sé mikill ef horft er til áranna 2003 og 2004, þegar meira jafnvægi ríkti ef svo má segja, en þá voru að meðaltali 258 mótorhjól flutt til landsins. Full ástæða sé líka til að hafa áhyggjur af snarminnkandi innflutningi á nýjum mótorhjólum út frá öryggissjónarmiðum.

„Umferðarstofa hefur áhyggjur af því að ekki sé nægileg endurnýjun á mótorhjólum sem og öðrum ökutækjum og því sé öryggi ökumanna ekki tryggt sem skyldi. Úti er ör þróun í öryggisbúnaði ökutækja og minni innflutningur á þeim þýðir að við erum að verða eftirbátar annarra í þeim efnum og hætta á slysum eykst."

Í því samhengi vísar Einar í tölur frá Frumherja sem sýna að útgáfu nýrra bifhjólaréttinda, sem endurspeglar fjölda nýliða á bifhjólum, hefur ekki fækkað að sama marki og innflutt mótorhjól. Þar kemur fram að tæplega helmingi færri mótorhjólaréttindi voru gefin út árið 2010 miðað við þegar mest lét árið 2007, eða úr 1.274 í 652 réttindi. Það eru 652 ný réttindi á móti 150 innfluttum mótorhjólum árið 2010. „Af því má draga þá ályktun að nýgræðingar kaupi frekar eldri hjól. Einnig skal haft í huga að sum af þeim hjólum sem hafa verið flutt inn af einstaklingum og verið nýskráð hér á landi eru í einhverjum tilfellum ekki nýjasta árgerð."

Ástæðurnar fyrir minnkandi innflutningi á mótorhjólum má helst rekja til hækkandi verðlags, auk þess sem ofmettun á markaði spilar inn í, að sögn Njáls Gunnlaugssonar, sem situr í umferðarnefnd Sniglanna. Hann telur að hæglega mætti liðka til fyrir sölu á nýjum hjólum með breytingu á tollalögum.

„Eins og staðan er núna eru há vörugjöld á mótorhjólum eða allt að þrjátíu prósent, nema reyndar á keppnishjólum en vörugjöld á þeim voru felld niður. Sniglarnir lögðu hins vegar til að þau yrðu lækkuð út frá vistvænum sjónarmiðum líkt og gert var við sparneytna bíla. Á þá er lagt allt frá engu og upp í tíu prósenta vörugjöld þar sem þeir losa lítið af kolefnum. Með sömu rökum mætti lækka vörugjöld á mótorhjólum sem losa minni koltvísýring en smábílar og valda minna svifryki en bifreiðar almennt. Við stungum upp á fimmtán prósenta vörugjaldi á línuna en fengum engin viðbrögð." *roald@frettabladid.is*







Helgina 5. til 6. febrúar stendur Útivist fyrir jeppaferð fyrir mikið breytta jeppa á Langjökul. Ekið er í Húsafell og þaðan áfram í Þjófakrók. Þar verður farið upp jökulinn og stefnt að hinni tröllslegu Þursaborg. Síðan verður haldið að Hveravöllum og gist þar. Þátttaka er háð samþykki fararstjóra.

www.utivist.is




**Zagreb höfuðborg Króatíu er ægi fögur borg í Mið-Evrópu sem rekur upphaf sitt til ársins 1094.**
Röltu um einhverja þeirra fögru almenningsgarða sem er að finna í Zagreb, þræddu göngustígana og virtu fyrir þér hinar óteljandi mörgu fallegu byggingar sem prýða borgina, listaverkin, söfnin, kíktu á markaðinn og andaðu að þér liðinni sögu sem er að finna við hvert fótmál.
Þá eru í boði spennandi skoðunarferðir innan sem utan borgarinnar.

**Verð aðeins 89.900 kr.**
**miðað við tvo í herbergi**
Innifalið. Flug, skattar, 4ra stjörnu hótel með morgunverð, rúta til og frá flugvelli, íslenskur fararstjóri.

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is






**Ásýnd landsins: Vatnið, jörðin, hafið og himinninn** er sýning sem stendur yfir í Gerðarsafni. Guðbergur Bergsson er sýningarstjóri en á sýningunni eru málverk, vatnslitamyndir, teikningar og ljósmyndir eftir Daða Guðbjörnsson, Gunnlaug Scheving, Jóhannes Kjarval, Rúrí og Vilhjálm Þorberg Bergsson.




Aqua Sport
www.aquasport.is
Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogi - sími 5640035
Allt til sundiðkunar

ALARK
arkitektar ehf.
DALVEGUR 18
201 KÓPAVOGUR
S. 534-8800
JAKOB LÍNDAL OG
KRISTJÁN ÁSGEIRSSON
ARKITEKTAR FAÍ

50% afsláttur.
Komdu með 5 flíkur eða fleiri í hreinsun fyrir 14. febrúar og þú færð 50% afslátt.
Fatahreinsun Kópavogs,
Hamraborg 7, (Hamrabrekku megin)
sími 554 2265




„Það var ekki fyrr en mesta framkvæmdaæðið rann af mér að ég áttaði mig á því hversu frábærlega húsið er staðsett," segir Sigtryggur Baldursson, sem flutti aftur í Kópavoginn fyrir fimm árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sannkallað fjölskylduhús

**Sigtryggur Baldursson keypti fyrir nokkrum árum, í samkrulli við konu sína og tvíburasystur hennar, stórt hús í Kópavogi sem þau gerðu upp og breyttu í tvær íbúðir. Þar er uppáhaldsstaður hans í bænum.**

„Af svölunum mínum horfi ég út á Álftanesið og Reykjanesfjallgarðinn með Keili beint í suður," segir Sigtryggur Baldursson tónlistarmaður, sem býr í húsi á Kársnesinu niðri við sjó. Þar er hans uppáhaldsstaður í heimabænum Kópavogi.

Sigtryggur er fæddur í Noregi en ólst upp í Kópavogi frá níu ára aldri. „Ég bjó í austurbænum fram til nítján ára aldurs, þegar ég flutti í Öskjuhlíðina og gerðist Reykvíkingur í tólf ár," upplýsir Sigtryggur, sem bjó síðar í Bandaríkjunum. Þegar hann sneri heim flutti hann í Langagerði en hugurinn stefndi þó annað.

„Ég, konan mín og tvíburasystir hennar höfðum lengi plottað að kaupa saman gamalt einbýlishús í mátulega mikilli niðurníðslu og breyta því í tvær íbúðir," segir Sigtryggur en eftir tveggja ára leit duttu þau niður á húsið í Kársnesinu. „Það þurfti að gera heilmikið við það og ég vann eins og „nöttkeis" við það í rúmt ár," segir Sigtryggur og brosir að minningunni. Breytingin úr einbýlishúsi í tveggja íbúða hús gekk vel fyrir sig. „Húsið var nefnilega í upphafi teiknað sem tvíbýlishús en fjölskyldan sem byggði það átti fimmtán börn," upplýsir Sigtryggur og hlær. Nú eru börnin í húsinu aðeins fjögur en Sigtryggur segir það vera sannkallað fjölskylduhús með stórum garði.

> „Ég, konan mín og tvíburasystir hennar höfðum lengi plottað að kaupa saman gamalt einbýlishús í mátulega mikilli niðurníðslu og breyta því í tvær íbúðir"

„Það var ekki fyrr en mesta framkvæmdaæðið var runnið af mér sem ég uppgötvaði hversu frábærlega húsið er staðsett. Hér er skemmtilega rólegt en samt mjög stutt frá bænum," lýsir Sigtryggur, sem hjólar mikið á sumrin og haustin og nýtir þá frábæra hjólastíga sem liggja rétt hjá húsinu, annars vegar upp í Elliðaárdal og hins vegar alveg út á Seltjarnarnes.

Hann er inntur eftir fleiri uppáhaldsstöðum í Kópavogi. „Ég held mikið upp á Auðbrekkuna þar sem ég ólst upp þó að þar hafi verið öðruvísi um að litast áður fyrr þegar mói var milli Auðbrekku og Nýbýlavegarins," segir Sigtryggur og telur að móinn hafi haft mótandi áhrif á barnæskuna. „Þá er ég tengdur Vallargerðisvellinum tilfinningaböndum en þar æfði ég í mörg ár fótbolta með Breiðabliki," segir Sigtryggur og nefnir einnig Rútstúnið og sundlaugina í Vesturbænum. „Það er mín útivistarparadís."

Sigtryggur segist vera mikill Kópavogsbúi eftir að hann gerðist þar húseigandi. „Sem unglingur er maður heltekinn af því að rífa ræturnar upp en nú er maður tilbúinn að rækta þær aftur," segir Sigtryggur og bætir við að nágrannarnir í vesturbænum hafi tekið þeim einstaklega vel.

Hann lætur ekki sitt eftir liggja í bæjarstarfinu. Hann er nú með slagverksmiðju í Menningarmiðstöðinni Molanum. „Námskeiðið gengur út á að vinna með ólíkar listgreinar í einu verkefni," segir hann og nefnir tölvur, slagverk og vídeó, líkt og hann notar í parabóluverkefni sínu. Og hvernig mun verkefninu ljúka? „Þetta snýst reyndar meira um ferðalagið en endastöðina en vissulega mun námskeiðinu ljúka með einhverju búmsalabúmm," segir tónlistarmaðurinn glaðlega.

*solveig@frettabladid.is*


Gagnleg námskeið

**Almenn skyndihjálp**
Tvö námskeið verða haldin í almennri skyndihjálp. Þar læra þátttakendur grundvallaratriði í skyndihjálp og endurlífgun. Markmiðið er að þátttakendur verði hæfir til að veita fyrstu hjálp á slysstað.
*Námskeið 21. og 28. febrúar kl. 18-22. Þátttökugjald 4.500 krónur.*

**Slys og veikindi barna**
Á námskeiðinu er fjallað um varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Leiðbeint er í skyndihjálp við barnaslysum og áverkum af ýmsu tagi, endurlífgun barna, andlegum undirbúningi við komu barna á sjúkrahús o.fl. Námskeiðið getur gagnast öllum þeim sem umgangast börn hvort sem er í starfi eða daglegu lífi.
*Námskeið 14. og 15. febrúar kl. 18-21. Þátttökugjald er 6.500 krónur en 5.000 krónur ef maki eða eldra systkyni tekur líka þátt.*

**Sálrænn stuðningur**
Þátttakendur læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju. Viðfangsefnin verða meðal annars mismunandi tegundir áfalla, áhrif alvarlegra atvika á einstaklinginn, stuðningur við úrvinnslu, sorg og sorgarferli.
*Námskeið 14. mars kl. 17-21. Þátttökugjald er 5.000 krónur.*

Sjálfboðaliðar Kópavogsdeildar fá ókeypis á námskeiðin og félagsmenn sem greitt hafa félagsgjaldið fyrir 2010 fá 10% afslátt. Nánari upplýsingar og skráning í síma 554 6626 og á kopavogur@redcross.is

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Opið alla virka daga kl. 10-16 • raudikrossinn.is/kopavogur

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.
vísir.is

Við bjóðum frábært verð
Umfelgun á fólksbíl 5490.-
Umfelgun á smájeppa 6490.-
Til eldri borgara:
Umfelgun á fólksbíl 4900.-
Umfelgun á smájeppa 5900.-





VDO Borgardekk
Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is



Áttatíu prósent af þeim rúmlega þrjú hundruð langtímaatvinnulausum sem Þorsteinn og samtarfskona hans Gerða kölluðu til viðtals í vor eru nú í vinnu eða annarri virkni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Atvinnulausum hefur fækkað

**Ráðist var í atvinnuátak í Kópavogi í vor sem varð til þess að margir langtímaatvinnulausir fóru út á vinnumarkað eða í aðra virkni. Atvinnuráðgjafinn Þorsteinn Ingimarsson lagði sitt af mörkum.**

Tveir nýir atvinnuráðgjafar tóku til starfa hjá Kópavogsbæ í maí í fyrra og athygli vekur að síðan þá hefur atvinnulausum í Kópavogi fækkað nokkuð. Þeir voru 1.480 í maí en 1.245 í desember. Þorsteinn Ingimarsson, annar ráðgjafanna, vonast vissulega til að kraftar hans og samstarfskonunnar Gerðu B. Hafsteinsdóttur hafi haft eitthvað um það að segja en bendir þó á mikilvægt samstarf við Félagsþjónustuna, Rauða krossinn og ungmennahúsið Molann.

„Fljótlega eftir að við tókum til starfa kölluðum við til okkar rúmlega þrjú hundruð langtímaatvinnulausa, tókum stöðuna og athugðum hvað við gætum gert. Áttatíu prósent af þeim eru nú komin í einhverja vinnu eða virkni," segir Þorsteinn. Hann segir að eitthvað hafi borið á því að fólk hafi verið óhresst til að byrja með og höfðu sumir varla farið út úr húsi svo mánuðum skipti. „Þeir hinir sömu voru hvað ánægðastir þegar þeir sáu hvað var í boði og að við erum engar grýlur," segir Þorsteinn.

Atvinnuleitendum stendur til boða að sækja ýmis konar námskeið auk þess sem þeir fá aðstoð við að útbúa starfsumsókn og sækja um vinnu. „Þá vinnum við með fyrirtækjum og eru vinnumarkaðsúrræði eins og reynsluráðning og starfsþjálfun í boði en þá fylgja atvinnuleysisbætur í allt að sex mánuði. Þá höfum við verið að hvetja fyrirtæki til að fara af stað með átaksverkefni í einhvern tíma og ráðast í verk sem hafa setið á hakanum en þannig skapast störf sem stundum þróast í framtíðarvinnu."

Þorsteinn segir auk þess þó nokkur dæmi um að atvinnulausir hafi séð ástæðu til að fara í framhaldsnám. „Þá bjóðum við upp á fræðslunámskeið fyrir ungt fólk og hafa fyrirtæki tekið það til sín í tveggja vikna starfsþjálfun. Þannig fá þau tækifæri til að snerta á vinnumarkaðinum og sum fá jafnvel hugmynd að einhverju sem þau vilja læra eða taka sér fyrir hendur."

*vera@frettabladid.is*

# ÓP í Salnum í Kópavogi

**ÓP hópurinn heldur söngtónleika í Salnum í Kópavogi 9. febrúar.**

Á tónleikum ÓP hópsins miðvikudaginn 9. febrúar verður leitast við að færa tónleikaformið eins nærri óperuforminu og auðið er með leikrænum flutningi atriða úr óperum.

ÓP hópurinn samanstendur af sjö ungum söngvurum sem hafa haslað sér völl í íslensku tónlistarlífi með nærri tuttugu tónleikum á aðeins einu og hálfu ári.

Á efnisskrá tónleikanna eru atriði úr óperum eftir Mozart, Carmen eftir Bizet, Normu eftir Bellini, Spaðadrottningunni eftir Tsjaíkovskí, La Favorita eftir Donizetti og Porgy og Bess eftir Gershwin.

Tónleikarnir hefjast í Salnum klukkan 18.



Hluti af ÓP hópnum í sínu fínasta pússi.


Nýttu tímann!

Rauðakrosshúsið í Kópavogi

Fjölbreytt dagskrá alla mánudaga, þriðjudaga og föstudaga milli 11 og 15.
Kynnið ykkur dagskrána á www.raudikrossinn.is/kopavogur

- Leikfimi - Létt leikfimi fyrir alla!
- Gönguhópur - Hittumst í Hamraborg 11 og fáum okkur göngutúr.
- Hádegisfyrirlestrar - Skemmtilegir fyrirlestrar úr ýmsum áttum.
- Umræðuhópar - Eigum saman góðar stundir og ræðum um allt milli himins og jarðar.
- Aðstoð við ferilskrárgerð - Góð ferilskrá skiptir miklu máli í atvinnuleit.
- Súpa - Við eldum og borðum saman súpu í lok vikunnar.
- Bingó - Tökum Bingó annan hvern föstudag.
- Alltaf heitt á könnunni!

Ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur á staðnum.

Free consult for immigrants.
Please contact kopavogur@redcross.is or call 554-6626
and we will respond as soon as possible.

Geymið auglýsinguna!

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Sími: 554 6626 • kopavogur@redcross.is • raudikrossinn.is/kopavogur



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN
Meiri Vísir.
visir.is



KRAFTVÉLAR

Hjá okkur færðu:

Landbúnaðartæki, vinnuvélar, atvinnutæki og lyftara.
Einnig er tækjaleiga á staðnum.





Kraftvélar er umboðsaðili m.a. fyrir:

New Holland Agriculture, Case, Komatsu, Toyota Industrial Equipment, BT, Sandvik, Zetor, Kongskilde, Junkkari, Ålö

Kíktu í heimsókn og við tökum vel á móti þér

KRAFTVÉLAR VÉLAR:ÞJÓNUSTA KRAFTVÉLALEIGAN

Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is
kraftvelar@kraftvelar.is



TILBOÐSDAGAR
IFÖ BAÐINNRÉTTINGAR
TENGI
EINFALDAR Í UPPSETNINGU - KOMA SAMSETTAR!





Tilboðsverð: 29.900,- kr.
Ifö
Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI
www.tengi.is

## BÍLAR & FARATÆKI

Breiðan ehf
821-6292




Ford Transit Mini Bus 15 manna árgerð 2005, diesel, ekinn 145 þús. km., topplúga, dráttarbeisli, Webasto miðstöð, þjónustubók, sk.'12, verð kr. 3.150.000,- 821-6292



Hyundai H1 árg.'02, diesel, 4x4, 7 manna, ek. 130þús.km., nýleg tímareim, dráttarkúla, nagladekk, aukadekk, sk.'12, 100% lánað, verð kr. 1.590.000,- 821-6292



Toyota HiAce árg. 2003, bensín, EKINN AÐEINS 23 ÞÚS.KM., 9 manna, sk.'12, verð kr. 2.150.000,- 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.


bilfang.is
S. 567 2000



MMC Pajero DID Diesel 07/2007 ek. 90 þ.km, sjálfskiptur, flottur jeppi verð 4950 ath skipti.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



TOYOTA LAND CRUISER 100. Árgerð 1999, ekinn 195þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.203401

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**




Audi A4 3,0 Quattro Wagon, árg.2002, sjálfsk, 221hö, 4x4, leður, lúga, Bose hljómkerfi, sportsæti omfl, Flottur og vel búinn bíll, Ásett verð aðeins 1990þús.kr, bíllinn er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

BÍLAHÖLLIN HF
BÍLASALA
BÍLDSHÖFÐA 5
www.bilaholin.is




Dodge Dakota LE Pickup 4WD, 1999 Ekinn 132þús. Ssk, Pallhús, Dráttarkrókur, Þéttur og góður bíll. Ásett Verð 990.000.- TILBOÐ 690.000.-




Toyota Avensis 1.8 Wagon Terra VVTi, 07/2002 Ekinn 179þús. Ssk, Gott eintak. Ásett Verð 990.000.- TILBOÐ 790.000.-




Isuzu Trooper 3.0 Turbo Diesel, 11/1999 Ekinn 216þús. Bsk 5gíra, Dráttarkrókur. Ásett Verð 890.000.- TILBOÐ 590.000.-



Peugeot 206 XR Presence, 07/2007 Ekinn 45þús. Bsk 5gíra, Sparneytinn og góður. Ásett Verð 1.490.000.- TILBOÐ 1.250.000.-




VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



FORD E350 CLUB WAGON. Árgerð 1997, ekinn 169 þ.km, BENSÍN, 5.4L bensín Sjálfskiptur.12 manna Verð 1.380þ Rnr.120249 Skoðar öll skipti



CHEVROLET BLAZER 4X4. Árg 2001 ekinn 170 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.080þ Rnr.152411 Skoðar öll skipti



M.BENZ C180 KOMPRESSOR Avantgarde SPORT-Edition. Árgerð 2006, ekinn 84 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.300þ Rnr.152742 Flottur bíll!



M.BENZ SPRINTER 311 CDI. Árgerð 2002, ekinn 262 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur.5 manna Verð 1.850þ Skoðar öll skipti Rnr.152899 Góður á lakki



FORD MONDEO GHIA WAGON. Árgerð 1998, ekinn 170 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 390þ. Rnr.152346 í Toppstandi.

**Höfðabílar**
**Fosshháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**



Lexus RX 300 ,04 ek. 104 þ. topp eintak, ekkert áhv, v. 3290. S. 893 4838.

## 0-250 þús.



**Eyðir litlu!**
**Tilboð 250 þús!**
NISSAN ALMERA 1400 árg'97 ek.158 þús,ný skoðaður 2012,beinskiptur,5 dyra,heilsárdekk,sparneytinn og góður bíll! ásett verð 340 þús TILBOÐ 250 ÞÚS! 841 8955

Gullmoli til sölu ! Benz 280 e árg. 91, í góðu ástandi, smurbók, ný nagladekk og sumardekk fylgja. Verð 170 þús. uppl 8248537

## 250-499 þús.



**!!! Sjálfskipt Corolla !!!**
Toyota Corolla árg ,99, ekinn aðeins 152þús, skoðaður, sjálfskiptur, bíll í mjög góðu standi og lítur vel út, Tilboðsverð aðeins 430þús, uppl í s: 659-9696

YARIS til sölu Hvítur,3 dyra, Bsk, 2001árg, 2012 skoðun, ekinn 184 ný keðja Verð470 þús 360 stgr S:8484103

## Bílar óskast

**Kaupi bilaða bíla**
Kaupi bíla sem þarnast viðgerðar á ca. 30 - 150 þús. S. 896 6744.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Vinnuvélar



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR OG VÖRUBÍLAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU OG FLUTNINGA. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól

Gamalt mótorhjól óskast á góðu verði. Má þarfnast lagfæringar. S. 898 3206.

## Vespur




Af hverju að láta veðurblíðuna fara framhjá þér ? Njóttu lífsins á vespu frá VDO. Verð aðeins 239 þús VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Bílaþjónusta




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir**
**S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

## Til sölu

# Febrúartilboð!
# 50% afsláttur

**50% afsláttur á verkfærum í febrúar**
**Gerðu frábær kaup!**



**Opnunartími verslunar:**
Virka daga frá kl. 8-18.
Lokað um helgar.

Vagnhöfði 23 - S: 590 2000
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum




**ÍSLAND**

Hlutabréfamarkaðurinn hér steytti á skeri í bankahruninu haustið 2008 og hurfu níutíu prósent af honum í eftirmála skellsins. Eftir standa ellefu fyrirtæki skráð í Kauphöllina. Búist er við að á annan tug fyrirtækja kunni að bætast í hópinn á næstu tveimur til þremur árum. Fram hefur komið að þau verði sem þverskurður af atvinnulífi þjóðarinnar, jafnvel einhver sem bankarnir hafi tekið yfir.

**RÚSSLAND**

Rússar eru umsvifamestu útflytjendur af jarðgasi á heimsvísu og framleiða rúm tíu prósent af allri olíu á heimsmarkaði. Olíufyrirtæki eru fyrirferðarmikil á hlutabréfamarkaði og högnuðust þau á rúmlega 28 prósenta hækkun á olíuverði í fyrra.

**S-AFRÍKA**

Járn og önnur iðnfyrirtæki eru fyrirferðarmikil á hlutabréfamarkaði í Suður-Afríku. Járngrýti hækkaði gríðarlega líkt og önnur hrávara á heimsmarkaði í fyrra og smituðu áhrifin frá sér inn á hlutabréfamarkað í Suður-Afríku. Almennt er reiknað með að verð á járngrýti líkt og annarri hrávöru haldi áfram að hækka á þessu ári.




**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON** Forstjóri Kauphallarinnar telur hlutabréfamarkaðinn geta verið álitlegan fjárfestingarkost um þessar mundir. Svo geti farið að fjármagn leiti af skuldabréfamarkaði inn á hlutabréfamarkað.

# Ár skuldabréfanna að renna sitt skeið

## Forstjóri Kauphallarinnar segir viðspyrnu úr kreppunni hafa verið kröftugri en búist var við.

„Hlutabréfamarkaðurinn hefur venjulega haft forspárgildi. Í efnahagssveiflum fer hlutabréfamarkaðurinn oftast niður á undan öðrum vísitölum og síðan upp aftur á undan öðrum. Það er oft töluvert forspárgildir í tölunum,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq-OMX á Íslandi.

„Ég hef verið þeirrar skoðunar í nokkra mánuði að efnahagsviðsnúningur og uppsveifla verði meiri en flestir geri ráð fyrir. Mér sýnist Efnahags- og framfarastofnunin í París (OECD) og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) þurfa að endurskoða spár sínar með svipuðum hætti og þeir gerðu í haust,“ segir hann og telur vísbendingar um að hagstætt sé orðið að skoða hlutabréfamarkaðinn sem fjárfestingarkost á ný.

„Menn ættu að íhuga gaumgæfilega þessar fjárfestingar í samanburði við aðra, því oft gefur hlutabréfamarkaðurinn vel af sér ef menn fjárfesta á réttum tímapunkti í hagsveiflunni. Ef menn koma inn á markaðinn í lágpunkti þá fá menn oft gríðarlega góða ávöxtun. Lágpunktur er núna í flestum löndum í heiminum, það er segja ef við trúum því að efnahagslífið sé að ná sér á strik eins og flestar tölur benda til,“ segir Þórður.

Segja má að síðastliðin tvö til þrjú ár hafi verið tímabil skuldabréfanna. Þórður segir betri tíð í heimshagkerfinu geta bundið enda á það. „Ég hugsa að það verði ekki ólíklegt á þessu ári að hlutfallslega meiri fjárfesting verði í hlutabréfum og að einhver tilflutningur verði á milli skuldabréfmarkaðar og hlutabréfamarkaðar. Það finnst mér sennileg þróun.“

# Hiti í Afríku

Fjármálasérfræðingar eru sammála um að nýmarkaðslöndin muni halda áfram að verða heitustu hlutabréfamarkaðir heims. Greinarhöfundur bandaríska vefmiðilsins Seeking Alpha benti á það á dögunum að alþjóðlega fjármálakreppan hafi látið Afríku í friði og megi búast við allt að 5,6 prósenta meðalhagvexti í álfunni á þessu ári. Til samanburðar reiknar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn með 4,3 prósenta hagvexti í Rússlandi og 4,1 prósenti í Brasilíu. Til samanburðar er spáð 2,0 prósenta hagvexti í Bretlandi á þessu ári. Meðalhagvaxtarspá sjóðsins hljóðar upp á 4,2 prósent.

Hlutabréfamarkaðir í auðugust Afríkuríkjunum voru á fleygiferð í fyrra. Sem dæmi hækkaði hlutabréfavísitalan í Ghana um 29 prósent og í Keníu um 28 prósent. Sömuleiðis var hressileg hækkun í Súdan, Rúanda, Úganda og Tansaníu.

Hlutabréfamarkaðir Afríkuríkjanna endurspegla grunnatvinnuvegi þar, samanstanda af framleiðendum á hrávöru, demanta- og olíufyrirtækjum. Í Úganda, sem var á meðal hagstæðustu hlutabréfamarkaða Afríku í fyrra, vegur landbúnaður þungt í efnahagi landsins. Hlutabréfamarkaður tók þar til starfa árið 2000 og eru þrettán fyrirtæki þar skráð. Þar af eru sjö bankar, tryggingafélög og fjármálafyrirtæki. Önnur eru tóbaksframleiðendur, fjölmiðlafyrirtæki og fyrirtæki sem framleiðir byggingarefni.




**FYLGST MEÐ ÞRÓUN MÁLA** Verðbréfamiðlarar fylgjast grannt með tölulegum upplýsingum í kauphöllinni í Naíróbí í Keníu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Sex atriði um samvinnu

ORÐ Í BELG



Ingvar Hjálmarsson
tölvunarfræðingur

Samskipti og samvinna með fjárfestum eru afar mikilvæg atriði þegar kemur að stofnun eða rekstri sprotafyrirtækja. Með réttum vinnubrögðum og skýrum markmiðum getur aðkoma fjárfesta að fyrirtækinu þínu verið til mikilla heilla fyrir fyrirtækið. Hér á eftir eru nefnd sex atriði sem geta hjálpað þér að meta hvernig best er að nálgast þetta verkefni.

### 1. SETTU ÞÉR MARKMIÐ MEÐ AÐKOMU FJÁRFESTA

Fyrst þarf að gera sér grein fyrir því hvort og af hverju þörf er á fjárfestum inn í fyrirtækið. Til að fá svar við því hvort þörf sé á fjárfestum í fyrirtækið er gott að horfa í viðskiptaáætlunina. Þar ættirðu að sjá hversu mikla peninga þú þarft – og hvenær þú þarft þá.

### 2. SKILGREINDU TEGUND FJÁRFESTIS SEM ÞÚ LEITAR AÐ

Til eru margar tegundir fjárfesta sem henta mismunandi vel fyrir þau markmið sem á að uppfylla. Til að fá betri hugmynd um hvaða fjármögnunartækifæri eru til staðar er gott að lesa fyrri grein mína um sex atriði til fjármögnunar sprota.

Ef markmiðin með aðkomu fjárfesta eru skýr þá er hægt að skoða hvers konar fjárfestum þú leitar að. Hér er listi:

#### ENGLAFJÁRFESTAR

Fjárfestar sem vilja koma mjög snemma inn í fyrirtæki. Þeir þurfa að hafa mikla trú á þeim lausnum sem fyrirtækið býður og ekki síður á fólkinu sem er á bak við fyrirtækið.

#### ÁHÆTTUFJÁRFESTAR

Áhættufjárfestar eru aðilar sem vilja koma inn á næsta skrefi í líftíma fyrirtækisins. Oft er varan þá langt þróuð, jafnvel fyrstu sölurnar komnar í gegn og fyrirtækið er farið að sýna fram á virkandi viðskiptamódel. Þessir aðilar fjárfesta í fyrirtækinu, vitandi að þeir taka mikla áhættu, en þeir búast líka við hárri ávöxtun á peningana sína á móti.

#### BANKAR

Hefðbundin fjármögnun hjá bönkum er að veita lán á vöxtum og fá tryggingar á móti. Þarna þarf að hugsa vel hvaða tryggingar er hægt að bjóða og hvaða vextir eru í boði.

#### STOFNANAFJÁRFESTAR

Þetta geta verið lífeyrissjóðir, tryggingafélög eða aðrir sjóðir. Þeirra aðkoma er oftast nær að stærri fyrirtækjum með góða rekstrarsögu. Þeir geta t.d. verið tilbúnir til að kaupa skuldabréf af fyrirtækjum eða jafnvel hlutabréf.

### 3. SETTU ÞIG INN Í SJÓNARMIÐ FJÁRFESTISINS

Til þess að vinna vel með fjárfestum þarf góðan skilning á sjónarmiðum þeirra.

Fjárfestar eiga það sameiginlegt að með því að fjárfesta í fyrirtækinu þínu ætla þeir að láta peningana sína vinna fyrir sig. Þeir vilja fá peninginn sinn til baka innan einhvers tíma og ávöxtun í takt við áhættuna sem fylgir fjárfestingunni. Þeir sem koma snemma inn í fyrirtæki taka meiri áhættu og vilja sjá hærri ávöxtun á sitt fé. Þeir sem koma síðar inn í fyrirtæki taka minni áhættu og eru sáttir við minni ávöxtun.

Fjárfestar horfa oft til fjögurra þátta þegar þeir velta fyrir sér fjárfestingu í sprotafyrirtæki.

a) Hverjir eru í teyminu sem mynda fyrirtækið? Er þetta réttur hópur fyrir rétta verkefnið?

b) Er varan/þjónustan/viðskiptamódelið auðskilið? Ef þú ert með flókið viðskiptamódel eða vöru – einfaldaðu það! Tekju- og kostnaðarmyndun í fyrirtækinu þarf að vera auðskilin. Öll óvissa flækir hlutina.

c) Leysir varan/þjónustan raunverulegt vandamál? Eru einhverjir sem eru tilbúnir til að borga fyrir vöruna eða þjónustuna því hún er að leysa raunverulegt vandamál fyrir þá?

d) Hversu stór er markaðurinn? Skilgreindu vel hverjir munu kaupa vöruna/þjónustuna og reyndu að gera þér grein fyrir hve margir þeir eru. Best er að geta nefnt afmarkaðan og skýran markhóp af þeim sem vilja það sem fyrirtækið hefur upp á að bjóða.

Með því að skilja vel hvaða þætti fjárfestar nota til að meta fjárfestingatækifæri eykurðu möguleika þína á að ná að stofna gott samband við fjárfesta.

### 4. VERTU MEÐ SKÝRA VERÐHUGMYND

Verðið á verkefninu sem þú býður fjárfestum skiptir máli. Þetta getur verið t.d. gengi hlutabréfanna sem þú ert að selja eða vextirnir á lánunum sem þú ætlar að taka. Fjárfestar líta mjög til áhættunnar sem þeir meta af verkefninu þegar þeir verðleggja slík verkefni. Sé verkefnið áhættusamt vilja þeir fá hærra verð fyrir sína peninga. Það þýðir þá í raun stærri hluti af fyrirtækinu séu þeir að kaupa hlutabréf eða hærri vexti á lánunum sem þeir bjóða. Þú þarft að gera þér vel grein fyrir því hversu hátt verð þú ert tilbúinn að greiða fyrir þá peninga sem þú ert að sækja.

### 5. HALTU FJÁRFESTUNUM VEL UPPLÝSTUM

Ef rétt er með farið þá getur myndast afar gott samband fjárfestis og þeirra sem reka sprotafyrirtækið. Til þess að þetta samband sé eins og best verður á kosið þá er góð upplýsingagjöf mikilvægasta atriðið. Bæði þegar vel gengur og illa. Með góðri upplýsingagjöf til fjárfesta nærðu að halda trú þeirra á verkefnið og myndar þannig enga óvissu hjá þeim. Best er að senda reglulega út fréttir um fyrirtækið til helstu hagsmunaaðila og fjárfesta. Þannig myndarðu góðan hóp í kringum þig og allir verða ánægðir með framvindu mála.

### 6. LEITAÐU RÁÐA HJÁ FAGAÐILUM

Til eru margir aðilar sem sérhæfa sig í því að aðstoða fyrirtæki við fjármögnun. Oft eru þetta verðbréfafyrirtæki, stór sem smá, endurskoðendur eða sjálfstæðir ráðgjafar. Þessir aðilar geta oft komið með stórt tengslanet og sérfræðikunnáttu að borðinu. Þeir geta einnig hjálpað til við að meta viðskiptaáætlunina og velja réttu fjármögnunarleiðina. Það er alltaf mjög gott að fá þjálfað auga til að skoða áætlanir sínar og vinna með sér í fjármögnunarverkefnum. Þessum aðilum fylgir oftast nær einhver kostnaður en hann er fljótur að borga sig ef verkefnin verða betur unnin.







VIÐ ERUM HREIN PLÁGA
ÞEGAR KEMUR AÐ ÓÞRIFUM

AÞ-Þrif hefur náð þeim merka áfanga að fá veitta vottun norræna umhverfismerkisins Svansins fyrir daglegar ræstingar.

Við lágmörkum neiðkvæð umhverfis- og heilsuáhrif tengd hreingerningum, allt frá hráefnis- og orkunotkun til notkunar hættulegra efna, flutninga og meðhöndlunar úrgangs.

UMHVERFISMERKI 176 027 Ræstingaþjónusta

Þú getur treyst okkur þegar kemur að því að gera skínandi hreint í verksmiðjunni, á byggingarsvæðinu eða skrifstofunni.

Við bjóðum persónulega þjónustu í náinni samvinnu við viðskiptavini.

- Daglegar ræstingar (Svansvottað)
- Iðnaðarþrif (fyrirtæki)
- Gluggaþvottur
- Bílaþrif – Dalshrauni 11, Hfj. og Borgartúni 21b

HAFÐU SAMBAND • WWW.ATH-THRIF.IS

AÞ-Þrif er framsækið hreingerningafyrirtæki sem hefur metnað, gæði og umfram allt framkvæmdagleði í farteskinu.

AÞ-ÞRIF 899 9900

# Óumdeilanlegir yfirburðir

## Fréttablaðið er með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Enn eru yfirburðir Fréttablaðisins á dagblaðamarkaði staðfestir. Það sést greinilega á lestrartölum milli ára. Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli.

Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.

**Þess vegna les fólk frekar Fréttablaðið.**







Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í ágúst til október 2010.

**Allt sem þú þarft...**

# Skynsamleg uppbygging skattkerfis

**ORÐ Í BELG**



**Finnur Oddsson**
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Í ítarlegri skýrslu Viðskiptaráðs frá í fyrra, Fjármál hins opinbera – aðrar leiðir færar, er gerð grein fyrir ósjálfbærri útgjaldaþróun hins opinbera undanfarin ár. Á um 30 árum hafa hlutfallsleg útgjöld hins opinbera hjá OECD-löndum hækkað að meðaltali um 5% af landsframleiðslu á sama tíma og hækkunin er um 25% á Íslandi. Með öðrum orðum hefur vöxtur ríkisútgjalda verið fimmfalt hraðari hérlendis.

Í kjölfar bankahruns hefur staða og horfur ríkisútgjalda hérlendis enn versnað í alþjóðlegum samanburði. Skattkerfinu hefur svo verið umbylt á þessum tveimur árum, með ríflega 100 efnisbreytingum á skattalögum, sem í felst bæði álagning nýrra skatta og hækkun annarra. Áherslan hefur verið á að laga tekjur að útgjöldum frekar en útgjöld að tekjum. Málflutningur um að skattar hafi í raun lækkað stenst ekki skoðun, en umfang breytinganna má glögglega sjá í yfirliti á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands um breytingar á skattkerfinu frá árinu 2007.

**SJÁLFVIRK SVEIFLUJÖFNUN VINNUR GEGN SAMDRÆTTI**

Skattheimta er eðlilegur þáttur í samfélagi af því tagi sem Íslendingar sækjast eftir, en stig hennar fer eftir því hvernig þjónusta hins opinbera er skilgreind og afmörkuð. Eftir því sem framboð sameiginlegrar þjónustu er minna, því minni þörf er fyrir tekjuöflun í gegnum skattkerfið og öfugt. Ákvarðanir um umfang þjónustuframboðs eru svo teknar af stjórnmálamönnum en heimild til skattheimtu er veitt af Alþingi, sem fer með fjárstjórnarvald. Stjórnvöld hafa því ekki sjálfdæmi um að taka það sem þarf eftir því hvernig vindar og áherslur blása.

Uppbygging skattkerfisins fyrir árið 2009 var í þessum anda og í samræmi við almennar áherslur hagfræðinnar, þ.e. að heildarskatttekjur voru næmar fyrir efnahagsveiflum. Að því gefnu að rekin sé skynsamleg útgjaldastefna er þetta eftirsóknarverður eiginleiki skattkerfis því í þenslu léttir á verðbólguþrýstingi þegar hið opinbera dregur sjálfkrafa til sín hlutfallslega auknar tekjur. Að sama skapi lækkar skattheimta í niðursveiflu og auknar ráðstöfunartekjur heimila og fyrirtækja vinna gegn samdrætti. Þarna er um að ræða sjálfvirka sveiflujöfnun á tekjuhlið ríkisfjármála, sem almennt telst til styrkleika í fjármálastjórn.

**TÍMABUNDIN FRÁVIK RÉTTLÆTANLEG**

Þessir eiginleikar skattkerfisins sjást vel ef skattar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru skoðaðir. Á milli áranna 2007 og 2008 lækkaði þetta hlutfall mest á Íslandi af ríkjum OECD, úr tæplega 41% í 36%. Á síðustu tveimur árum hefur hlutfallið lækkað enn frekar. Mikill samdráttur hefur þrengt verulega þá skattstofna sem mynda tekjugrunn hins opinbera og því hafa heildarskatttekjur dregist hratt saman.

Undir eðlilegum kringumstæðum væri þetta jákvæð þróun. Skattkerfið myndi stuðla að jöfnun hagsveiflunnar og betri nýtingu framleiðsluþátta. Víðtækur skuldavandi heimila og fyrirtækja, álag á almannatryggingarkerfið og vaxtabyrði ríkissjóðs hefur hins vegar sett stjórnvöldum skorður í þessum efnum. Ekki var unnt að reka ríkissjóð með miklum halla yfir nokkurra ára tímabil og stjórnvöld gátu því ekki leyft skattheimtunni að dragast saman líkt og æskilegt hefði verið. Auk þess höfðu þau (og hafa enn) ekki sýnt nægilegan aga í útgjaldastefnu sinni til að sveiflujöfnun skattkerfisins fái notið sín í eins ríkum mæli og æskilegt hefði verið.

Vegna þessa þurfti tímabundið að fórna sveiflujöfnunarhlutverki ríkisfjármála til að standa vörð um sjálfbærni ríkissjóðs. Þessari stöðu hefur almennt verið sýndur skilningur, eins og tíundað er í fyrrgreindri skýrslu Viðskiptaráðs og nýrri skýrslu VÍ og SA frá í september 2010 – Skattkerfi atvinnulífsins. Báðar reifa hins vegar fjölda tillagna að skattabreytingum sem viðhalda tekjuöflunarhæfni ríkissjóðs með minni skaða en hlýst af núverandi kerfi, sem ýtir undir frekari samdrátt í umsvifum heimila og fyrirtækja. Þrátt fyrir loforð um samráð við hagsmunaaðila hafa stjórnvöld ekki sinnt því af neinni alvöru. Afleiðingin er fjöldi mistaka við breytingar á skattkerfinu sem nú valda heimilum, atvinnulífi og hagkerfi búsifjum. Auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir slíkt.

**VINDA ÞARF OFAN AF SKATTABREYTINGUM**

Þó rök hafi verið fyrir því að hækka skatta og draga að hluta úr sveiflujöfnunarhlutverki skattkerfisins hefði þurft að takmarka slíkar aðgerðir í tíma og umfangi. Það er álit Viðskiptaráðs að hvorugt hafi verið gert. Skattahækkanir síðustu ára hafa gengið langt umfram það sem æskilegt

**BREYTINGAR Á SKÖTTUM 2007-2010**






var á. Þetta má sjá af samdrætti í nær öllum skattstofnum miðað við áætlanir og þeim flótta fólks, fjármagns og fyrirtækja sem æ meira verður vart við. Verði haldið áfram á sömu braut er hætta á vítahring skattahækkana til að bæta upp fyrir minnkandi skattstofna og samsvarandi dræmum vaxtarhorfum hagkerfisins.

Þó að skattkerfið fyrir 2009 hafi ekki verið gallalaust var það búið flestum þeim eiginleikum sem taldir eru æskilegir út frá hagkvæmnissjónarmiðum. Það var tiltölulega einfalt, gagnsætt og skilvirkt. Jaðarskattar voru ekki háir og helstu skattstofnar breiðir. Skattar dreifðust nokkuð jafnt á atvinnuvegi og röskuðu ekki samkeppnishæfni. Auk þess var mikill styrkur fólginn í innbyggðum sveiflujöfnunaráhrifum, sem nýtast að því gefnu að stjórnvöld sýni aga í útgjaldastefnu. Að lokum voru skatthlutföll, að undanskildum neyslusköttum, fremur lág í alþjóðlegum samanburði, sem eflir styrk hagkerfisins til lengri tíma. Núverandi kerfi hefur að stórum hluta tapað þessum eiginleikum. Það er mikilvægt endurreisn atvinnulífs og hagkerfis að snúið verði af núverandi braut skattahækkana og breytinga og stefnan sett á að endurheimta eiginleika þess skattkerfis sem var fyrir árið 2009.

**BREYTINGAR Á GJÖLDUM 2007-2010**




# Nú er hægt að sjá brúðkaupið í þrívídd

„Það er yfirlýst stefna hjá Sony að koma þrívíðri tækni til notenda svo þeir geti upplifað sitt eigið efni í þrívídd. Fyrsta skrefið í þá átt er ný tegund myndavéla sem sameinar kosti dýrra myndavéla með útskiptanlegum linsum og þeirra smærri,“ segir Eyjólfur Jóhannsson, vörustjóri Sony hjá Sense, dótturfyrirtæki Nýherja.

Myndavélin heitir Nex og byggir á hugbúnaðaruppfærslu sem eigendur vélanna geta sótt sér ókeypis á netinu og gerir þeim kleift að taka ljósmyndir í þrívídd. Myndavélin er ekki með tveimur linsum, eins og venjulega er um að ræða þegar þrívíðar myndir eru teknar, heldur skiptir hugbúnaðurinn einni mynd í tvennt og gerir úr henni tvær. Með þessu móti verður til þrívíð mynd sem skoða má á í nýlegum sjónvörpum sem styðja við þrívíddartækni.

Eins og staðan er þurfa þeir sem skoða myndirnar að nota þar til gerð gleraugu sem aðeins nýtast til að upplifa þess háttar efni í sjónvarpi. **- jab**




**EYJÓLFUR** Nýja þrívíddarmyndavélin frá Sony er lítil en lumar á nýjustu tækni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ekkert hæft í sögusögnum um söluferli

„Við erum að leita fyrir okkur eftir alþjóðlegum ráðgjöfum til að vera okkur innan handar þegar og ef við förum af stað með eitthvert söluferli á Iceland Foods og Hamleys,“ segir Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans.

Hann reiknar með að það muni taka nokkra mánuði að meta félögin og markaðsaðstæður og megi vel vera að eftir það muni liggja fyrir hvað gert verði. Allt eins geti verið að ákveðið verði að bíða með sölu á verslununum í eitt til tvö ár. Ekkert sé því hæft í því að skilanefndin sé búin að setja 67 prósenta hlut sinn í bresku matvörukeðjunni Iceland Foods og leikfangaversluninni Hamleys í söluferli. „Þetta eru rangar fréttir. Við höfum ekki einu sinni fundið ráðgjafa,“ segir Páll.




**EIN VERSLANA ICELAND** Skilanefnd Landsbankans segir umfjöllun breska

Baugur í Bretlandi átti verslanirnar og tók skilanefndin þær yfir þegar hún gekk að veðum við þrot Baugs fyrir tæpum tveimur árum.

Breskir fjölmiðlar greindu frá því í síðustu viku að stefnt væri að því að selja Iceland Foods á næstu mánuðum fyrir 1,5 milljarða punda, jafnvirði tæpra 280 milljarða króna. Þá er konungsfjölskyldan í furstaveldinu Katar sögð eiga í viðræðum um kaup á Hamleys fyrir 70 milljónir punda, þrettán milljarða króna.

„Margir hafa sýnt áhuga á þessum verslunum. Það er eðlilegt,“ segir Páll en ítrekar að þær séu ekki til sölu enn sem komið er. **- jab**

Sjóðir – Sparnaðarreikningar – Lífeyrissparnaður

Það eru *margar leiðir* til að spara. Byrjaðu hjá *okkur.*

Hvort sem þú vilt leggja fyrir til skemmri eða lengri tíma, fjárfesta af öryggi eða einfaldlega eiga góðan varasjóð er fyrsta skrefið að kynna sér möguleikana sem eru í boði hjá Arion banka. Saman metum við þarfir þínar og finnum leið sem hentar markmiðum þínum.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

- Sjóðir
- Sparnaðarreikningar
- Einkabankaþjónusta
- Lífeyrissparnaður

Hafðu samband við ráðgjafa okkar og kynntu þér það sem við höfum upp á að bjóða.
Við tökum vel á móti þér.

Arion banki

FYRIRTÆKIÐ



**NÝALDARTÖLVULEIKIR** Deepa og félagar hennar hjá Mindgames með höfuðbúnaðinn góða sem beislar hugarorku til að spila tölvuleiki á iPhone. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tölvuleikjum stýrt með hugaorkunni

MindGames gerði fyrsta hugstýrða leikinn fyrir iPhone. Fleiri nýstárlegir leikir í farvatninu.

Íslenska sprotafyrirtækið MindGames hefur, þrátt fyrir stuttan feril, markað sér spor sem frumkvöðull á sviði leikja og forrita þar sem notast er við heilabylgjur notanda. Þær eru beislaðar með eins konar heilarafrita sem komið er fyrir í tæki sem situr á höfði líkt og heyrnartól.

MindGames var stofnað árið 2009 og er Deepa Iyengar framkvæmdastjóri þess. Fyrirtækið setti nýlega á markað iPhoneleikinn Tug of Mind.

Um er að ræða svokallaðan hugþjálfunartölvuleik, þann fyrsta sinnar tegundar.

Deepa segir leiknum hafa verið vel tekið þó tæknin komi kannski spánskt fyrir sjónir.

„Við vorum fyrsta fyrirtækið sem fór af stað með svona nokkuð. Fólk er enn að átta sig á því að þetta sé hægt. Því finnst tæknin hljóma eins og töfrar og er jafnvel efins um að þetta sé mögulegt. En, það er þá okkar verkefni að upplýsa almenning.“

Takmarkið með Tug of Mind er ekki síst að spilari nái einbeitingu og slökun. Spilari tekur mynd af manneskju sem veldur honum streitu, til dæmis yfirmanni. Svo setur hann upp höfuðbúnaðinn, tengir við símann og horfir á myndina sem sýnir fyrst um sinn reiðilegan svip. Haldi spilari hins vegar ró sinni, verður myndin á skjánum smátt og smátt blíðari á svip.

„Tug of Mind gengur í raun út á að leyfa þér að ná betri stjórn á því hversu mikil áhrif ákveðnir einstaklingar geta haft á þig,“ segir Deepa. „Hér nýtum við okkur þjálfunarvirkni heilans, sem gerir það að verkum að þú þjálfast í raun í því að verða rólegur undir slíkum kringumstæðum.“

MindGames hlaut nýverið styrki frá Tækniþróunarsjóði og iðnaðarráðuneytinu og var einnig tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands, en sú tilnefning tengist næsta verkefni fyrirtækisins. Það er fjölspilunarleikur fyrir Facebook, Gods and Mortals, sem er væntanlegur á markað síðar á árinu.

Framtíðarstefna MindGames er skýr að sögn Deepu.

„Við viljum festa okkur í sessi í fremstu röð í okkar flokki.“ - þj

UTAN DAGSKRÁR

# Kraftmikill, mjúkur og rúmgóður bíll

Yfir Heiðina með Óla Kristjáni



*Óli Kristján Ármannsson blaðamaður tekur notaða bíla til kostanna og metur hvort þeir fái staðið undir því að kallast forstjórabílar.*



**FORD EDGE SEL PLUS** Jepplingur sem sker sig úr í umferðinni. Þessi er af 2007-árgerð, 263 hestöfl með 3,5 lítra bensínvél. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Ford Edge SEL Plus af 2007-árgerðinni er sportlegur jepplingur sem sökum framúrstefnulegs útlits vekur áhuga. Vel hefur tekist til við hönnun bílsins og stórt grillið gefur honum dálítið grimmilegan svip. Inni í bílnum tekur á móti ökumanni og farþegum svört leðurinnrétting, öll hin smekklegasta.

Bíllinn er ríkulega búinn aukabúnaði; í aðgerðastýri er hægt að hafa stjórn á hljómflutningsgræjunum (sem vel að merkja eru sex diska geislaspilari og útvarp) og miðstöð, auk þess sem þar er skriðstillinn (e. cruise control) að finna. Hnapparnir eru þægilegir og engin hætta á að maður reki sig óvart í einhvern þeirra og skipti um útvarpsstöð. Miðstöðin er tölvustýrð og er rafmagn og hiti í framsætum.

Í svona bíl vildi maður þó reyndar gjarnan hafa sóllúgu. Hana vantaði í prufueintakið, þótt einhverjir hafi sjálfsagt splæst í glerþak og sóllúgu sem hægt er að fá sem aukabúnað með bílnum nýjum.

Jepplingurinn virðist ekkert mjög stór, en er engu að síður rúmir 4,7 metrar á lengd og 1,92 á breiddina. Maður finnur líka fyrir því þegar inn í bílinn er komið, því hann er reglulega rúmgóður og olnbogarými nægt fyrir ökumanninn. Farangursrýmið er stórt og vel fer um bæði ökumann og farþegana fjóra.

Þá er Ford Edge líka reglulega skemmtilegur í akstri. Hann er svo sem enginn sportbíll, en er alveg ótrúlega mjúkur á veginum. Þá finnur maður líka vel þegar af stað er komið að ekkert vantar upp á aflið. Bíllinn er búinn sex strokka 3,5 lítra 263 hestafla bensínvél og gengur vel að rífa áfram tæplega tveggja tonna þungan skrokkinn. Kom því eilítið á óvart að bensíneyðslan skyldi ekki vera meiri, en væntanlega sér aksturstölva bílsins um að beita aldrifinu þannig að orka fari ekki til spillis.

Líklegt má telja að innanbæjar eyði bíllinn nálægt þrettán lítrum á hundraðið og fari undir níu lítrana á vegum úti. Í hóflegum blönduðum akstri, þar sem skottast var yfir Hellisheiðina og farið í smásnatt í þéttbýliskjörnunum beggja vegna hennar, reyndist eyðslan ekki nema 11,8 lítrar á hundraðið. Utan um þessa tölfræði hélt tölva bílsins, sem líka lét ökumann vita í tíma þegar grynnka tók á tankinum og henni þótti ljóst að hann færi ekki lengra en 80 kílómetra á því sem eftir var. Láti maður þetta sem vind um eyru þjóta heldur bíllinn áfram að hnippa í mann reglulega, þar til í óefni er komið og vissara að taka bensín hið snarasta.

Í hnotskurn má því segja að þarna sé kominn bráðhugguglegur jepplingur sem sker sig passlega úr fjöldanum og er þægilegur í allri umgengni. Bíll sem enginn þarf að skammast sín fyrir að vera á, hvorki forstjórar né aðrir. Svo er bara spurning hvernig mönnum líst á verðmiðann, en á þennan grip, sem ekinn er tæpa 63 þúsund kílómetra, eru settar rétt rúmar 4,4 milljónir króna.

HELSTU STAÐREYNDIR

| Ford Edge SEL Plus AWD, 2007 | |
|---|---|
| Ásett verð: | 4.420.000 krónur |
| Ekinn: | 62.700 km |
| Lengd: | 471,6 cm |
| Breidd: | 192,5 cm |
| Litur: | Svartur |
| Sætafjöldi: | 5 |
| Þyngd: | 1.819 kg |
| Burðargeta: | 671 kg |
| Slagrými: | 3.496 cm3 |
| Afl: | 195,0 kW |
| Eldsneyti: | Bensín |


MARKAÐURINN KEMUR NÆST ÚT MIÐVIKUDAGINN 16. FEBRÚAR

AUGLÝSENDUR TRYGGIÐ YKKUR PLÁSS Í VÍÐLESNASTA VIÐSKIPTABLAÐI LANDSINS.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VARÐANDI AUGLÝSINGAR VEITIR:**
ÖRN GEIRSSON,
SÍMI: 512 5448,
NETFANG: ORN@365.IS







Allt sem þú þarft ...


GAMLA MYNDIN



MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Kortin: Bjargvættir eða ógnvaldur?

Greiðslukortin ruddu sér fljótt til rúms þegar þau loksins námu hér land á níunda áratugnum. Almenningur og verslunareigendur voru lengi vel tvístígandi en 22.000 manns höfðu þó fengið sér kort þegar þessi mynd var tekin um mitt ár 1984.

Meðal þess sem brann á fólki var hvort kortafyrtækin eða kaupmenn ættu að bera kostnaðinn, en einnig komust á kreik sögur um að korthafar væru að missa sig í eyðslunni og að „Litlu Jónarnir væru nú farnir að kaupa alls kyns munaðarvörur“ sem þeir hefðu jafnvel ekki efni á.

Ekki var þó ástandið svo slæmt að afgreiðslufólki féllust hendur eins og sést á myndinni, því að hún er sviðsett með ítarlegri úttekt eins dagblaðanna, sem bar yfirskriftina „Bjargvættur eða ógnvaldur?“ og fjallar um málið frá öllum hliðum.

Enn eimir eftir af þessari umræðu og orð eins og „kortafyllerí“ og „Vísa-rað“ eru orðin hluti af tungumálinu með víða skírskotun. - þj

# Allt í steik!

*4ra rétta seðill og A la Carte í Perlunni*

**4ra rétta sjávarrétta-seðill 4.990 kr.**

## 4ra rétta seðill

*verð frá* **4.990 kr.**

1 HEITREYKT BLEIKJA
Með wasabí ís og wagame salati

2 HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

FISKUR DAGSINS
með rjómasoðnu bankabyggi steiktu dvergkáli og basilsmjörsósu
Verð á matseðli með fiski dagsins í aðalrétt 4.990 kr.

STEIKT HEIÐAGÆSABRINGA
með eplamauki sveppakartöflu og villisveppasósu
Verð á matseðli með heiðagæs í aðalrétt 5.990 kr.

3 **INNBÖKUÐ NAUTALUND Í SMJÖRDEIGI (WELLINGTON)**
með sveppafyllingu, soðkartöflu, rótargrænmeti og Chateaubriand sósu
Verð á matseðli með innbakaðri nautalund í aðalrétt 6.990 kr.

OFNSTEIKTUR LAMBAHRYGGUR
með hunangs- og sinnepskornahjúp, möndlukartöfluköku,
aspas, rófum og bearnaisessósu
Verð á matseðli með lambahrygg í aðalrétt 7.990 kr.

4 SÚKKULAÐI OG PISTASÍU KAKA
með pistasíu ís og tonka- hvítsúkkulaði rjóma

## Vissir þú?

Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá belgíska matreiðslumeistaranum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!





**Gjafabréf Perlunnar**
**Góð gjöf við öll tækifæri!**

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

**3.313** milljarða kröfum í þrotabú Kaupþings hefur verið hafnað. Enn er deilt um 2.619 milljarða af þeirri upphæð.

**100** dalir og þrjátíu sent er nú verðið fyrir eina olíutunnu. Það hefur ekki verið svo hátt síðan um mitt ár 2008.

**223** nýir bílar seldust í janúar. Það er 43 prósenta fjölgun milli ára.

BANKAHÓLFIÐ

## Miðaldra markaður

Kauphallarsamstæðan Nasdaq-OMX fagnar stórafmæli um þessar mundir. Nasdaq-markaðurinn í Bandaríkjunum var settur á laggirnar 4. febrúar árið 1971 og hófust hlutabréfaviðskipti á honum fjórum dögum síðar. Ekki liggur fyrir hvað gert verður í tilefni dagsins hér en Kauphöllin er hluti af samstæðunni. Tilviljun ræður því að fyrirtækið sem skráð hefur verið einna lengst í Kauphöllinni hér er jafngamalt Nasdaq. Það er stoðtækjafyrirtækið Össur, sem Össur Kristinsson stofnaði utan um smíði á gervilimum árið 1971.



## Skilnaður

Auðveldlega má halda áfram með líkingu stoðtækjafyrirtækisins við okkur mannfólkið. Össur er fyrir nokkru komið á nokkuð öruggt ról í tilverunni, búið að tryggja sig fjárhagslega og komið á beinu brautina. Ekki er þó fjarri því að ákveðins fiðrings gæti hjá hinum fertuga Össuri. Forsvarsmenn fyrirtækisins tilkynntu í fyrra að þeir hefðu óskað eftir afskráningu fyrirtækisins hér og ætluðu að einbeita sér að skráningu fyrirtækisins í Kaupmannahöfn. Sumir myndu kalla slíkt skilnað. Uppgjörsfundur er hjá Össuri á þriðjudag í næstu viku og er aldrei að vita hvað verður tilkynnt þar að ónefndum fjárhagslegum upplýsingum.



## Allt í lukkunnar velstandi?

Bloomberg-fréttastofan birti ítarlega úttekt á bankahruninu og endurreisninni í samanburði við írsku kreppuna í gær. Þar kom fram að efnahagslífið væri að jafna sig eftir skellinn, hagvöxtur hefði látið á sér kræla á þriðja ársfjórðungi í fyrra eftir samdrátt í tvö ár, verðbólga lækkað verulega, skuldatryggingaálag ríkissjóðs væri orðið bærilegt og nóg að gera bæði í bönkum og búðum fyrir jólin. Paul Krugman, hagfræðingurinn skeleggi sem hlaut Nóbelsverðlaun í fræðunum árið 2008, var fljótur að benda á það á bloggsíðu sinni að Íslendingar hefðu ekki stigið óskaddaðir úr kreppunni, Skaðleg áhrif kreppunnar á líf fólks og félagslegar aðstæður virtust þó vægari en margir hefðu óttast.




# 90,5% VIÐSKIPTAVINA ÁNÆGÐIR

DÆMI UM UMMÆLI ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUNINNI

★ ★ ★ ★ ★

„Fólkið er frábært og yndislegt."

„Mæli með ykkur og veit að sumt af mínu fólki hefur komið til ykkar."

„Æðisleg þjónusta."

„MP er frábær banki. Takk fyrir mig."

**Samkvæmt nýrri þjónustukönnun eru meira en 90% viðskiptavina okkar ánægðir með þjónustuna.**

Komdu við í útibúum okkar eða hringdu og kannaðu hvers vegna viðskiptavinir okkar eru svona ánægðir.



6,8% HVORKI NÉ

2,7% ÓÁNÆGÐIR

Fíton/SÍA

MP BANKI

Þjónustukönnunin var gerð af Capacent fyrir MP banka í september

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is





SHARP
SJÓÐVÉL · XE-A113

32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 54.900,-



SHARP
SJÓÐVÉL · XE-A203

32 vöruflokkar
Allt að 1200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 69.900,-



SHARP
SJÓÐVÉL · XE-A303

40 vöruflokkar
Allt að 1800 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Tveggja línu skjár
Mjög auðveld í forritun

Kr. 69.900,-

SHARP SJÓÐVÉLAR
OG ÞÚ ERT Í GÓÐUM MÁLUM

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Umboðsmenn um land allt · www.ormsson.is



Skemmtikraftar í febrúar
skemmtilegri
GREY'S ANATOMY
TVÍMÆLALAUST
glee
BOARDWALK EMPIRE
American Idol
ALGJÖR SVEPPI
SJÁLFSTÆ
FÓLK
Discovery CHANNEL
Fylgir frítt með Stöð 2 í febrúar
MANNASIÐIR GILLZ
VILD allt fyrir áskrifendur
ÞÚ SAFNAR PUNKTUM Á MEÐAN ÞÚ HORFIR!
Fíton/SÍA
Fyrir 229 krónur færð þú:
TERTUSNEIÐ Í BAKARÍI
EÐA
6 MÍNÚTUR Í KEILU
EÐA
EINN BARNAÍS
EÐA
VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU
EÐA
FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR
AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



*Móðursystir okkar og mágkona,*

**Þorbjörg Andrésdóttir**
Bólstaðarhlíð 44,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 31. janúar síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Andrés Svavarsson**
**Kristín Svava Svavarsdóttir**
**Guðni Birgir Svavarsson**
**Rannveig Beiter**
**Svavar Guðnason**
**og fjölskyldur**

---



*Hjartans þakkir færum við þeim sem heiðruðu minningu mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu*

**Páldísar Eyjólfs**

Við þökkum auðsýnda samúð og vináttu og færum starfsfólki Droplaugarstaða kærar þakkir fyrir kærleiksríka umönnun.

**Halldóra Konráðsdóttir** — **Þorvaldur Sigurbjörnsson**
**Elísabet Konráðsdóttir** — **Sigurður Halldórsson**
**Elín Konráðsdóttir** — **Guðni Bergsson**
**barnabörn og langömmubörn**

---



*Faðir okkar, afi, langafi, vinur og frændi,*

**Vilhelm Arnar Kristjánsson**
Smiðjustíg 2, Eskifirði,

sem lést að heimili sínu 29. janúar, verður jarðsunginn frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 5. febrúar kl. 14.00.

**Kristján Pálmar Arnarsson**
**Kristrún Helga Arnarsdóttir**
**Erna Kristín Kristjánsdóttir** — **Sveinn Heiðar Sveinsson**
**Matthías Logi og Snædís Alda Sveinsbörn**
**Arnar Þór Kristjánsson**
**Unnar Kristjánsson**
**Eggert Ó. Einarsson** — **Laufey Sigríður Kristjánsdóttir**
**Jóhanna Pétursdóttir**
**og aðrir aðstandendur**

---



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur vináttu, hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Skarphéðins Árnasonar.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Dvalarheimilisins Höfða fyrir nærgætni og hlýju. Landssamtökum smábátaeigenda færum við einnig sérstakar þakkir fyrir einstaka vináttu og virðingu sem þau sýndu honum með þátttöku sinni í athöfninni.

**Sigurbjörn Skarphéðinsson** — **María Karlsdóttir**
**Sigrún Birna Skarphéðinsdóttir** — **Pétur Örn Jónsson**
**Aðalheiður Skarphéðinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---


**50% afsláttur**
**af legsteinum úr íslensku blágrýti**
Sendum myndalista



**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Rvk.
sími 587 1960 - www.mosaik.is


---



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar hjartkæru*

**Vigdísar Theodóru Bergsdóttur, Dósýjar.**

Megi birta og ylur umlykja hjörtu ykkar um ókomna tíð.

**Ellert og stórfjölskyldan Bjarnastöðum**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Sóley Tómasdóttir**

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 25. janúar. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. febrúar kl. 13.00.

**Hallgrímur G. Magnússon** — **Anna G. Ástþórsdóttir**
**Hrafn Magnússon**
**barnabörn og langömmubörn**
**Fjóla Tómasdóttir**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Svanhildur Pálsdóttir**
síðast til heimilis að Skjóli í Reykjavík,

andaðist föstudaginn 28. janúar 2011. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 7. febrúar og hefst klukkan 15.00.

**Guðbjörn Lárus Elíson** — **Amanda Inga Einarsdóttir**
**Páll Rúnar Elíson** — **Yvonne Elíson**
**Elín Elídóttir** — **Daníel Halldórsson**
**Sólrún Elídóttir** — **Einar Guðlaugsson**
**Svanur Elíson** — **Agnes Gunnarsdóttir**
**Einar Hannesson**
**Guðrún Erna Ingimundardóttir** — **Erik Gulsrud**
**Sigurður Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Jónas Magnússon**
húsasmíðameistari,
áður til heimilis að Rauðalæk 32,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 22. janúar. Útför hans fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 4. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Blindrafélagsins eða Hrafnistu í Reykjavík.

**Sigríður Þorkelsdóttir.**

---



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma*

**Klara Þorleifsdóttir**
Teigaseli 9, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 30. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. febrúar kl. 13.00.

**Þorleifur Jónsson** — **Halldóra Andrésdóttir**
**Andrés Þorleifsson**
**Hjalti Þorleifsson.**

---

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**VALIÐ ÚR SAUTJÁN VERKUM** Verkið verður flutt á opnunarhátíð Hörpunnar í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HAUKUR TÓMASSON:** SIGRAÐI Í TÓNVERKASAMKEPPNI HÖRPUNNAR

## Glaðværð sem hæfir tilefninu

Haukur Tómasson sigraði nýverið í tónverkasamkeppni sem Tónlistarhúsið Harpa efndi til í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og verður verkið frumflutt á opnunarhátíð Hörpu 13. maí næstkomandi. Í umsögn dómnefndar segir: „Verkið hefur sterkt og ákveðið svipmót, í því ríkir glaðværð og eftirvænting sem hæfir tilefninu vel. Stefjavinnsla höfundar er skemmtilega útfærð, og litbrigðin sem fást með notkun hljóðfæranna eru fjölbreytt og glæsileg, svo að Sinfóníuhljómsveit Íslands er gefið færi á að njóta sín til fulls. Sérstaka hrifningu vakti tilþrifamikill og kröftugur hápunktur verksins, sem ber yfirskriftina Estatico, sem mætti útleggja sem: „í sæluvímu", eða „með ofsakæti"."

Haukur vonar að verkið standi undir væntingum og hlakkar til að heyra það flutt í húsi sem tekur undir. „En hvað skyldi það hafa verið lengi í smíðum? Keppnin var auglýst í júlí og var það konan mín sem rak augun í auglýsinguna þar sem við vorum stödd í fríi á Núpi í Dýrafirði. Ég byrjaði strax að hugsa en var alveg fram yfir áramót að klára verkið með öðrum verkefnum," segir Haukar.

Umsóknarfresturinn rann út 7. janúar og bárust sautján verk í keppnina. Tekið var fram í auglýsingunni að verkið ætti að hæfa tilefninu og þykir Hauki hafa tekist vel til. „Verkið heitir Harpa eins og gamli vormánuðurinn og verður opnunin í sama mánuði. Vorið er alltaf skemmtilegur tími og ég reyndi að ná því í gegn. Þá hugsaði ég um húsið og allt þetta gler og þá speglun sem ég sé fyrir mér að verði í glerveggnum. Það eru stef í tónlistinni sem vísa í það og ákveðin speglun í tónunum."

Harpa er eitt af þremur verkum sem verða frumflutt eftir Hauk á næstu mánuðum. „Ég er að ganga frá verki sem ég gerði í samvinnu við Eggert Pétursson listmálara og verður flutt í Listasafni Íslands núna í febrúar en auk þess hef ég gert verk fyrir Mótettukór Hallgrímskirkju, Scola Cantorum og Kammersveit Reykjavíkur sem verður frumflutt á Listahátíð í vor."

vera@frettabladid.is

---



*Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir og tengdasonur*

**Matthías Bjarki Guðmundsson**

sem lést miðvikudaginn 26. janúar, verður jarðsunginn frá Hjallakirkju föstudaginn 4. febrúar kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands, Ljósið eða önnur líknarfélög.

**Björg Ragna Erlingsdóttir**
**Lúðvík Már Matthíasson**
**Máni Matthíasson**
**Markús Ingi Matthíasson**
**Guðmundur G. Magnússon** — **Anna Björk Matthíasdóttir**
**Magnús Víðir Guðmundsson** — **Kristín K. Ólafsdóttir**
**Ágúst Hlynur Guðmundsson** — **Kristín Valdemarsdóttir**
**Erlingur Lúðvíksson** — **Jakobína Ingadóttir**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Drýgjum launin Verslum í Bónus

**100% UNGNAUTA HAMBORGARAR**
2 x 120g MEÐ SÓSU OG BRAUÐI
**498** KR.

ÍSLANDSLAMB FROSINN
**HÁLFUR LAMBSKROKKUR**
**798** KR.KG.

EUROSHOPPER FROSNAR
**KJÚKLINGABRINGUR 1 KG.**
**1498** KR.

**898** KR. kg
**FERSKT BLANDAÐ HAKK 100% KJÖT**
60% NAUT & 40% GRÍS

**259** KR. 1 kg
BARILLA **SPAGHETTI** 1 KG

**SPAGHETTI BOLOGNESE**
Það er ***auðvelt*** að matreiða Ítalskt Spaghetti Bolognese; sjá nánar á *bonus.is/uppskriftir*

**698** KR. 620g
KJARNAFÆÐI: FROSIÐ 100%
**NAUTAHAKK** 620g RÚLLAN
**FROSIÐ NAUTAHAKK**

**259** KR. 620g
KJARNAFÆÐI: FERSKT
**KJÖTFARS** 620g RÚLLAN
**NÝTT KJÖTFARS**

**FJÓLA WC PAPPÍR**
*9 rúllur 240 blöð 100 kr lækkun*
**Verð nú 698 kr.**
4000 PK. Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI.

**198** KR. 1 kg
**BÓNUS BRAUÐ 1 KG.**

25% AFSLÁTTUR
SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
25% afsláttur Merkt verð 1648 kr./kg.
**1236** KR.KG

**KELLOGGS RISA *CORNFLAKES* KASSI 1 KG.**
**598** KR. 1 KG.

**98** KR. 500ml
MOUNTAIN DEW 500ml

**98** KR. 500ml
EGILS ORKA 500ml

**Gillette**
**FUSION POWER**
**FJÖGUR RAKBLÖÐ**
**200 KR. LÆKKUN**
**1798** KR.PK.

**179** KR. 2 ltr.

AÐEINS 498 KR. POKINN
FROSIN JARÐARBER **1.2 kg.**
**498** KR.PK.

AÐEINS 498 KR. POKINN
FROSNIR MANGÓBITAR **1 kg.**
**498** KR.PK.

AÐEINS 498 KR. POKINN
FROSNIR ANANASBITAR **1 kg.**
**498** KR.PK.

AÐEINS 198 KR. POKINN
FROSIN BLÁBER **250g.**
**198** KR.PK.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



ljós og verkfæerataska fylgja með!

67 stk. bita- og borasett fylgir með!

3 rafhlöður!!!

HITACHI

**25.995,-**

~~33.995,-~~

**Hleðsluskrúfvél**
**Hitachi Power Box**, DS12DFV3
12V, 3 rafhlöður, ljós, 67 stk bitar og borar fylgja.
Hleðslutími 40 mín.
5247028

EIN BESTU KAUPIN Í DAG!

# VERKFÆRI

## á lægra verði

**Ryksuga**
**PowerPlus**.
Ryksugar bæði ryk og vatn.
1200W, 20 ltr.
5247007

**7.849,-**



LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

ryk og vatn

HITACHI



**7.995,-**

~~9.998,-~~

**Slípirokkur**
**Hitachi**. G13SS
580W, 125 mm.
5247394



mjög létt aðeins 1 kg

**18.995,-**

**Hleðsluborvél**
**Hitachi** DS10DFL.
10.8V
Lithium rafhlöður,
nett og öflug, 22/34 Nm
5246795

**Loftpressa**
**Brico 8**, 1.5 Hp, 24 ltr. 8 Bar, 180L/Mín.
Þarf ekki olíu.
5255095



**16.995,-**

~~19.995,-~~

**Borasett HSS**
**Hitachi**, 19 stk.
5027545

**1.899,-**

HITACHI



**8.995,-**

~~10.995,-~~



**Topplyklasett**
**Neo**, 23 stk. 1/2", 8-32 mm
5052509

MIKIÐ ÚRVAL AF VERKFÆRUM Á FRÁBÆRU VERÐI

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

**Höggborvél**
**PowerPlus**.
580W. Flýtipatróna.
5245308



**Höggborvél**

**2.695,-**

**LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR***

**Hleðsluborvél**
**PowerPlus**.
14.4V, flýtipatróna.
5245225



**2 rafhlöður og taska**

**5.995,-**

**LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR***

**Bita- og toppasett**
**B&D,** 40 stk, skrallskrúfjárn.
5246107

BLACK & DECKER

**1.995,-**





**1.999,-**
~~2.499,-~~

**Skrúfjárnasett**
**Topex,** 27 stk.
5010162



**1.199,-**
~~1.349,-~~

**Handsög**
**Bahco.**
5001655



**3.795,-**

**með framkasti**

**LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR***

**Stingsög**
**PowerPlus**.
500W, með framkasti
5245208

**5.995,-**
~~7.995,-~~

BLACK & DECKER

**Skrúfvél**
**B&D**.
3.6V Lithium rafhlaða
5246007



BLACK & DECKER



**6.995,-**
~~8.995,-~~

**Vinnuljós**
**B&D.**
26 Led perur
5023976

**7.995,-**
~~8.999,-~~

**Verkfærataska**
**B&D,** 560x270x260 mm
5024789





**9.995,-**
~~13.395,-~~

**Höggborvél**
**B&D,** flýtirpatróna, 550W
5245601

Látum verkin tala!

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavixl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** tilfinningaleysi, **6.** hola, **8.** sótt-hreinsunarefni, **9.** sefa, **11.** guð, **12.** flatfótur, **14.** kvk nafn, **16.** skóli, **17.** netja, **18.** fugl, **20.** tveir eins, **21.** tangi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skítur, **3.** upphrópun, **4.** forskot, **5.** röst, **7.** land í Evrópu, **10.** flýtir, **13.** angan, **15.** illgresi, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** dofi, **6.** op, **8.** joð, **9.** róa, **11.** ra, **12.** ísig, **14.** lilja, **16.** ma, **17.** mór, **18.** önd, **20.** ff, **21.** oddi.
**LÓÐRÉTT:** **1.** sori, **3.** oj, **4.** forgjöf, **5.** iða, **7.** pólland, **10.** asi, **13.** ilm, **15.** arfi, **16.** móð, **19.** dd.

# 10 ára afmæli



## Bjartur
### (Hrafntóftar Hrammur)

er 10 ára í dag. Bjartur lauk námi í hundaskóla síðla árs 2001 og hefur frá árinu 2010 starfað sem sjálfboðaliði fyrir Rauða kross Íslands.

Bjartur tekur á móti gestum á heimili sínu Suðurgötu 56 í Hafnarfirði nk. laugardag, 5. febrúar, milli kl. 15.00 og 18.00 og mun hann þar m.a. sýna gestum nokkrar brellur sem hann hefur lært.

Bjartur æskir þess að velunnarar hans séu ekki að spandera í gjafir en þeir mega þess í stað veita andvirði gjafa til Rauða kross Íslands á reikning 0327-26-6808, kt. 680878-0139.









# Stjórnlagaþing er eins og megrun

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Ég sat í félagsskap poka af kartöfluflögum fyrir framan sjónvarpið og horfði á beina útsendingu frá Alþingi. Þingheimur þrefaði um ákvörðun Hæstaréttar um ólögmæti kosninga til stjórnlagaþings. Eins og úrillir ríkisstarfsmenn sem sendir höfðu verið í „paintball“ til hópeflingar viku stjórnarliðar sér undan ábyrgðinni sem beint var að þeim. Í stjórnarandstöðunni féll hver maður um annan í kappi um að gera sér mat úr skakkaföllunum.

**POKINN** með kartöfluflögunum sem veitti mér huggun yfir umræðum um ósigur stjórnlagaþings táknaði minn persónulega ósigur. Þegar jólaofátið í desember stóð sem hæst og mér leið eins og gæs með matarslöngu í kokinu sem fóðruð er nauðug svo hún megi enda sem almennilegt „foie gras“, gaf ég sjálfri mér loforð. Á nýju ári færi ég í megrun. Uppskriftin að megrunarkúrnum var bókin Skyndilausn: Hvernig skal öðlast fallegan líkama á 14 dögum.

**ÞAR** sem ég sat með kartöfluflögurnar mínar, kolfallin á kúrnum, og horfði á ráðamenn landsins karpa rann upp fyrir mér ljós: Stjórnlagaþing er eins og megrunarkúr.

**EIN** af þeim aðgerðum sem gripið var til þegar veikur grunnur góðærisins lét undan og íslenskt samfélag hrundi var að leggja drög að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Markmiðið var nýtt og betra Ísland. En ekki frekar en stjórnarskráin var valdur hrunsins verður hún okkur bjargvættur. Við munum ekki svífa á vængjum nýrrar stjórnarskrár upp úr kreppunni. Ný stjórnarskrá mun ekki skapa fleiri langtímastörf eða redda Icesave. Vonin um að allt verði betra með nýrri stjórnarskrá er hylling. Alveg eins og hugmynd mín um að á fjórtán dögum geti ég öðlast fullkominn líkama. Stjórnlagaþing, eins og megrunarkúr, er tilraun til að stytta sér leið að markmiði; betra útliti; betra samfélagi.

**HIÐ** gullna ráð sem öllum er gefið sem fallið hafa á megrunarkúr er að gefast ekki upp. Umfangsminna holdafar ávinnst ekki með tímabundinni megrun heldur langtímabreytingum á lífsstíl. Sama má segja um ris Íslands úr öskunni. Það mun taka tíma og við því er ekki til nein skyndilausn. Endurskoðun stjórnarskrárinnar má vissulega vera partur af langri vegferð að hinu nýja og betra Íslandi sem vonir standa til um. En sú vinna verður að einkennast af vandvirkni. Hugmyndir um að sneiða hjá niðurstöðu Hæstaréttar og skipa „ólögmætu“ fulltrúana í stjórnlaganefnd er enn ein tilraun til að stytta sér leið. Við höfum nú þegar fallið einu sinni á megrunarkúrnum. Látum af skyndilausnum, tökum lífsstílinn í gegn og kjósum heldur aftur á stjórnlagaþing í góðu tómi.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






VISA
FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort
Tilboð gilda til mánudagsins 14. febrúar
FK FJARÐARKAUP
Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga www.FJARDARKAUP.is

# Styrjaldir og stamandi kóngar

Bíó ★★★★★

**The King's Speech**

Leikstjóri: Tom Hooper.

**Leikarar:** Colin Firth, Geoffrey Rush, Helena Bonham Carter, Guy Pearce, Michael Gambon, Timothy Spall.



**ÓGLEYMANLEG MYND** Colin Firth fer á kostum í kvikmyndinni Ræða konungs.

Rannsóknir hafa sýnt fram á það að meðaljóninn er hræddari við að þurfa að halda ræðu fyrir framan hóp heldur en það að deyja. Ímyndið ykkur síðan að þið væruð með talgalla og þyrftuð að halda ræðu fyrir framan fullan íþróttaleikvang af fólki. Hræðileg tilhugsun ekki satt? Í upphafi kvikmyndarinnar The King's Speech þarf Albert prins, hertoginn af York (Colin Firth), að gera nákvæmlega þetta en kemur ekki upp nokkru orði.

Stamandi konungssonurinn leitar á náðir talþerapistans Lionels Logue (Geoffrey Rush) en mest er það vegna þrýstings frá eiginkonunni (Helenu Bonham Carter) sem skynjar vaxandi vanlíðan prinsins. Logue er sannfærður um að hann geti læknað prinsinn af staminu en til þess verði þeir að vera á jafnréttisgrundvelli. Prinsinn ákveður að hefja meðferð en á honum dynja áhyggjur úr öllum áttum. Konungurinn faðir hans liggur fyrir dauðanum og krónprinsinn, eldri bróðir Alberts, er mögulega óhæfur til að taka við krúnunni. Á meðan er stríð í uppsiglingu í Evrópu og breskur almenningur þarf öflugan konung með sterka rödd. Rödd sem Albert skortir.

Það er mikil kúnst að geta fjallað um hversdagslega hluti með áhugaverðum hætti. Stam og skortur á sjálfstrausti hljóma ekki sérlega spennandi í formi kvikmyndar, en sé það vel gert getur árangurinn verið tilkomumeiri en heimsins bestu landvinninga- og styrjaldamyndir. Í styrjöldum er dauðinn það sem allir óttast mest, en dauðinn bliknar í samanburðinum við óttann um að gera sjálfan sig að fífli, eins og fyrrnefndar rannsóknir sýna.

En líkt og flestir vita er stærsta hindrunin oft maður sjálfur, og þá er gott að eiga góða að til að stappa í mann stálinu og hjálpa manni við að takast á við vandann. Jafnvel þótt maður sé prins, eða konungur. Skítugur almúgamaður getur vel hjálpað konungi en getur konungur hjálpað almúgamanninum? Eru það ekki einmitt þeir ríkustu og virtustu sem eru mest ósjálfbjarga?

The King's Speech er ein besta mynd síðasta árs. Leikarahópurinn er frábær og þeir Colin Firth og Geoffrey Rush eru ótrúlegir. Kvikmyndatakan er gífurlega falleg en jafnframt nokkuð nýtískuleg miðað við mynd af þessu tagi. Aðrir tæknilegir þættir eru til fyrirmyndar. Að fá 12 Óskarstilnefningar hljómar fáránlega mikið en líklega eru þær allar verðskuldaðar.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Ógleymanleg mynd sem ætti að geta höfðað til allra. Bjóddu ömmu og afa með, og unglingnum líka.

# Lék í ástarsenu með Ofurmenninu

Anita Briem leikur í rómantískri ástarsenu með bandaríska leikaranum Brandon Routh, best þekktum sem Ofurmennið úr samnefndri mynd frá árinu 2006, í myndasögukvikmyndinni Dylan Dog: Dead of Night. Fyrstu myndirnar úr kvikmyndinni eru komnar á netið og þar má glögglega sjá að hlutverk Anitu er nokkuð stórt en hún leikur Elizabeth, ástkonu Dylans Dog. Samkvæmt síðustu fréttum verður myndin frumsýnd 18. mars á Ítalíu en erfiðlega hefur gengið að fá dreifingarsamning í Bandaríkjunum.

Myndarinnar hefur þó verið beðið með óþreyju hjá myndasögunjörðum í tvö ár en hún byggir á ítölskum „költ"-myndasögum um einkaspæjarann Dylan Dog sem hefur yfirskilvitlega hæfileika. Leikaraliðið mætti meðal annars á myndasöguhátíðina Comic Con fyrir tveimur árum og vakti þar mikla athygli. Leikstjóri myndarinnar er Kevin Monroe en með önnur hlutverk í myndinni fara þeir Taye Diggs og Peter Stormare.

Anita hefur haft ágætt að gera í Hollywood en hún hefur einbeitt sér að leik í sjálfstæða kvikmyndageiranum. Hún hefur nýlokið við að leika í söngvamyndinni You, Me & The Circus og birtist væntanlega á næstunni í kvikmyndunum Elevator og Escape to Donegal. Óvíst er hins vegar hvenær Íslendingar fá að sjá hana næst á hvíta tjaldinu.

**- fgg**





**RÓMANTÍK OG HRYLLINGUR** Anita Briem er í stóru hlutverki í kvikmyndinni Dylan Dog: Dead of Night. Hún leikur í rómantísku ástaratriði með Brandon Routh sem lék Ofurmennið í kvikmynd frá árinu 2006.


NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE FIGHTER | 8 og 10.20 | 14 |
| THE GREEN HORNET 3D | 8 | 12 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI 3D | 6 | L |
| SAW 3D | 10.20 | 16 |
| ALFA OG ÓMEGA 2D | 6 | L |
| LITTLE FOCKERS | 8 og 10 | L |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| THE KING´S SPEECH | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| ROKLAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HEREAFTER | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| HEREAFTER | kl. 5:30 | VIP |
| HARRY POTTER | kl. 8 Síðustu sýningar | 10 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 10:40 Síðustu sýningar | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TANGLED-3D ísl tal | kl. 5:50 | L |
| THE KING'S SPEECH | kl. 8 - 10:20 | L |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 | 14 |
| ROKLAND | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DILEMMA | kl. 5.30 - 8 og 10.30 | L |
| KING'S SPEECH | kl. 5.15 - 8 | L |
| GREEN HORNET-3D | kl. 8 og 10.40 | 12 |
| KLOVN: THE MOVIE | kl. 8 og 10.40 | 14 |
| ROKLAND | kl. 10.15 | 12 |
| TANGLED-3D ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| TRON: LEGACY-3D | kl. 5.15 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 8:20 - 10:30 | 14 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| YOU AGAIN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!



SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE DILEMMA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE DILEMMA LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE GREEN HORNET 3D | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| BURLESQUE | kl. 8 - 10.35 | L |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 3.30 | L |
| THE TOURIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | kl. 3.30 - 5.50 | L |
| MEGAMIND 3D ÍSL. TAL | KL. 3.40 | L |
| NARNIA 3 3D | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE FIGHTER | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| BURLESQUE | KL. 10.10 | L |
| GAURAGANGUR | KL. 5.50 - 8 | 7 |
| LÍFSLÖNGUN | kl. 6 Enskur texti | L |
| BARA HÚSMÓÐIR | kl. 8 Enskur texti | L |
| HVÍTAR LYGAR | kl. 5.20 Íslenskur texti | L |
| EINS OG HINIR | KL. 8 Enskur texti | L |
| ÆVINTÝRI ADÉLE | KL. 10 Íslenskur texti | L |
| VELKOMIN | KL. 10 Enskur texti | L |

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE DILEMMA | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| THE GREEN HORNET 3D | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 5.50 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5%
facebook / smarabio • facebook / haskolabio
Ath: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíó



TILBOÐ MÁNAÐARINS GALIEVE
TILBOÐIÐ GILDIR ÚT FEBRÚAR

| | |
|---|---|
| Cool mint mixtúra, 300 ml | 1.665 kr. |
| Cool mint skot, 24x10 ml | 2.040 kr. |
| Tuggutöflur, 48 stk. | 1.559 kr. |
| Tuggutöflur, 24 stk. | 829 kr. |

Apótekið –einfalt og ódýrt
Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri • www.apotekid.is

BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| HERBERGI Í RÓM (HABITACIÓN EN ROMA) (14) | 18:00, 22:00 |
| SÚÐBYRÐINGUR (L) | 20:00 |
| UPPÁTÆKI (MICMACS) (L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| EINHVERSSTAÐAR (SOMEWHERE) (L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| THE SOCIAL NETWORK (L) | 18:00 |
| RODLAUST OG BEINLAUST (L) | 20:20 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN!
Allt að 37% afsláttur



MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

# ÚTSALA

# 35-80%



## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN




### KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP



**ILVA kaffi**



Panini m/osti, kjúklingaskinku, papriku, rauðlauk og salati.
**Verð 690,-**

**VISA Lán**
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA
sendum um allt land

**ILVA** Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8,
112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga **11-18:30**
laugardaga **10-18,** sunnudaga **12-18**

shop online

© ILVA Ísland 2011

# sport

sport@frettabladid.is



**GEIR ÞORSTEINSSON** er sjálfkjörinn formaður KSÍ til næstu tveggja ára því önnur framboð bárust ekki í kosningu formanns á 63. ársþingi KSÍ sem fer fram laugardaginn 12. febrúar. Geir hefur verið formaður KSÍ frá árinu 2007 en hann fékk heldur ekkert mótframboð árið 2009. Varaformaðurinn Gylfi Þór Orrason og gjaldkerinn Guðrún Inga Sívertsen bjóða sig einnig áfram fram í aðalstjórn.

# Engin kreppa í enska boltanum

**Liverpool og Chelsea eyddu saman 24 milljörðum íslenskra króna í leikmenn á lokadegi félagaskiptagluggans og ensk félög settu nýtt janúarmet með því að kaupa menn fyrir 225 milljónir punda. Fréttablaðið hefur skoðað hvar þeir Fernando Torres og Andy Carroll standa nú meðal dýrustu fótboltamanna sögunnar.**

**FÓTBOLTI** Chelsea ætlaði í fyrstu ekki að eyða neinu í nýja leikmenn í upphafi mánaðarins en þegar klukkan sló ellefu í gærkvöldi og félagaskiptaglugginn hafði lokast þá var ljóst að Roman Abramovich hafði pungað út meira en 71 milljón punda í tvo leikmenn. Það sem meira er að 50 milljón punda tilboð Chelsea í Fernando Torres sá öðru fremur til þess að Liverpool keypti tvo framherja í staðinn, Andy Carroll og Luis Suarez, fyrir samtals 58 milljónir punda.

Ensk félög hafa aldrei eytt svona miklu í leikmenn í janúar eða samtals 225 milljónum punda. Þetta er meira en sjöföld upphæð sem ensku félögin eyddu í leikmenn fyrir einu ári og bættu gamla metið frá janúar 2008 um 50 milljónir punda eða eitt stykki Fernando Torres.

Það voru reyndar bara fjögur félög sem eyddu meira en tíu milljónum punda í þessum janúarglugga og það voru Chelsea, Liverpool, Manchester City og Aston Villa. 80 prósent af þessum 225 milljónum fóru í kaup þessara félaga á sex leikmönnum. Roman Abramovich reddaði 71 milljón punda svo Chelsea gæti keypt þá Fernando Torres og David Luiz (frá Benfica), Liverpool notaði peninginn fyrir söluna á Torres og Ryan Babel (til Hoffenheim) til þess að kaupa þá Andy Carroll og Luis Suarez, fyrir 58 milljónir, Abu Dhabi-eigendur Manchester City voru tilbúnir að kaupa Edin Dezko fyrir 27 milljónir og Randy Lerner, eigandi Aston Villa, þóttist vera tilneyddur til að eyða 20 milljónum í Darren Bent svo Villaliðinu tækist að rífa sig upp úr fallbaráttunni.

Fernando Torres varð í gær dýrasti leikmaðurinn í sögu enska boltans og sá fjórði dýrasti í heimi. Hann bætti opinberlega met Robinhos (frá 2008) sem Manchester City keypti á 32,5 milljónir frá Real Madrid en almennt er þó talið að Manchester City hafi borgað um 47 milljónir fyrir Carlos Tevez árið 2009. Upphæðin fyrir Tevez var ekki gefin upp og því kemst hann ekki á listann yfir þá dýrustu.

Andy Carroll sem Liverpool keypti á 35 milljónir frá Newcastle, er því orðinn annar dýrasti leikmaðurinn í sögu enska boltans þrátt fyrir að vera aðeins 22 ára gamall. Hann er enn fremur í áttunda sæti yfir dýrustu leikmenn heims og auk þess hefur ekki verið borgað meira fyrir enskan leikmann. Carroll tók það met af Rio Ferdinand sem kostaði Manchester United 29,1 milljón punda frá Leeds árið 2002.

Þeir Torres og Carroll eru einu fulltrúar enskra liða á topp tíu yfir dýrustu leikmenn sögunnar og stinga sér þar upp á milli kaupa spænskra og ítalskra félaga sem hafa einokað listann upp á síðkastið. Þeir Robinho (frá Real Madrid til Manchester City, 32,5 milljónir 2008) og Christian Vieri (frá Lazio til Internazionale, 32 milljónir 1999) duttu aftur á móti í staðinn út af topp tíu listanum.

Cristiano Ronaldo er áfram dýrasti leikmaður sögunnar en Real Madrid bætti metið í tvígang sumarið 2009, fyrst með því að kaupa Kaka frá AC Milan fyrir 56 milljónir punda og svo með því að kaupa Ronaldo frá United fyrir 80 milljónir. Real Madrid hefur átt metið frá árinu 2000 þegar það keypti Luis Figo á 37 milljónir punda frá Barcelona árið 2000 og bætti það met með því að kaupa Zinedine Zidane á 46 milljónir punda frá Juventus sumarið 2001. Lazio er síðasta félag fyrir utan Real til að eiga metið en ítalska félagið keypti Hernan Crespo á 35,5 milljónir frá Parma árið 2000.

Hér til hliðar má sjá tvo lista yfir annars vegar dýrustu leikmenn sögunnar og hins vegar dýrustu leikmennina í sögu enska boltans. ooj@frettabladid.is

## Stærstu leikmannakaupin

### 10 dýrustu á heimsvísu

*(Milljónir punda / milljarðar kr.)*

**Cristiano Ronaldo (80 / 14,9)** Man Utd til Real Madrid (2009)

**Zlatan Ibrahimovic (60,7 / 11,3 )** Inter til Barcelona (2009)

**Kaká (56,1 /10,4)** AC Milan til Real Madrid

**Fernando Torres (50 / 9,2)** Liverpool til Chelsea (2011)

**Zinedine Zidane (45,6 / 8,5 )** Juventus til Real Madrid (2001)

**Luis Figo (37 /7)** Barcelona til Real Madrid (2000)

**Hernán Crespo (35,5 / 6,6 )** Parma til Lazio (2000)

**Andy Carroll (35 / 6,5 )** Newcastle til Liverpool (2011)

**David Villa (34 / 6,3)** Valencia til Barcelona (2010)

**Gianlugi Buffon (32,6 / 6,1)** Parma til Juventus



**Sá stærsti:** Ronaldo er dýrasti knattspyrnumaðurinn frá upphafi – og það met verður seint slegið.

### 10 dýrustu á Bretlandi

*(Milljónir punda / milljarðar kr.)*

**Fernando Torres (50 / 9,2)** Liverpool til Chelsea (2011)

**Andy Carroll (35 / 6,5 )** Newcastle til Liverpool (2011)

**Robinho (32,5 / 6)** Real Madrid til Man City (2008)

**Andrei Shevchenko (31 / 5,8)** AC Milan til Chelsea (2006)

**Dimitar Berbatov (30,8 / 5,7)** Tottenham til Man Utd (2008)

**Rio Ferdinand (29,1 / 5,4)** Leeds til Man Utd (2002)

**Juan Sebastian Veron (28,1 / 5,25)** Lazio til Man Utd (2001)

**Yaay Toure (28 / 5,2 )** Barcelona til Man City (2010)

**Wayne Rooney (27 / 5)** Everton til Man Utd (2004)

**Edin Dzeko (27 / 5)** Wolfsburg til Man City (2011)



**Ný viðmið:** Fernando Torres er dýrasti knattspyrnumaður Englands frá upphafi. Aldrei áður hafa ensk lið gert slíkan risasamning sín í milli.



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Fagnar hér marki með Chelsea. MYND/GETTY IMAGES

Eiður Smári hjá Fulham:

## Fær sitt gamla Chelsea-númer

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen mun spila í treyju númer 22 hjá Fulham sem er sama númer og hann spilaði með við góðan orðstír í sex ár hjá Chelsea frá 2000 til 2006. Eiður Smári lék í treyju númer 7 hjá Stoke alveg eins og hann gerði hjá Barcelona. Hann var hins vegar númer 9 hjá franska liðinu Mónakó.

„Vonandi tekst mér að koma fótboltaferlinum aftur í gang," sagði Eiður Smári í viðtali á heimasíðu Fulham. „Ég tel að það búi miklir hæfileikar í þessu liði og staðan í deildinni endurspeglar það ekki. Ég þekki Suður-London vel og það var því auðveld ákvörðun fyrir mig að fara til Fulham," sagði Eiður sem æfði í fyrsta sinn með Fulham í gærdag og verður með á móti Newcastle á Craven Cottage í kvöld. **- óój**



**GUNNAR HEIÐAR** Lék 26 leiki og skoraði 4 mörk fyrir Esbjerg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gunnar Heiðar Þorvaldsson:

## Laus allra mála hjá Esbjerg

**FÓTBOLTI** Gunnar Heiðar Þorvaldsson hefur komist að samkomulagi við danska liðið Esbjerg um starfslokasamning. Frá þessu er greint á heimasíðu félagsins. Gunnar hefur ekki fengið mörg tækifæri hjá Esbjerg.

Gunnar var á reynslu hjá skoska félaginu Hibernian á dögunum en hann fékk ekki samning. Hann var lánaður til Fredrikstad síðasta sumar og þar á undan var hann hjá Reading í stuttan tíma.

Gunnar, sem er 28 ára gamall, var markakóngur sænsku úrvalsdeildarinnar 2006 þegar hann var seldur til þýska liðsins Hannover 96. Þaðan var hann lánaður til Vålerenga í Noregi þar sem hann lék 16 leiki 2007-2008. **- seth**

Liðin átta í kvennakörfunni:

## Fimmtán erlendar stelpur

**KÖRFUBOLTI** Keflavík hefur bætt við sig serbneska bakverðinum Marinu Caran í Iceland Express-deild kvenna sem þýðir að fimmtán erlendir leikmenn spila núna í deildinni.

Öll átta lið deildarinnar eru nú með tvo erlenda leikmenn nema Íslandsmeistarar KR og Haukar sem létu bresku stelpuna Lauren Thomas-Johnsson fara á dögunum. Njarðvík er eina lið deildarinnar með þrjá erlenda leikmenn en öll hin þrjú liðin í b-deildinni eru með tvo. **- óój**

Wayne Rooney skoraði tvö mörk í 3-1 sigri Manchester United á Aston Villa:

## United, Chelsea og Arsenal unnu

**FÓTBOLTI** Það var engin breyting á toppi ensku úrvalsdeildarinnar í gærkvöldi þar sem Manchester United, Arsenal og Chelsea unnu öll sína leiki. Það tók Manchester United aðeins 50 sekúndur að komast yfir í 3-1 heimasigri á Aston Villa en bæði Chelsea og Arsenal þurftu að koma til baka í sínum leikjum, Chelsea vann 4-2 útisigur á Sunderland og Arsenal vann 2-1 heimasigur á Everton.

Wayne Rooney hafði aðeins skorað tvö mörk í fyrstu fjórtán deildarleikjum sínum á þessu tímabili en skoraði tvö mörk í fyrri hálfleik í gær. Rooney skoraði fyrra markið á fyrstu mínútu eftir langa aukaspyrnu markvarðarins Edwins van der Sar og það seinna í uppbótartíma fyrri hálfleiks eftir frábæra undirbúning frá Nani. Nemanja Vidic innsiglaði síðan sigurinn eftir sendingu Rooneys eftir að Darren Bent hafði minnkað muninn.

Miðverðirnir John Terry hjá Chelsea og Laurent Koscielny hjá Arsenal skoruðu báðir mikilvæg mörk í sigrum sinna liða en bæði lið voru að vinna sinn þriðja leik í röð í deildinni og eru áfram fimm stigum (Arsenal) og tíu stigum (Chelsea) á eftir toppliði Manchester United.



**LAURENT KOSCIELNY** Fagnar hér mikilvægu sigurmarki með félögum sínum. MYND/AP

Louis Saha var kolrangstæður þegar hann kom Everton í 1-0 á 24. mínútu en Andrei Arshavin kom inn á sem varamaður á 62. mínútu og var búinn að jafna leikinn eftir átta mínútur. Laurent Koscielny skoraði sigurmarkið með skalla úr markteignum eftir frábæra hornspyrnu frá Robin van Persie.

Phillip Bardsley kom Sunderland í 1-0 á 4. mínútu en Frank Lampard (víti) og Salomon Kalou komu Chelsea síðan í 2-1 áður en Kieran Richardson jafnaði metin með skoti beint úr aukaspyrnu. John Terry kom Chelsea yfir á 60. mínútu og það var síðan besti maður vallarsins, Nicolas Anelka, sem innsiglaði sigurinn í lokin. **- óój**



**RAGNAR JÓHANNSSON** Hefur leikið vel með Selfossi í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Markakóngsbaráttan í N1:

## Ragnar með 16 marka forskot

**HANDBOLTI** N1 deild karla í handbolta hefst aftur eftir HM-frí á morgun með heilli umferð. Selfyssingurinn Ragnar Jóhannsson skoraði 9,3 mörk að meðaltali í fyrstu 11 leikjunum og hefur 16 marka forskot á næsta mann **- óój**

### Markahæstu menn:

| | |
|---|---|
| 1. Ragnar Jóhannsson, Selfoss | 102 |
| 2. Ólafur Bjarki Ragnarsson, HK | 86 |
| 3. Bjarni Fritzson, Akureyri | 84 |
| 4. Einar Rafn Eiðsson, Fram | 79 |
| 5. Ólafur Andrés Guðmundsson, FH | 74 |
| 6. Bjarki Már Elísson, HK | 70 |
| 7. Ásbjörn Friðriksson, FH | 69 |
| 8. Bjarni Aron Þórðarson, Afturelding | 69 |
| 9. Björgvin Þór Hólmgeirsson, Haukar | 66 |
| 10. Atli Ævar Ingólfsson, HK | 63 |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT+ SPORT3 SPORT4 SPORT5
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **Diane Lane**

„Bandaríkjamenn eru eins og Pac Man. Við borðum leið okkar í gegnum daginn. Það er alltaf eitthvað að gerast í munninum á okkur.“

***Diane Lane leikur konu sem berst við eiturlyfjafíkn og á erfitt með að tengjast syni sínum í kvikmyndinni Fierce People sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON OG LAUNAHÆSTI SJÓNVARPSLEIKARA BANDARÍKJANNA

# *Ófreskjurnar Joseph Fritzl og Charlie Sheen*

Charlie Sheen er búinn að vera í ruglinu síðustu daga. Hann komst í fréttirnar í síðustu viku þegar hann var fluttur skellihlæjandi á sjúkrahús eftir allt of langt kókaínknúið partí með klámmyndaleikkonum. Í partíinu viðraði hann hugmyndir sínar um að stofna sérstaka klámfjölskyldu og var meira að segja búinn að leigja glæsilegt hús undir *fjölskyldumeðlimina*. Þá skrifaði hann ávísun upp á 30.000 dollara handa einni vinkonunni. Ástæðan? Af því bara. Og svo lofaði hann að kaupa Bentley-lúxusbíla handa öðrum vinkonum sínum.

Fréttirnar staðfestu aðeins eitt: Charlie Sheen vinnur við að leika sjálfan sig í þáttunum Two and a Half Men sem Stöð 2 sýnir á hverju virku kvöldi. Þættirnir eru vinsælir, en um 12-14



prósent þjóðarinnar setjast niður eftir erfiðan vinnudag og fylgjast með eftirlætisþætti ófreskjunnar Josef Fritzl. Kaldhæðni örlaganna hefur hagað hlutunum þannig að þættirnir fjalla um lífshlaup ófreskjunnar Charlie, sem á það til í raunveruleikanum að berja kærusturnar sínar – þegar hann er ekki að dæla í þær peningum og lúxusbílum. Hann telur eflaust tilganginn helga meðalið. Eða eitthvað svoleiðis.

Að leika sjálfan sig getur reynst erfitt, eins og líf Charlie Sheen utan vinnunnar sannar. Hann getur þó huggað sig við það að hann er launahæsti sjónvarpsleikari Bandaríkjanna – þénar rúmar 140 milljónir króna fyrir hvern þátt af Two and a Half Men. Ef Logi Bergmann væri að skrifa þennan pistil myndi hann örugglega enda hann á orðunum: „Hvað er það?“

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Einu sinni var...lífið** (19:26)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (19:42)
**18.30 Gló magnaða** (18:19)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Lögin í söngvakeppninni** Kynnt verða lögin sem komust áfram í Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardagskvöld.
**20.20 Læknamiðstöðin** (40:53) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Arkitektar breytinga - Ekkert tapast - Ekkert tapast** (2:2) Bresk heimildamynd úr flokki sem heitir Arkitektar breytinga. Hér er fjallað um endurvinnslu á sorpi og sagt frá frumkvöðlum á því sviði.
**23.10 Reykjavíkurleikarnir** (e)
**00.10 Landinn** (e)
**00.40 Kastljós**
**01.10 Fréttir**
**01.20 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Beverly Hills Cop**
**10.00 The Bucket List**
**12.00 Gosi**
**14.00 Beverly Hills Cop**
**16.00 The Bucket List**
**18.00 Gosi**
**20.00 Fierce People**
**22.00 Lonely Hearts**
**00.00 Cronicle of an Escape**
**02.00 See No Evil**
**04.00 Lonely Hearts**
**06.00 Ask the Dust**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (1:22)
**11.00 Cold Case** (3:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (14:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Pretty Little Liars** (10:22)
**13.50 Gossip Girl** (1:22)
**14.40 E.R.** (14:22)
**15.30 iCarly** (23:25)
**15.53 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (17:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (11:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (8:23)
**20.10 Pretty Little Liars** (12:22) Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**20.55 Grey's Anatomy** (11:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**21.40 Five Days II** Fyrri hluti spennandi og vandaðrar framhaldsmyndar frá HBO og BBC. Rannsókn lögreglunnar á sjálfsmorði tekur óvænta stefnu og grunur vaknar um að morð hafi verið framið.
**23.20 Sex and the City** (17:18)
**23.50 Mannasiðir Gillz**
**00.20 NCIS: Los Angeles** (23:24)
**01.05 Fringe** (1:22)
**01.50 Life on Mars** (9:17)
**02.35 Into the Wild**
**05.00 Grey's Anatomy** (11:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Everton - Chelsea** Útsending frá leik Everton og Chelsea í 4. umferð FA-bikarkeppninnar.
**19.45 Ensku bikarmörkin** Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).
**20.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**22.00 Ísland - Ungverjaland** Útsending frá leik Íslands og Ungverjalands í HM í B-riðli.
**23.25 Samantekt** Þorsteinn J. og gestir hans fara yfir gang mála á HM í handbolta í Svíþjóð.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Arsenal - Everton** Útsending frá leik Arsenal og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**14.35 Man. Utd. - Aston Villa** Útsending frá leik Manchester United og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Sunderland - Chelsea** Útsending frá leik Sunderland og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**18.05 WBA - Wigan** Útsending frá leik West Bromwich Albion og Wigan Athletic í ensku úrvalsdeildinni.
**19.50 Liverpool - Stoke** Bein útsending frá leik Liverpool og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Blackpool - West Ham** Útsending frá leik Blackpool og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**23.45 Fulham - Newcastle** Útsending frá leik Fulham og Newcastle United í ensku úrvalsdeildinni.
**01.30 Blackburn - Tottenham** Útsending frá leik Blackburn Rovers og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Dr. Phil**
**17.45 How To Look Good Naked** (11:12) (e)
**18.35 America's Funniest Home Videos** (28:50) (e)
**19.00 Judging Amy** (7:22)
**19.45 Will & Grace** (12:22) Endursýningar á hinum frábæru gamanþáttum.
**20.10 Married Single Other** (5:6) Vandaðir breskir þættir í sex hlutum úr smiðju ITV sem fjalla um þrjú pör.
**21.00 Blue Bloods - NÝTT!** (1:22) Ný þáttarröð frá framleiðendum Sopranos fjölskyldunnar með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagans, lögreglustjóra New York borgar. Synir hans tveir, Danny og Jamie starfa í lögreglunni á meðan dóttirinn Erin er aðstoðarsaksóknari. Í þessum fyrsta þætti er níu ára stúlka numin á brott á háannatíma og Danny Reagan lendir undir smásjánni fyrir að beita grunaðan mann grófu ofbeldi.
**21.50 The L Word** (7:8) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 CSI: Miami** (17:24) (e)
**00.15 Harper's Island** (5:13) (e)
**00.55 Will & Grace** (12:22) (e)
**01.15 Blue Bloods** (1:22) (e)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR***GOLF***

**08.45 Farmers Insurance Open** (2:4)
**11.45 Golfing World**
**12.35 Golfing World**
**13.25 Farmers Insurance Open** (2:4)
**16.25 Ryder Cup Official Film** 2010
**17.40 Golfing World**
**18.30 LPGA Highlights** (6:10) Vikulegur þáttur með öllu því besta í kvennagolfinu.
**19.50 ETP Review of the Year 2010** (1:1)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (1:25)
**21.35 Inside the PGA Tour (5:42)**
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (4:45)

## EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (12:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum: lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (10:24) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.
**22.15 Chuck** (12:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**23.00 Burn Notice** (7:16)
**23.45 Daily Show: Global Edition**
**00.10 Falcon Crest** (12:28)
**01.00 The Doctors**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**19.00 Fróðleiksmolinn**
**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Gamli blaðamaðurinn fer á kostum.
**20.30 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
**21.00 Harpix í hárið** Öðruvísi þáttur um handbolta.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur eru bara snillingar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





# Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar Þýskalandi í 108 ár.
Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

- Íslenskt stjórnborð
- Stórt hurðarop
- Íslenskar leiðbeiningar
- 20 ára ending



**Care Collection** þvottaefni, sérstaklega framleitt fyrir Miele þvottavélar

**Farðu alla leið og sparaðu með Miele**

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.40**

**Five Days II**

Hörkuspennandi bresk framhaldsmynd. Kona fellur fyrir lest og ungabarn er skilið eftir skammt frá. Lögreglan er viss um að tengsl séu á milli þessara tveggja atburða en málið reynist flóknara en það virðist í fyrstu og ljóst að margir búa yfir ljótum leyndarmálum. Seinni hluti er á dagskrá annað kvöld.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Aldarspegill í útvarpi **14.03** Ástir gömlu meistaranna: Franz Schubert **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Hnignun **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**10.50** EastEnders **11.20** Doctor Who **12.10** Deal or No Deal **12.45** Deal or No Deal **13.20** Whose Line Is It Anyway? **13.45** Whose Line Is It Anyway? **14.10** Only Fools and Horses **15.00** Doctor Who **15.50** Doctor Who **16.35** New Tricks **17.30** Deal or No Deal **18.05** Deal or No Deal **18.40** Only Fools and Horses **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** Last of the Summer Wine **20.30** Monarch of the Glen **21.20** Catterick **21.55** Whose Line Is It Anyway? **22.20** Whose Line Is It Anyway? **22.45** New Tricks **23.40** EastEnders

## DR 1

**11.10** Horisont **11.30** Fra Ebeltoft til Kilimanjaro **12.30** Erik den Rødes saga **13.00** Solens mad **13.30** Blod, sved og T-shirts **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Kasper & Lise **15.30** Lille Nørd **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Kender du typen **19.30** Undercover chef **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Irene Huss: Glasdjævlen **22.30** Robin Hood

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Ut i naturen **13.35** Perspektiv. Og nå. Reklame! **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Snøballkrigen **15.50** Filmavisen **16.00** NRK nyheter **16.10** Ja, vi elsker **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** FBI **19.15** Jordmødrene **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Nasjonalgalleriet **22.45** Snøballkrigen **23.25** The Pacific

## SVT 1

**09.30** Gomorron Sverige **10.15** Fråga doktorn **11.00** Rapport **11.05** Klass 9A **11.35** Dom kallar oss artister **12.05** Främmande hamn **13.30** Bröderna Haapala **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Notes From the Underbelly **15.30** På spåret **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Kören **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.35** En idiot på resa **23.20** Gynekologen i Askim




Aumir og stífir vöðvar?



Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í mjóbaki, öxlum og vöðvum




Nýtt lok!
Auðvelt að opna

Voltaren
NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

***Fæst án lyfseðils***

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og í iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt Cheerios á morgnana, einn banana, appelsínusafa og svo blanda ég mér oft skyrdrykk. Maður er orðinn vanur þannig að þetta tekur ekkert allt of langan tíma.“*

Oddur Gretarsson, landsliðsmaður í handbolta.

# Íslenskur framleiðandi sópar til sín stjörnum

Eva Maria Daniels, íslenskur kvikmyndaframleiðandi í Hollywood, hefur fengið Veru Farmiga til að leika aðalhlutverkið í kvikmynd sinni, Goats. Farmiga var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir tveimur árum en hún þótti fara á kostum í Jason Reitman myndinni Up in the Air. Hún hefur þar að auki leikið í kvikmyndum á borð við The Departed. Eva Maria hefur jafnframt klófest X-Files leikarann David Duchovny og Will Arnett auk Minnie Driver sem er þekkt fyrir leik sinn í Grosse Pointe Blank, Good Will Hunting og fjölda annarra mynda.

Upphaflega stóð til að Rooney Mara færi með aðalhlutverkið í Goats en hún var síðar ráðin til að leika tölvuhakkarann Lisbeth Salander í amerísku útgáfunni af bókum Stieg Larsson. Hún neyddist því til að segja sig frá myndinni vegna anna á öðrum vígstöðvum enda er fastlega búist við því að Karlar sem hati konur verði einn af smellum þessa árs. Það stóð jafnframt til að Kevin Kline yrði meðal leikara en hann er einnig horfinn á braut.

Það vakti mikla athygli þegar Fréttablaðið greindi frá því að Eva Maria væri einn af framleiðendum kvikmyndarinnar Romantics sem skartaði Katie Holmes, eiginkonu Tom Cruise, í aðalhlutverki. Eva Maria hafði áður unnið með Sigur Rósar piltunum og getið sér gott orð fyrir störf innan kvikmyndageirans í London áður en hún settist að í Hollywood. - fgg



**STJÖRNUSTOÐ** Eva Maria Daniels, íslenskur framleiðandi í Hollywood, hefur fengið Veru Farmigu og David Duchovny til að leika í kvikmyndinni Goats sem hún framleiðir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tvær lífseigar íslenskar popphljómsveitir hafa verið bókaðar á þorrablót á Norðurlöndunum á næstunni. Fyrst spila **Addi Fannar** og félagar í Skítamóral á þorrablóti Íslendingafélagsins í Ósló um næstu helgi, þar sem Eiríkur Hauksson mun einnig stíga á svið, og helgina á eftir rifja Vinir vors og blóma upp gamla takta og spila á tveimur þorrablótum í Kaupmannahöfn og Óðinsvéum. Slagararnir sem þessar hljómsveitir hafa samið eru ófáir og ættu að falla vel í kramið hjá þeim fjölmörgu Íslendingum sem eru búsettir erlendis um þessar mundir.

Sjötti og næstsíðasti viðtalsþáttur Bubba Morthens við tenórinn **Kristján Jóhannsson** í Færibandinu á Rás 2 fór í loftið á mánudagskvöld. Hver þáttur er um tveggja klukkustunda langur og stefnir í að þetta framhaldsviðtal verði eitt það lengsta í Íslandssögunni, um fjórtán klukkustundir. Kristján hafði frá mörgu áhugaverðu að segja í þessum sjötta þætti, meðal annars kynnum sínum af hinum sáluga Luciano Pavarotti. Í lokin greindi tenórinn síðan frá endurkomu sinni í erlend óperuhús næsta haust og eru þrennir tónleikar fyrirhugaðir á Ítalíu, þar á meðal í Feneyjum. - fb



**Ert þú með viðskiptahugmynd?**

**Stofnun og rekstur fyrirtækja**

Námskeiðið hefst **5. mars 2011.**

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra

**Skötuselur** (roðlaus/beinlaus)
**1990** Kr./kg.
Siginn Fiskur frá Bolungarvík
Fiskréttir frá 990 kr.kg
**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755**

KÁRI STURLUSON: STJÓRI ICELAND AIRWAVES BEGGJA VEGNA BORÐS

# Gagnrýnir ÚTÓN fyrir að keppa við íslenska tónlist

„Mér finnst að fólk eigi að passa sig á að hafa þetta í lagi,“ segir tónleikahaldarinn Kári Sturluson.

Kári telur að Grímur Atlason sé beggja vegna borðs þegar kemur að störfum hans sem framkvæmdastjóri Iceland Airwaves og sjálfstæður tónleikahaldari. Grímur og Róbert Aron Magnússon koma að tónleikum bresku hljómsveitarinnar Hurts í Vodafone-höllinni í mars. Miðasala á tónleikana hófst 1. desember á síðasta ári, en þá var miðasala á tónleika Jónsa í Laugardalshöll, sem Kári skipulagði, í fullum gangi. Aðspurður segir Kári að um hagsmunaárekstra sé að ræða.

ÚTÓN, útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, tók yfir Iceland Airwaves-hátíðina á síðasta ári. ÚTÓN var styrkt af 19 opinberum stofnunum og sjóðum árið 2009, samkvæmt ársreikningi. Ársreikningur fyrir síðasta ár liggur ekki fyrir.

Í tölvupóstum sem Kári sendi Önnu Hildi Hildibrandsdóttur, framkvæmdastjóra ÚTÓN, ásamt áhrifamönnum innan tónlistarbransans og stjórnsýslunnar segir hann málið alvarlegt. Hann hvetur Önnu Hildi til að koma í veg fyrir að starfsfólk á vegum ÚTÓN standi í innflutningi á hljómsveitum í samkeppni við íslenskt tónlistarfólk og einkaaðila. „Mér finnst svona vinnubrögð rýra trúverðugleika ÚTÓN gagnvart íslensku tónlistarfólki,“ segir Kári.

Hann tengir komu Hurts í mars við Iceland Airwaves hátíðina sem hljómsveitin tróð upp á og leiðir að því líkur að Grímur Atlason hafi í krafti opinberrar stöðu sinnar sem framkvæmdastjóri Iceland Airwaves bókað tónleika Hurts. Grímur sé þannig að nýta opinber sambönd í tónleikahald sitt og Róberts Arons.

Í svari Önnu Hildar til Kára kemur meðal annars fram að Grímur hafi verið í hlutastarfi við Airwaves-hátíðina og því sé eðlilegt að hann sinni öðrum verkefnum til að hafa fullar tekjur. Kári vísaði loks málinu til stjórnar ÚTÓN.

Kári furðar sig á viðbrögðum Önnu Hildar. „Ég hefði haldið að fólk myndi reyna að halda ró um starfsemina með því að forðast árekstra,“ segir hann. „Þetta Hurts-dæmi er að mínu mati byrjunin á árekstrinum. Það er eðlilegt að það sé höggvið strax á það.“

Í svari stjórnar ÚTÓN til Kára kemur meðal annars fram að henni þyki ekkert óeðlilegt við störf Gríms. Þá er bent á að hann sé starfsmaður félags sem heitir I.A.Tónlistarhátíð, en það var sett á stofn af ÚTÓN til að reka Iceland Airwaves-hátíðina.

Anna Hildur vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu, að öðru leyti en með því sem kæmi fram í svari hennar til Kára.

atlifannar@frettabladid.is



**GAGNRÝNIR STÖRF ÚTÓN**

**Kári Sturluson** segir miðasöla á tónleika Hurts hafa verið í samkeppni við tónleika Jónsa í desember. Grímur Atlason kemur að tónleikum Hurts og tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves, sem Kári segir skapa hagsmunaárekstra. **Anna Hildur Hildibrandsdóttir**, framkvæmdastjóri ÚTÓN sem stofnaði félag um rekstur Airwaves, er ósammála Kára.

# Sædýrasafnið sett upp í París

Leikritið Sædýrasafnið, sem var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu árið 2008, verður sýnt í París á næstu dögum. Leikarahópurinn er nýkominn til Parísar og ætlar að dvelja þar í tíu daga. Stefnt er á sex til sjö sýningar á þeim tíma.

„Við vorum að mæta í gær [fyrradag] í skítakulda. Maður reynir að njóta þess að vera í París þegar maður á tíma aflögu en svo ætlum við að rifja upp þessa sýningu, sem við höfum ekki gert í átján mánuði,“ segir Björn Hlynur Haraldsson, einn leikaranna.

Höfundur Sædýrasafnsins er Marie Darrieussecq, sem er ein þekktasta skáldkona Frakklands.



**Í FRAKKLANDI** Leikhópurinn í Sædýrasafninu þegar sýningin var sett upp í Frakklandi árið 2009.

Eftir að sýningum lauk í Kassanum í Þjóðleikhúsinu var leikritið sýnt í ríkisleikhúsinu í Orléans í Frakklandi í maí 2009 og núna hefur rykið verið dustað af verkinu. Að sögn Björns Hlyns hefur uppsetning leikritsins vakið athygli í Frakklandi, bæði vegna höfundarins Darrieussecq og vegna aðkomu danshöfundanna Ernu Ómarsdóttur og Damiens Jalet sem eru kunn í Frakklandi, rétt eins og Barði Jóhannsson sem semur tónlistina.

Sædýrasafnið fjallar um tvær fjölskyldur sem neyðast til að dvelja saman við undarlegar aðstæður á sædýrasafni. Meðal annarra leikara í verkinu eru Elva Ósk Ólafsdóttir, Ívar Örn Sverrisson og Margrét Vilhjálmsdóttir. - fb


LAGERSALA
RÝMUM TIL Á LAGERNUM - KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
40-80%
afsláttur
aðeins í nokkra daga!
Mikið úrval af vetrarfatnaði, golffatnaði, útivistarfatnaði, softshell og super stretch peysum, barnafatnaði o.fl.
Verðdæmi verð áður verð nú
3 laga jakkar 37.990- 18.900-
3 laga buxur 37.990- 18.900-
Golfjakkar 19.990- 9.900-
Golfregnbuxur 22.990- 12.900-
Útivistarjakkar 24.990- 9.900-
Barnaúlpur 17.990- 7.900-
Skíðabuxur barna 13.990- 6.900-
Skíðaúlpur 2 laga 29.990- 14.900-
Skíðabuxur 22.990- 9.900-
Soft-shell barnapeysur 14.990- 2.900-
Barnagallar 11.990- 5.900-
Barnaregnjakkar 10.990- 4.900-
Regnbuxur 12.990- 4.900-
Soft-shell jakki 15.990 3.900-
OPNUNARTÍMAR
Miðvikudaginn 2. feb. kl. 12-20
Fimmtudaginn 3. feb. kl. 12-20
Föstudaginn 4. feb. kl. 12-20
Laugardaginn 5. feb. kl. 10-18
Sunnudaginn 6. feb kl. 11-18
Mánudaginn 7. feb. kl. 12-20
Þriðjudaginn 8. feb. kl. 12-20
Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is
ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**LÖGFRÓÐUR**
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík

LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík

logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Metáhorf á Eurovision

Samkvæmt bráðabirgðaráhorfstölum frá Ríkissjónvarpinu voru flestir Íslendingar hættir að hugsa um handbolta á laugardaginn síðasta og farnir að sinna hinu hugðarefninu sínu – Eurovision. Samkvæmt tölunum var 49 prósenta meðaláhorf, sem er mun meira en hefur verið síðastliðin tvö kvöld. Svona há tala er reyndar algeng þegar kemur að úrslitum Söngvakeppninnar en er ekki algeng á undankvöldum. Flutningur sex vina **Sigurjóns Brink**, sem féll frá skömmu fyrir keppni, á laginu hans Aftur heim vakti gríðarlega athygli og hefur hann sennilega ráðið miklu um áhorfið.



### Byrjar á nýrri bók

**Óskar Hrafn Þorvaldsson**, fréttastjóri Fréttatímans, gaf út sína fyrstu skáldsögu fyrir jól, glæpasöguna Martröð millanna. Bókin mæltist ágætlega fyrir. Höfundurinn sótti drjúgt í reynslubrunn sinn úr fréttamennskunni og ýmsar persónur drógu dám af þekktum athafnamönnum. Fréttastjórinn hefur þó ekki fullsvalað metnaði sínum sem rithöfundur því hann kvað vera í startholunum með nýja bók; annan reyfara sem stefnt er á að komi út fyrir næstu jól.



- fgg, bs

## Mest lesið VISIR.IS

1. Buddy Holly aflýst - Sjonni Brink lék söngvara sem dó ungur
2. Eitt versta vetrarveður í manna minnum skellur á vestan hafs
3. Vissi um andlát móður sinnar - fékk þó aldrei formlega staðfestingu
4. Öllum sagt upp á Læknavaktinni
5. Baulað á borgarstjórann





